



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

**Rétturinn og frelsið til að vera eins og
maður er**

Tengist kynverund frelsi og mannréttindum

Ritgerð til Mag.theol.-prófs í Guðfræði

Ása Laufey Sæmundsdóttir

Ágúst 2013

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Guðfræði- og trúarbragðafræðideild

**Rétturinn og frelsið til að vera eins og
maður er**

Tengist kynverund frelsi og mannréttindum

Ritgerð til Mag.theol.-prófs í Guðfræði

Ása Laufey Sæmundsdóttir

Kt.: 141279-5219

Leiðbeinandi: Sólveig Anna Bóasdóttir

Ágúst 2013

Efnisyfirlit

1 Inngangur	2
2 Hluti I	4
2.1 Kynverund í sögulegu samhengi.....	5
2.2 Kynverund.....	7
2.3 Kynverundarréttindi	10
<i>Yogyakarta-skýrslan</i>	11
<i>Borgaraleg kynverundarréttindi</i>	13
2.4 Kynheilsa	16
<i>WAS-skýrslan</i>	18
<i>Kynferðisleg ánægja</i>	21
2.5 Ályktanir	22
Hluti II	25
3 Mannréttindi	25
3.1 Skilgreining mannréttinda.....	25
3.2 Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna	26
<i>Frelsi, réttindi og mannhelgi</i>	27
3.3 Ályktanir	29
4 Frelsi	31
4.1 Frelsi og gríska borgríkið	31
4.2 Frelsið í guðfræðilegum skilningi	37
4.3 Frelsið í skilningi John Stuart Mills	40
4.4 Ályktanir	43
5 Réttlæti	45
5.1 Réttlætiskenning John Rawls.....	45
<i>Réttlætishugmynd Amartya Sen</i>	46
<i>Færnisnálgun – Martha Nussbaum</i>	49
5.2 Færnissköpun og mannþróun - Martha Nussbaum.....	50
5.3 Kynferði/kynlíf og samfélagslegt réttlæti – Martha Nussbaum.....	53
5.4 Ályktanir	57
6 Lokaniðurstöður	59
Heimildaskrá	62

1 Inngangur

Á vormisseri 2012 sat ég námskeið í siðfræði hjá dr. Sólveigu Önnu Bóasdóttur sem kallaðist *Kynverund, siðfræði og samfélag* og kennt var við Guðfræðideild Háskóla Íslands. Þar var kynverundarhugtakið notað bæði í orðræðu samtímans og sögulegu samhengi. Verkefni og umræður sem sköpuðust í kennslustundum í kringum námsefnið, bæði varðandi rétt og frelsi manneskjunnar til þess að vera hún sjálf og einnig varðandi samfélagslegar takmarkanir kynverundarinnar, hvöttu mig til að rannsaka þetta efni frekar. Kynverundarhugtakið (e. *sexuality*) telst ef til vill nýtt í orðræðu samtímans en hugtakið má nota í sögulegu samhengi til að rannsaka kynverundarrétt og frelsi manneskjunnar sem hefur í tímans rás verið takmörkum háð, meðal annars vegna þess að alþjóðasamfélagið hefur átt erfitt með að sleppa tókum af gömlum hefðum og gildum þar sem forræðishyggja hefur oft verið ríkjandi í persónulegum málefnum manneskjunnar, ekki síst kynverund hennar.

Markmið mitt með þessari ritgerð er að varpa ljósi á með hvaða móti kynverund tengist frelsi og mannréttindum eins og víða er haldið á lofti, og mikilvægi þess að sérhver manneskja fái að upplifa sig sem fullgildan þegn í samfélaginu, eins og hún er.

Í upphafi ritgerðarinnar verður kynverundarhugtakið rannsakað í sögulegu samhengi. Þá verður fjallað um skilgreiningar á sjálfu kynverundarhugtakinu. Á síðustu árum hafa stofnanir og samtök á sviði kynheilbrigðis og mannréttinda barist fyrir eflingu kynverundarréttinda þar sem markmiðið er að draga fram jákvæða þætti kynverundarinnar eins og rétt manneskjunnar til kynheilbrigðis sem felur meðal annars í sér rétt einstaklingsins til frelsis í kynlífi, friðhelgi og jafnræðis kynverundarinnar, tjáningu kynferðislegra tilfinninga og rétt til þess að njóta kynlífs, svo eitthvað sé nefnt. Alþjóðlegar skýrslur hafa verið gefnar út á síðustu árum varðandi þetta málefni og nokkrar þeirra verða gaumgæfðar í þessum hluta, til dæmis *Yogyakarta Principles* sem er alþjóðleg skýrsla um kynhneigð og kynvitund, *Sexual Health for the Millenium* og *Promotion of Sexual Health*, sem fjalla um eflingu kynheilbrigðis. Efling kynheilbrigðis er nauðsynlegur þáttur til að ná árangri í velferð og vellíðan allra manneskja eins og Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna grundvallast á. Allar skýrslurnar byggja á Mannréttindayfirlýsingunni um jafna kröfu allra til réttinda, virðingar og frelsis. Skýrslurnar hafa það markmið að varpa ljósi á þá baráttu sem á sér stað á alþjóðavettvangi um kynverundarréttindi einstaklingins þar sem unnið er að viðurkenningu og virðingu varðandi fjölbreytileika kynverundarinnar. Einnig eru þær settar fram í þeim tilgangi að auka fræðslu og umræðu til að útrýma fordómum gagnvart málefninu sem er að finna á alþjóðavettvangi.

Markmið þriðja kafla ritgerðarinnar er að útskýra skilgreiningar á mannréttindahugtakinu, hvað mannréttindi fela í sér og hvers vegna mannréttindasáttmálar eru nauðsynlegir. Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna er þekktasti alþjóðlegi sáttmálinn um mannréttindi sem jafnframt hefur verið leiðandi í eflingu mannréttinda á alþjóðagrundvelli. Nánar verður farið í uppbyggingu yfirlýsingarinnar og markmið hennar. Í fyrstu þremur greinum Mannréttindayfirlýsingarinnar er lögð áhersla á *frelsi, rétt og mannhelgi* sérhverrar manneskju en ég nýti mér greinar eftir Sólveigu Önnu Bóasdóttur, Vilhjálmi Árnason og Ólafi Páli Jónssoni til að útskýra nánar hvað þessi hugtök fela í sér í orðræðunni um mannréttindi og hvaða gildi þau hafa fyrir sérhverja manneskju.

Markmið fjórða kafla er að rannsaka nánar hugtakið *frelsi* í sögulegu samhengi þar sem varpað verður ljósi á hvernig hugtakið hefur þróast í heimspekilegum og guðfræðilegum kenningum í tímans rás, allt til okkar tíma. Hugmyndir um frelsi í borgríkjasamfélagi Forn-Grikkja verða skilgreindar en þar nýti ég mér rannsóknir Hönnuh Arendt og Mogens Herman Hansen, sem bæði hafa fjallað ítarlega um skilgreiningu frelsishugtaksins í forn-gríska borgríkjasamfélaginu. Í öðru lagi mun ég gaumgæfa guðfræðilegan skilning hugtaksins en Hannah Arendt hefur einnig rannsakað guðfræðilega þróun hugtaksins sem hún tengir meðal annars hugmyndafræði hugtaksins í Grikklandi til forna og rannsakar hvernig það mótaðist í guðfræðilegum kennisetningum kirkjunnar. Í þriðja lagi mun ég skoða frelsiskenningu John Stuart Mills en hugmyndir hans byggjast að stórum hluta til á lýðræðislegri hugmyndafræði sem gerir mikið úr hugmyndinni um rétt einstaklingsins til að *njóta frelsis og leita hamingjunnar*. Með því að draga fram frelsishugmyndir liðinna alda vonast ég til að varpa ljósi á þróun og mótun hugtaksins í nútímasamhengi, meðal annars í mannréttindabaráttu og mannréttindayfirlýsingum 20. aldarinnar.

Í fimmta kafla ritgerðarinnar verður hugtakið *réttlæti* rannsakað sem og réttlætiskenningar sem hafa verið settar fram í samtímanum. Fjallað verður stuttlega um réttlætiskenningu John Rawls (*Theory of Justice*) þar sem áhersla er lögð á réttindi manneskjunnar og réttláta skiptingu lífsgæða. Kenningin hefur haft mikil áhrif á stjórnspeki og réttlætiskenningar samtímans. Kenning Amartya Sen og Mörthu Nussbaum um færnisnálgunina byggist meðal annars á kenningu Rawls. Nálgunin tengir saman frelsi, færni einstaklingsins og samfélagslegt réttlæti en markmið kaflans er að rannsaka færnisnálgunina ítarlega í þeim tilgangi að varpa ljósi á framlag hennar til réttindabaráttu kynverundarinnar.

2 Hluti I.

Í þessum hluta verður byrjað á því að skoða sögulegt samhengi kynverundarinnar og þá þætti sem hafa haft áhrif á hefðir hennar og þróun, sérstaklega í vestrænum samfélögum. Kynlífsskilningur manneskjunnar hefur mótast í tímans rás, meðal annars af trúarbrögðum heimsins, fornum hefðum, viðhorfum og kenningum. Nútíma áhrifavaldar á sviði læknávisinda, sálfræði, kvenréttindabaráttu og jafnvel samanburðarránsókna trúarbragða hafa veitt nákvæmari skilning á starfssemi kynverundarinnar. Viðhorf til kynlífs breyttist stórfenglega á 20. öldinni. Það má þakka til dæmis, Freud og Jung sem komu fram með ný sjónarhorn til kynlífs og kynverundar manneskjunnar sem leiddi í ljós að flókið samspil tilfinninga og hegðunar manneskjunnar hafa áhrif á kynverundarþætti hennar. Einnig má nefna réttindabaráttu kvenna og samkynhneigðra upp úr sjöunda áratug síðustu aldar og síðast en ekki síst rannsóknarvinnu Foucault á samfélags- og menningarlegum áhrifaþáttum kynverundarinnar. Allir þessir þættir og meira til hafa haft mikil áhrif á breytt viðhorf og umræðu um kynverund manneskjunnar. Umræðan hefur lengst af verið um neikvæð kynverundarréttindi en núna leggja alþjóðlegar stofnanir á sviði kynverundar og kynheilbrigðis áherslu á jákvæða umræðu kynverundarréttinda.

Samtíma kynverundarumræðan felst að miklu leyti í viðurkenningu á fjölbreytileika kynverundar manneskjunnar og að engum sé mismunad vegna kynverundar sinnar heldur að allir njóti grundvallarmannréttinda og virðingar frá samfélaginu. Á síðustu árum hafa allmargar skýrslur komið út á alþjóðavettvangi sem snúa að kynverundarréttindum manneskjunnar og kynheilsu. Í þessum hluta verða nokkrar slíkar skýrslur gaumgæfðar, til dæmis „Kynheilsa fyrir árþúsundið“ (e. *Sexual Health for the Millenium*) sem gefin er út af WAS (*World Association of Sexual Health*) og Yogyakarta Principles sem er alþjóðleg skýrsla um kynhneigð og kynvitund. Einnig verður stuðst við aðrar skýrslur um þessi málefni eins og „Efling kynheilsunnar“ (e. *Promotion of Sexual Health*) sem gefin er út af Heilbrigðismálastofnun Bandaríkjanna, PAHO (*Pan American Health Organization*). Þessar skýrslur eru settar fram í þeim tilgangi að auka fræðslu og umræðu, sérstaklega innan stofnana og samtaka sem hafa þann tilgang að upplýsa almenning um réttindi þeirra og frelsi en einnig til að stuðla að því að þjóðir og ríki taki málefni kynverundarinnar upp til þess að byggja upp betra samfélag þar sem grundvallarmannréttindum einstaklingsins er haldið á lofti.

2.1 Kynverund í sögulegu samhengi

Í „*Sögu kynverundarinnar*“ (*Histoire de la sexualité*) eftir Michel Foucault¹ kemst Foucault að þeirri mikilvægu niðurstöðu að kynverund mannsins sé ekki eingöngu líffræðileg né sé hún óbreytanleg heldur hafi menning og samfélag mikil áhrif í ákvörðunum um hvað sé eftirsóknarvert í málefnum kynverundarinnar á hverjum tíma og hverju samfélagi fyrir sig. Í rannsóknum sínum horfði hann til viðhorfa samtímans til kynverundarinnar og tengsl þeirra við kynferðislegar venjur og viðhorf í samfélagi Forn-Grikkja. Foucault ályktaði sem svo að viðmiðanir okkar væru ekki eins algildar, eðlislægar né eins rótfasta í gömlum hefðum og áður hefur verið talið. Þessari ályktun til stuðnings segir hann að kynhneigð mannsins hafi ekki verið skilgreind sérstaklega í forn-grísku samfélagi. Þá var ekki heldur tekið tillit til siðferðilegra eða sálfræðilegra þátta í afstöðu manna til kynferðislegra langanna til annarra manneskja af sama eða gagnstæðu kyni, eins og gengur og gerist í dag.²

Í *Samdrykkjunni* eftir Platón er því lýst hvernig ást á milli tveggja karla var æðri en ást milli karls og konu. Það var borgaraleg skylda mannsins að eiga konu og börn en hin raunverulega ást var talin felast í andlegu sambandi eldri manna við yngri pilta en slík ást snerist um leitina að visku sem mátti öðlast í þeim samskiptum. Kynlíf með konu var ekki talið eins eftirsóknarvert meðal hærri stétta samfélagsins þar sem þær voru óæðri og kynferðislegar kenndir til þeirra því taldar óæðri.³ Holdleg ánægja var almennt viðurkennd þótt heimspekingar eins og Aristóteles brýndu fyrir mönnum mikilvægi hófsemi í nautnum og hvöttu til meinlætaliðnaðar.⁴ Hugmyndir Platóns um kynin hafa mótað skilning manna um hlutverk kynjanna í gegnum aldirnar og fram til okkar tíma, en þar hefur konan verið talin óæðri karlinum og sú afstaða hefur verið forsenda fyrir stigskiptingu kynjanna. Þessi hugmynd hefur tvímælalaust mótað kenningar kristinna hugsuða og hefða sem réttlætta misjafna stöðu kynjanna.⁵ Ágústínus kirkjufaðir⁶ var einn mesti áhrifavaldur í kennismíðum Vesturkirkjunnar í þessum málefnum. Í *Játningum* sínum (e. *Confessions*) skrifar hann á

¹ Michel Foucault (1926–1984) var franskur heimspekingur og eftir hann liggja þekkt verk bæði á sviði hugvísinda og félagsvísinda. *Saga kynverundarinnar* er þriggja binda verk sem fjalla um tengsl valds og þekkingar á þeim breytingum sem hafa orðið á eðli kynferðisins í samfélögum í gegnum aldirnar.

² Martha C. Nussbaum, *Sex and Social Justice*, New York: Oxford University Press, 1999, bls. 332.

³ Platón, *Samdrykkjan*, þýð. Eyjólfur Kjalar Emilsson, Reykjavík: Hið Íslenska bókmenntafélag, 2009, bls. 14.

⁴ Geoffrey Parrinder, *Sex in the World's Religions*, London: A Sheldon Press Book, 1980, bls. 204.

⁵ Sigríður Þorgeirsdóttir, „Hverjar eru hugmyndir Platóns um eðli og hlutverk karla og kvenna?“, *Vísindavefurinn*, 20.12.2002, sótt 28.8.2013 af <http://visindavefur.is/svar.php?id=2974>.

⁶ Heilagur Ágústínus frá Hippó í Norður-Afríku er talinn til kirkjufedranna. Hann fór ungur til Rómar þar sem hann lærði og kenndi mælskulist. Hann varð fyrir áhrifum nýplatonisma og í kjölfarið tók hann upp kristna trú og var síðar vígður til biskups í heimalandi sínu. Eftir hann liggja mörg verk, frægust þeirra eru *Játningarnar* (*Confessiones*) *Um ríkið Guðs* (*De Civitate Dei*) og *Um frjálstan vilja* (*De Libero Arbitrio*). Kenningar hans hafa verið áhrifamiklar í mótun hugmyndafræði vesturkirkjunnar.

persónulegan hátt um líf sitt áður en hann tók upp kristna trú, þar sem hann átti meðal annars unnustu til fimmtán ára⁷ og eignaðist með henni son.⁸ Ágústínus lýsir á opinskáan hátt því hvernig hann var á sínum yngri árum þjakaður af holdlegum þráum sem hann lét eftir sér og hvernig það lífernir mótaði kenningar hans, til dæmis til hjónabands og kynlífs.⁹ Þegar hann tók upp kristna trú sagði hann skilið við unnustu sína og tók upp meinlætunarfnað. Ágústínus trúði sterkt á erfðasyndina (e. *original sin*) sem kom til vegna falls mannsins og náðarval Guðs¹⁰ (*fyrirhugunarkenning Ágústínusar*).¹¹ Hann taldi erfðasyndina vera raunverulega tengda kynferðislegum tilfinningum þannig að kynferðislegar athafnir af hvers kyns toga væru taldar vera í eðli sínu af hinu illa og þar af leiðandi fæddust börn syndug, því þau erfðu syndina frá foreldrum sínum. Ágústínus taldi að ekki væri hægt að losna við hið illa eðli kynlífsins en innan hjónabands væri hægt að beina því í æskilegri farveg - þ.e.a.s. að stunda það í því skyni að fjölga mannkyninu en það taldi hann vera einu réttlætunalegu kynferðislegu athöfnina. Ánægjuna sem fólk hafði af kynlífi sagði hann stafa af syndugum losta sem væri illur í eðli sínu en hugmyndir hans áttu eftir að hafa mikil áhrif á kristna kynlífssiðfræði. Nánar verður vikið að kristinni túlkun og arfi Ágústínusar í fjórða kafla ritgerðarinnar. Þrátt fyrir stífar kenningar kirkjunnar hafa konur og karlar í gegnum aldirnar haldið áfram að daðra, elskast og giftast eins og fólk hefur gert frá upphafi mannkynssögunnar.¹²

Mikil breyting hefur orðið á umræðu um kynlíf og kynverund manneskjunnar í nútíma samhengi frá því sem var fyrir á öldum. Trúarbrögð heimsins eru enn mótuð að einhverju leyti af fornri arfleifð, kenningum og skoðunum en ríkjandi trúarbrögð í vestrænum samfélögum eins og gyðingdómur og kristni hafa þó mest verið undir áhrifum nýrrar þekkingar og skilnings á fjölbreytileika kynverundarinnar.¹³ Í upphafi 20. aldar breyttist margt í vestrænu samfélagi, ekki síst eftir fyrri og seinni heimsstyrjaldir. Breytingin var afsprengi þeirrar þróunar sem varð til þegar barátta kvenna fyrir jafnrétti og frelsi hófst. Staða konunnar var ekki lengur bundin við heimilið vegna þess að á stríðsárunum voru konur knúnar og hvattar til að fara út á vinnumarkaðinn. Þetta var nauðsynlegt bæði svo að atvinnustarfssemi héldi áfram með eðlilegum hætti og einnig vegna þess að konur þurftu nú einar að sjá fyrir heimilinu.

⁷ Elizabeth Clark, *St. Augustine on Marriage and Sexuality*, Washington, D.C: The Catholic University of America Press, 1996, bls. 4–5.

⁸ Sama rit, bls. 17.

⁹ Sama rit, bls. 4–5.

¹⁰ Geoffrey Parrinder, *Sex in the World's Religions*, bls. 222.

¹¹ Í stuttu máli byggist þessi kenning á því að allt mannkyn sé syndugt í eðli sínu en Guð velur fyrirfram þá sem hljóta náð hans og eru hólpnir en hinir fara til helvítis. Engin leið var að vita hver væri hólpinn heldur var það eingöngu náð Guðs og vilji sem ákvarð það.

¹² Geoffrey Parrinder, *Sex in the World's Religions*, bls. 223.

¹³ Sama rit, bls. 240.

Hlutverk kvenna í samfélaginu hafði þar með varanlega breyst. Frá því að „kynlífsbyltingin“ svokallaða, sem hófst á sjöunda áratug síðustu aldar hefur umræðan um kynverund manneskjunnar breyst mikið. Með kynlífsbyltingunni komu fram hreyfingar sem ögruðu hegðun og hefðbundum viðhorfum sem tengjast kynverundinni í hinum vestræna heimi. Frá árunum 1960-1980 börðust þessar hreyfingar fyrir jafnrétti og kynverundarfrelsi manneskjunnar. Á þessum tíma kom meðal annars getnaðarvarnarpillan á markaðinn sem breytti hugmyndum fólks til kynlífs. Pillan var táknið um það að konur höfðu fengið yfirráð yfir líkama sínum; þær höfðu val um að stunda kynlíf til ánægju en ekki aðeins til getnaðar.¹⁴

Allir þessir þættir hafa orðið til þess að breyta umræðunni um kynlíf. Það sem áður var talið „óeðlilegt“ og óæskilegt eins og kynlíf utan hjónabands, kynlíf til ánægju en ekki eingöngu til getnaðar svo einnig val konunnar til fóstureyðingar. Þetta ásamt réttindabaráttu samkynhneigðra varð til þess að breyta umræðunni um það sem sem skilgreint var sem eðlileg kynverund. Hugmyndin um að hver einstaklingur hefði frelsi til að velja og lifa samkvæmt sinni kynverund varð til og þar með hafði hugmyndafræði kynverundarinnar varanlega breyst.

2.2 Kynverund

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur sett fram heildræna skilgreiningu á hugtakinu kynverund (e. *sexuality*) sem er svohljóðandi: Kynverund á við um kjarna manneskjunnar sem felur í sér kynlífsathafnir, kyn, kynvitund, kyngervi, kynhneigð, erótík, tilfinningatengsl, ást og frjósemi. Hún er upplifuð eða tjáð í hugsunum, ímyndunaraflum, þráum, trú, viðhorfum, gildum, athöfnum, ástundun, hlutverkum og samböndum. Kynverund er samspil lífræðilegra, sálfræðilegra, samfélagslegra, efnahagslegra, menningarlegra, þjóðernislegra og trúarlegra/andlegra þátta. Kynverund getur falið í sér alla þessa þætti en þó þurfa þeir ekki allir að vera upplifaðir eða tjáðir. Á heildina litið upplifum við og tjáum kynverund okkar í öllu sem við erum, hvernig okkur líður, því sem við hugsum og gerum.¹⁵ Kynverund er ekki takmörkuð við líkamshluta eða drifkraft heldur þarf að skilja hugtakið sem óaðskiljanlega heild alls þess sem mótar okkur félagslega, efnahagslega og menningarlega.¹⁶

¹⁴ Sóley S. Bender, „Kynlífsheilbrigði: Frá þögn til þekkingar“, *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 4/2006, bls. 46–50, hér bls. 46.

¹⁵ Promotion of Sexual Health - Recommendations for Action, Antigua Guatemala: *Pan American Health Organization (PAHO)/ World Health Organization (WHO)/World Association of Sexology (WAS)*, 2000, bls. 6.

¹⁶ *Sex Politics – Reports from the Front lines*, Sexuality Policy Watch (SPW), 2007, bls. 12.

Sólveig Anna Bóasdóttir¹⁷ bendir á að með þessari skilgreiningu hugtaksins megi skilja það á víðari hátt en svo að skilgreiningin sé einangruð við kynlíf eða kynmök eins og oft er gert. Kynverund sé ekki það sama og kynmök og kynferðisleg fullnæging, sem þó er hluti kynverundar, heldur miklu meira en það. Kynverundarhugtakið, eins og það sé skilið í dag, er tilraun til að ná yfir bæði veru og vitund manneskjunnar sem og grundvallarþarfir hennar til að tengjast annarri manneskju í kynlífi, ást og nánd. Kynverund nær yfir bæði líkamlegt og andlegt heilbrigði. Heilbrigði er grundvallarmannréttindi allra og kynheilsa er hluti þeirra mannréttinda.¹⁸

Kynverundarhugtakið hefur löngum verið umdeilt umræðuefni og er það enn í dag þótt margir sigrar hafi unnist á síðustu árum og áratugum. Barátta femínískra hreyfinga- og kvennahreyfinga hafa skilað miklu í rannsóknnum á kynverundinni og þeim málefnum sem þarf að taka á til að efla kynverundarvellíðan og frelsi. Það má einnig segja um aðrar hreyfingar, svo sem hreyfingar samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transfólks (e. *transgender*).¹⁹ Framlög þessara hópa hafa hjálpað til við að móta skilning okkar á fjölbreytileika kynverundarinnar sem knýr samfélagið til að endurskoða og útvíkka „flokunarkerfi“ kynverundarinnar. Það nægir ekki aðeins að takmarka það við andstæðupörin karl – konu; gagnkynhneigð – samkynhneigð og eðlilegt – óeðlilegt.²⁰ Skortur

¹⁷ Sólveig Anna Bóasdóttir er með doktorspróf í guðfræðilegri siðfræði og er dósent í guðfræðilegri siðfræði við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands.

¹⁸ Sama rit, bls. 240.

¹⁹ Transgender er regnhlífhugtak sem notað er yfir margs konar kyngervi sem ekki falla undir hefðbundin kyngildi. Transgender á þannig bæði við kyngervi og kynvitund en er ótengt kynhneigð, þ.e. transgender einstaklingur getur verið gagnkynhneigður, samkynhneigður eða tvíkynhneigður. Transgender er afar vítt hugtak sem merkir í raun að einstaklingur „fer út fyrir“ (e. *transcend*) hefðbundin viðmið um karla og konur, þ.e. með klæðaburði, hegðun og jafnvel með mörgum og flóknum aðgerðum til að breyta sínu líffræðilega kyni í hið gagnstæða. Þar af leiðandi falla t.d. bæði klæðskiptingar, sem ekki vilja láta breyta kyni sínu, sem og þeir sem gangast undir fulla kynleiðréttingu undir hugtakið transgender. Sandra Lyngdorf, Kolbrún Birna Árdal, Erna Sif Jónsdóttir, Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, „Réttindi transgender fólks á Íslandi“, *Ritröð Mannréttindaskrifstofu Íslands*, rit nr. 9 2012, bls. 6. Sjá nánar: Sótt 28.8.2013 af <http://www.humanrights.is/media/greinar/rettindi-transfolks-bokin.pdf>.

²⁰ Í umræðunni um kynverund mannsins koma hugtökin „eðlilegt“ og „óeðlilegt“ oft fyrir og líklega þörf á því að skilgreina hugtökin betur. Hér miða ég við skýringu sem tekin er af Vísindavef Háskóla Íslands undir spurningunni „*Getur eitthvað verið eðlilegt án þess að eitthvað annað sé óeðlilegt?*“ Þessari spurningu er erfitt að svara meðal annars vegna þess að það er ekki fullljóst hvað orðin „eðlilegt“ og „óeðlilegt“ eiga að merkja nákvæmlega. Áður en við veltum því fyrir okkur hvort eitthvað geti verið eðlilegt án þess að eitthvað annað sé óeðlilegt er því við hæfi að íhuga aðeins merkingu orðanna. Í einum skilningi mætti segja að það sem er eðlilegt sé það sem er á einhvern hátt *náttúrulegt*. En það er einnig hægt að nota orðið um það sem er algengast. Við getum kallað þetta tölfræðilegan skilning orðanna. Hugsanlega er hinn náttúrulegi skilningur orðanna á endanum ekkert annað en tölfræðilegur skilningur. Það er að segja, við segjum að eitthvað sé náttúrulegt eða að það sé svona eða hinseginn af náttúrunnar hendi einfaldlega af því að þannig er það langofast. Í vissum skilningi gera hugtökin *eðlilegt* og *óeðlilegt* ráð hvort fyrir öðru en það er ekki þar með sagt að bæði hugtökin þurfi að eiga við um eitthvað sem er til. Sjálf hugmyndin um að eitthvað sé eðlilegt – hvort sem það er í náttúrulegum eða tölfræðilegum skilningi þess orðs – væri ekki skiljanleg ef við hefðum enga hugmynd um hvernig eitthvað þyrfti að vera til þess að teljast óeðlilegt. Geir Þ. Þórarinnsson. *Vísindavefurinn*, 14.7.2008, sótt 28.8.2013 af <http://visindavefur.is/svar.php?id=30883>.

á fjármagni hamlaði frekari rannsóknum á sviði kynverundar í mörg ár og afleiðingar þess komu sérstaklega í ljós þegar HIV-veiran greindist í upphafi 9. áratugar 20. aldar. Þá fór einnig umræðan um „frjálsar ástir“ 7. og 8. áratugarins í ákveðin baklás og í framhaldinu þróaðist umræða kynverundarinnar meira í átt að því að leggja áherslu á „kynheilsu“.²¹ Rannsóknarvinna sem gerð hefur verið vegna HIV/alnæmisfaraldsins (e. *aids*) hefur eflt rannsóknir og áætlanir á sviði kynverundarréttinda og kynheilsu. Það hefur skilað sér í aukinni þróun og skilningi kynverundarréttinda á síðustu árum og þykir orðið ljóst að kynverundina er ekki hægt að skilja frá samfélagslegum, pólitískum og efnahagslegum þáttum, þaðan sem hún er mótuð í né ræða hana án tilvísana til menningarlegra og hugmyndafræðilegrar umræðu sem gefur henni merkingu. Stærsta vandamál réttindabaráttu kynverundarinnar og kynheilsu er að hún er ólík eftir ríkjum, löndum og svæðum. Helstu baráttumálin eru að vinna gegn félagslegu ójafnrétti, fátækt, efnahagslegu arðráni, mismunun og niðurlægingu, kynþáttafordómum, kynjamisrétti, kúgun, útskúfun vegna þjóðernis, mismunun vegna aldurs eða vanmáttar einstaklings vegna fötlunar af einhverju tagi, svo dæmi séu nefnd. Kerfisbundið ofbeldi mótast innan samfélagsins og það hefur verið hlutverk kynverundarhreyfinga²² að benda á þessi vandamál til að geta vonandi upprætt þau að fullu í framtíðinni.²³

Eitt helsta áhersluatriði kvenréttindabaráttu síðustu aldar var að benda á valdaójafnvægi milli kynja og kynferðis. Bent var á að nauðsynlegt væri að jafna vald milli kynjanna og efla jafnframt vald einstaklingsins. Þannig væri mögulegt að vinna að mannréttindum allra sem og samfélagslegu réttlæti, hvort sem það tengdist HIV/alnæmisfaraldrinum, fóstureyðingum, kynferðislegri misnotkun eða ofbeldi, kynfæralímlestingum, mismunun eða útskúfun minnihlutahópa eða öðrum málefnum sem tengjast kynverund. Valdajafnvægi er lykilforsenda þess að stuðla að frelsi og réttlæti manneskjunnar. Grundvallaratriði í allri mannréttindabaráttu er hugmyndin um rétt allra til virðingar, manngildis, heilsuverndar, mannþróunar (e. *human development*) og frelsis. Alþjóðlegar mannréttindastofnanir sem berjast fyrir réttindum kynverundarinnar fagna þeim sigrum sem hafa unnist í kynverundarbaráttunni, sérstaklega þar sem frelsi kynverundarinnar hefur verið staðfest í

²¹ Sonia Corrêa, Rosalind Petchesky, Richard Parker, *Sexuality, Health and Human Rights*, New York: Routledge, 2008, bls. 1.

²² Hér er meðal annars átt við kvenréttindahreyfingar, heilbrigðissamtök- og heilbrigðisstofnanir, baráttusamtök samkynhneigðra, transfólks, tvíkynhneigðra svo dæmi séu nefnd.

²³ Sonia Corrêa, Rosalind Petchesky, Richard Parker, *Sexuality, Health and Human Rights*, bls. 3.

landslögum eða alþjóðlegum mannréttindaskýrslum, til dæmis skýrslum Sameinuðu þjóðanna og margvíslegra stofnana á þeirra vegum.²⁴

2.3 Kynverundarréttindi

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur sett fram eftirfarandi atriði sem kynverundarréttindi fela í sér: Rétt manneskjunnar að vera frjáls undan harðstjórn, mismunun og ofbeldi ásamt réttinum til að njóta bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu sem völ er á. Þau fela einnig í sér réttinn til að leita sér upplýsinga um kynverundina og fræðslu á því sviði sem og rétt til að ákveða eigin kynferðislega virkni og val á kynferðislegum félagamönnum, rétt til sjálfræðis í kynferðislegum samskiptum, samböndum og barneignum. Þessi atriði ásamt öðrum eru nánar útlístað í Yogyakarta-skýrslunni sem tekur sérstaklega fyrir hugtökin kynvitund og kynferði, sem nánar verður vikið að síðar í þessum hluta ritgerðarinnar. Það er ekki síður mikilvægt að viðurkenna rétt allra til að sækjast eftir fullnægjandi, öruggu og ánægjulegu kynlífi. Slík viðurkenning liggur í ábyrgð samfélagsins sem felst í því að virða rétt einstaklingsins til kynferðislegrar ánægju sem fylgir grundvallarréttindum hans til frelsis og virðingar.²⁵ Nánar verður vikið að rétti manneskjunnar til kynferðislegrar ánægju síðar í þessum hluta ritgerðarinnar.

Á síðustu árum hafa kynverundarréttindi manneskjunnar fengið aukinn meðbyr í mannréttindaumræðum þar sem þau eru talin sammannleg og ómissandi hluti af almennum mannréttindum manneskjunnar. Alheimssamtök um kynfræði (WAS) samþykktu ályktun árið 1999 um kynverundarréttindi (e. *sexual rights*) en í ályktuninni er alþjóðasamfélagið hvatt til að virða og viðurkenna kynverundarréttindi sem hluta mannréttinda. Tilgangur ályktunar WAS var að stuðla að bættri kynheilsu en einnig að minnka misrétti og ofbeldi með því að leggja fram ákveðin atriði sem mikilvægt er að hafa í huga í umræðunni um kynverundarréttindi sem almenn mannréttindi manneskjunnar. Þessi atriði eru:

²⁴ Sama rit, bls. 4.

²⁵ Sama rit, bls. 5.

Réttur til frelsis í kynlífi
Réttur til sjálfræðis, heiðarleika og öryggis andlegra og líkamlegra þátta kynverundar
Réttur til friðhelgi kynverundar
Réttur til jafnræðis kynverundar
Réttur til að njóta kynlífs
Réttur til tjáningar kynferðislegra tilfinninga
Réttur til frjálsrar ákvarðanatöku varðandi barneignir
Réttur til kynfræðslu sem byggir á vísindalegum rannsóknum
Réttur til alhliða fræðslu um kynverund
Réttur til kynheilbrigðisþjónustu.²⁶

Mannréttindaákvæði sem tengjast kynhneigð (e. *sexual orientation*) og kynvitund (e. *gender identity*) grundvallast á 17. gr. og 26 gr. alþjóðarsamnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnómáleg réttindi frá árinu 1966.²⁷ Vegna trúarlegra ástæðna eða menningarlegra fordóma hafa mörg ríki sem annars samþykkja og styðja mannréttindalög afneitað þeim ákvæðum sem tengjast kynhneigð og kynvitund á þeim grundvelli að þau heyri ekki til mannréttinda. Slíkum rökum hafna fjöldi alþjóða mannréttindasamtaka og stofnana sem berjast fyrir kynverundarréttindum án aðgreiningar og benda á að ef hægt er að útiloka grundvallarrétt ákveðinna hópa út frá trúarlegum eða menningarlegum ástæðum, standist meginregla um algildi mannréttindasáttmálans ekki.²⁸

Yogyakarta-skýrslan

Yogyakarta-skýrslan²⁹ byggir í meginatriðum á 1. og 2. grein Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna sem kveður á um frelsi alls fólks og jöfnuð til virðingar og réttlætis án þess að greinarmunur sé gerður á þeim vegna kynþáttar, litarháttar, trúarskoðana eða uppruna

²⁶ Sólveig Anna Bóasdóttir, „Kristinn mannskilningur - Kynverund – kynheilsa - kynverundarréttindi“, *Rit Röð Guðfræðistofnunar*, 24/2007, bls 237–254, hér bls 240–241.

²⁷ Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnómáleg réttindi (1966)

í 17. grein segir 1. Enginn skal þurfa að þola geðþótta- eða ólögsmæta röskun á einkalífi, fjölskyldu, heimili eða bréfaskiptum, né ólögsmætar árásir á heiður eða mannorð sitt.

2. Allir eiga rétt á lagavernd gegn slíkri röskun eða árásum.

26. gr. Allir eru jafnir fyrir lögnum og eiga rétt á sömu lagavernd án nokkurrar mismununar. Lögin skulu því í þessu skyni banna hvers konar mismunun og ábyrgjast öllum mönnum jafna og raunhæfa vernd gegn mismunun svo sem vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnómálastaða eða annarra skóðana, þjóðernisuppruna eða félagslegs uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna (Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnómáleg réttindi: *Mannréttindaskrifstofa Íslands*, sótt 28.8.2013 af <http://www.humanrights.is/log-og-samningar/mannrettindasamningar/sameinudu-tjodirnar/ccpr/>).

²⁸ *The Yogyakarta Principles – Principles on the Application of International Human Rights Law in Relation to Sexual Orientation and Gender Identity*, Yogyakarta, Indónesía, 2007, bls. 9.

²⁹ Yogyakarta skýrslan er verk 29 einstaklinga frá 25 mismunandi löndum, sem allir eru sérfróðir um mannréttindamál.

svo eitthvað sé nefnt.³⁰ Markmið skýrslunnar er að vekja samfélög til umhugsunar um ákvæði Mannréttindayfirlýsingarinnar og annarra alþjóðlegra mannréttindalaga um *að hver manneskja fæðist frjáls og jöfn öðrum í virðingu og réttindum* og það sé óháð kynhneigð eða kynvitund manneskjunnar vegna þess að það er mikilvægur hluti sérhvers einstaklings.³¹ Skýrslan er sett fram sem alþjóðlegar leiðbeiningar í 29 liðum er varða kynhneigð (e. *sexual orientation*) og kynvitund (e. *gender identity*). Sérstök áhersla er lögð á mannréttindi samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transfólks sem og þeirra sem eru af óræðu kyni (e. *intersexuality*). Áherslur skýrslunnar sýna jákvæða þróun í mannréttindabaráttu kynverundar og kynvitundar þar sem mikilvægi mannhelginna og kynverundar manneskjunnar, hver svo sem kynhneigð hennar er, á þeim forsendum að allir hafi þörf á því að mynda ástríki, tilfinningaleg og kynferðisleg tengsl við aðra manneskju af sama eða gagnstæðu kyni. Skýrsluhöfundar leggja fram tillögur til samfélagslegra úrbóta með tilliti til ólíkra menningarsamfélaga til að bæta úr því sem vantar upp á til að allar manneskjur njóti grundvallarmannréttinda.³²

Í skýrslunni eru tekin fyrir málefni er varða grundvallarmannréttindi manneskjunnar með það að markmiði að eyða fordómum sem einstaklingar líða fyrir vegna kynhneigðar og kynvitundar sinnar. Þá er einnig bent á að margar þjóðir og samfélög hafa tilhneigingu til að flokka málefni kynhneigðar og kynvitundar einstaklinga undir „staðlaðar hugmyndir“ sem ríkjandi eru í samfélaginu samkvæmt hefðbundnum lögum og reglum. Fordómar byggja oftast á þekkingarleysi gagnvart þeim einstaklingum sem passa ekki inn í staðlaðar hugmyndir og slíkt þekkingarleysi getur leitt til ofbeldis og/eða mismununar. Þar má til dæmis nefna brot á friðhelgi einkalífsins, brot á tjáningarfrelsi, dauðarefsingar, heiðursmorð, ólögmatar handtökur og fangelsisvist vegna kynhneigðar eða kynvitundar einstaklingsins.³³ Skýrsluhöfundar benda á að mörg samfélög byggi á siðferðilegum nálgunum *eðlishyggjunnar*³⁴ en ekki *mótunarhyggjunnar*.³⁵ Sjálfir vilja höfundar skýrslunnar nálgast

³⁰ Nánar verður vikið að Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna í þriðja kafla ritgerðarinnar.

³¹ *The Yogyakarta Principles*, bls. 6.

³² Sama rit, bls. 8.

³³ Sama rit, bls. 9.

³⁴ Eðlishyggja felur í sér þá hugmynd að kynin fæðist með ólíka skapgerð og eiginleika og talið að allir af sama kyni hafi sama eiginleika, t.d að konur séu umhyggjusamari og tilfinninganæmari en karlar en karlar séu árásgjarnir í eðli sínu. („Kyn og jafnrétti – upplýsingar fyrir ungt fólk - Eðlishyggja“, *Mennta- og menningarmálaráðuneytið*, 5.3.2010, sótt 28.8.2013 af http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Kynogjafnrretti-5_mars2010.pdf. bls 4.

³⁵ Mótunarhyggja felur í sér þá hugmynd að hver einstaklingur fæðist með ólíka skapgerð óháð kyni, mótunarhyggjan hafnar sem sagt hugmyndum eðlishyggjunnar um meðfædda eiginleika kynjanna en telur einstaklingin mótast af hugmyndum um karlmennsku og kvenleika sem eru við lýði hverju sinni. („Kyn og

mannréttindaákvæðin á víðari grundvelli og skoða kynverund mannsins í heild sinni. Þannig fjalla skýrsluhöfundar á virðingarverðan hátt um kynverund og leggja áherslu á nauðsyn þess að gefa kynverundarrétti sem undirliggjandi þætti mannréttinda gaum. Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna frá 1948 kveður á um að ekki skuli gerður greinarmunur á fólki vegna litarháttar, kynþáttar, trúar og uppruna og svo framvegis. Í Yogyakarta-skýrslunni er hins vegar tekin staðan á samfélaginu eins og hún er í dag þar sem fjölbreytileiki kynverundarinnar er áhersluatriði. Nefndin bendir á að ef ekki er gert ráð fyrir fjölbreytileika kynverundarinnar þá sé ekki hægt að fylgja eftir Mannréttindayfirlýsingunni, því einhverjir verði alltaf útundan.³⁶

Tilgangur skýrslunnar og siðferðilegar hugsjónir höfunda er að hver og einn fái notið almennra mannréttinda óháð kynhneigð eða kynvitund og að öll ríki framfylgi þessum meginreglum svo að koma megi í veg fyrir allan mismun. *Réttlæti, mannhelgi og virðing* er leiðarljós skýrsluhöfunda því Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna grundvallast á þeim atriðum. Allir eiga að vera jafnir frammi fyrir lögum og hver einstaklingur hefur rétt á að skilgreina sig á þann hátt sem hann kys. Enginn skal sæta refsingu eða eiga yfir höfði sér dauðadóm vegna kynvitundar eða kynhneigðar sinnar.³⁷

Borgaraleg kynverundarréttindi

Hugmyndir um kynverund og kynverundarréttindi eru frekar nýjar af nálinni en hafa sótt mikið fram, sérstaklega á síðustu árum. Diane Richardson³⁸ birti árið 2000 grein um þetta efni og ber hún titilinn „Constructing Sexual Citizenship: Theorizing Sexual Rights“. Þar er fjallað um borgaraleg kynverundarréttindi manneskjunnar með aðstoð hugtaksins kynverundarréttindi (e. *sexual rights*). Richardson varpar fram spurningum eins og hvernig réttindatungumál hafi verið notað til að setja fram kröfur í sambandi við kynverundina og hvað það merkir þegar við tölum um réttindi og skyldur í tengslum við kynverund. Hún bendir á mikilvægi þess að skilgreina kynverundarréttarhugtakið vegna þess að skortur á þeim réttindum endurspeglar ekki aðeins í fjölbreytileika kynverundarhugtaksins heldur einnig í þeirri staðreynd að það er engin ein samþykkt skilgreining á því hvað felst í borgaralegum réttindum sem byggjast á kynverund (e. *sexual citizenship*). Richardson bendir á að hugtakið

jafnrétti – upplýsingar fyrir ungt fólk - Mótunarhyggja“, *Mennta- og menningarmálaráðuneytið*, 5.3.2010, sótt 28.8.2013 af http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Kynogjafnrætti-5_mars2010.pdf. bls.6.

³⁶ *The Yogyakarta Principles*, bls. 9.

³⁷ Sama rit, bls. 16–17.

³⁸ Diane Richardson er prófessor á sviði þjóðfélagsfræði í Háskólanum í Newcastle í Englandi. Hún er nafnkunnugur fræðimaður á alþjóðavettvangi vegna rannsókna sinna og skrifa á sviði kynverundarfélagfræði. Hún hefur meðal annars skrifað um kynferðislega sjálfsvitund (e. *sexual identity*), þjóðfélagsfræðilegan skilning á HIV/alnæmisveirunni og greinargerðir um femíníska kynverund.

„kynverundarréttindi“ er umdeilt en jafnframt hafi notkun hugtaksins aukist í „kynverundar pólitík“ og því hafi þörfin fyrir gagnrýna greiningu á merkingu þess og gildi sem hugtaks aukist.³⁹

Richardson veltir fyrir sér hvað hugmyndin um borgaraleg kynverundarréttindi eða „sexual citizenship“ feli í sér en hún sér fyrir sér að kröfur um réttindi til kynferðislegrar iðkunar skiptist í þrjá hópa. Fyrsta krafan varðar samfélagslegt form varðandi það sem einstaklingurinn má og má ekki gera. Önnur krafan tengist réttinum til að njóta kynverundar en ekki eingöngu að vera þátttakandi, að eiga rétt á því að njóta kynlífs. Þriðja krafan er sjálfræði yfir eigin líkama. Þá bendir hún á að réttindi til kynverundar getur haft mismunandi merkingar eftir því hver á í hlut. Richardson segir að orðræðan um kynverundarréttindi hafi breyst á skömmum tíma ef hún er skoðuð í sögulegu samhengi, til dæmis hvað varðar rétt einstaklingsins til að njóta kynlífs og fá að upplifa eigin kynferðislegu langanir. Hugmyndir hennar um kynverundarréttindi og borgaraleg réttindi kynverundarinnar setur hún fram á eftirfarandi hátt:

1. Réttur til sjálfræðis þegar kemur að kynverund og fjölgun: Þetta felur það í sér að allir eigi rétt á upplýsingum er varða kynheilbrigði og kynverund. Að hafa sjálfræði yfir eigin líkama, að geta tekið upplýstar ákvarðanir um eigin líkama og heilsu. Þetta hefur meðal annars verið mikið baráttumál kvenréttindahreyfinga.
2. Sjálfið (e. *identity*): Hér fer Richardson yfir baráttuna í sögulegu samhengi, hvar hún byrjaði og hvernig hún stendur í dag, allt frá því að afnema lög sem banna samkynhneigð til þess að berjast fyrir rétti einstaklingsins að stunda ánægjulegt kynlíf. Þróunin færir nær því að fagna fjölbreytileikanum og viðurkenna hann og fjær því að þurfa að finna ástæðu til að skilgreina hvað sé eðlilegt og óeðlilegt þegar kemur að kynverund.
3. Réttur til sjálfsskilgreiningar: Að einstaklingurinn fái að vera eins og hann er og fái að njóta þess að þroska eigin kynverund án þess að skilgreina hana sérstaklega.
4. Réttur til sjálfs-tjáningar: Að fólk þurfi ekki að fara í feluleik með eigin kynverund. Það eru sjálfsögð réttindi að fá að vera eins og maður er hvort sem um er að ræða samkynhneigt fólk, transfólk, gagnkynhneigt fólk og svo framvegis. Einstaklingsréttindi, mannréttindi. Rétt til að þurfa ekki að skilgreina sig fyrir öðrum eða skilgreina sig innan hóps. Að mega vera það sem maður er fyrir sjálfum sér og öðrum.

³⁹ Diane Richardson, „Constructing sexual citizenship: theorizing sexual rights“, *Critical Social Policy*, 2000, bls. 105–135, hér bls. 105.

5. Réttur til sjálfsvitundar: Það eru sjálfsögð mannréttindi að fá að tjá sig og því ættu það að vera sjálfsögð réttindi að rannsaka kynverund sjálfs okkar. Það getur falið í sér réttinn til að þróa mismunandi kynferðisleg sjálf (e. *identity*) á óhindraðan hátt eða rétt okkar til sjálfskoðunar, skilgreina okkur sjálf og þekkja muninn á því að vera umborin eða meðtekin en það felur í sér samfélagslega viðurkenningu og umburðarlyndi. Réttur einstaklingsins til að upplifa sig sem fullgildan þegn í samfélaginu.⁴⁰
6. Sambönd: Borgaraleg réttindi eru oftast en ekki para-miðuð frekar en einstaklingsmiðuð og gengið er út frá gagnkynhneigð sem norminu. Þarna komum við inn á þörfina til að breyta lagaskilgreiningum og brjóta upp rammann sem samfélagið miðar út frá.
7. Réttur til samþykkis á kynferðislegri iðkun í persónulegum samböndum: Þetta snýr til dæmis að löglegum aldri til að mega stunda kynlíf. Þar gildir ekki jafnræði þegar kemur að kyni eða kynhneigð né er til alþjóðlegur staðall um lögaldur kynlífsiðkunar.
8. Réttur til að velja kynferðislegan féлага fyrir okkur sjálf: Hvort sem um er að ræða aðila af sama kyni eða gagnstæðu kyni, aðila af öðrum kynþætti og svo framvegis. Þetta á líka við um einstaklinga sem eru á einhvern hátt takmarkaðir vegna fötlunar.⁴¹
9. Réttur til að viðurkenna opinberlega kynferðislegt samband. Þetta varðar rétt til þess að fá opinberlega viðurkenningu á kynferðislegu sambandi. Hér má sem dæmi nefna baráttu samkynhneigðra fyrir því að fá að ganga í hjónaband. Í þessu felst ekki aðeins viðurkenning á sambandi heldur einnig lagaleg réttindi sem hjónabandið felur í sér varðandi erfðarrétt, tryggingamál og annað.⁴²

⁴⁰ Nýlega voru samþykkt lög í Kaliforníufylki Bandaríkjanna sem eiga að tryggja réttindi barna sem upplifa sig í röngum líkama. Löginn kveða á um að ungmennin geti valið sjálf hvort þau fari á kvenna- eða karlklósettið, eða hvort þau vilji stunda íþróttir með stelpum eða stráku. Kalifornía er fyrsta fylkið í Bandaríkjunum sem samþykkir slík lög. Sjá nánar frétt: „California law protects rights of transgender students“, *breska veffréttastofan* BBC 13.8.2013, sótt 28.8.2013 af <http://www.bbc.co.uk/news/world-us-canada-23677492>.

⁴¹ Nokkrar ritgerðir hafa verið skrifaðar um kynverund þroskahamlaðra á Íslandi. Sjá til dæmis námsritgerð á skemmuni: Súsanna Oddsdóttir, Viktoría Sigtryggsdóttir, „Við höfum sömu tilfinningar, þarfir og þrár“ – lífssögurannsókn um kynverund þroskahamlaðra ungmenna“, *Skemman*, 27.6.2011, sótt 28.8.2013 af <http://skemman.is/handle/1946/9505>.

⁴² Þróun lögleiðingar hjónabanda samkynhneigðra hefur sífellt aukist á síðustu árum. Hollendingar voru fyrstir til þess að staðfesta lög um hjónaband samkynhneigðra árið 2001. Sjá frétt: „Hinsegin hjónabönd um allan heim“, *veffréttastofa Morgunblaðsins* MBL 17.7.2013, sótt 28.8.2013 af http://www.mbl.is/frettir/erlent/2013/07/17/hinsegin_hjonabond_um_allan_heim/. Þann 17. júlí 2013 varð Bretland fimmtánda ríkið til að staðfesta frumvarp laga um rétt hinsegin fólks til hjónabands, óháð kynhneigð. Sjá frétt: Bretland: „Drottningin staðfesti hinsegin lög“, *veffréttastofa Morgunblaðsins* MBL 17.7.2013, sótt 28.8.2013 af http://www.mbl.is/frettir/erlent/2013/07/17/drottningin_stadfesti_hinsegin_log/. Tólf fylki Bandaríkjanna samþykkja hjónaband fólks af sama kyni. Þann 26. júní 2013 felldi hæstiréttur Bandaríkjanna úrskurð í tveimur málum sem ógilti skilgreiningu laga um hjónabands sem

Richardson kemst að þeirri niðurstöðu að hugmyndin um borgaraleg kynverundarréttindi og hugmyndafræði kynverundarréttinda sé enn áskorun sem þurfi að sigrast á því málefnið sé víðfeðmt og mörg sjónarhorn sem þarf að skoða, til dæmis sjónarhorn kvenréttindahreyfinga, samkynhneigðra, transfólks, fatlaðra, gagnkynhneigðra og svo framvegis. Stærsta vandamálið, að mati Richardson, er að samfélag okkar byggist upp á og er mótað af gagnkynhneigðum viðhorfum þar sem gengið er út frá því að gagnkynhneigð sé hið „eðlilega ástand“. Markmið greinarinnar er að benda á að kynverundarréttindi séu sjálfsgöð réttindi einstaklingsins vegna þeirra jákvæðu áhrifa sem manneskjan upplifir fáí hún að njóta þeirra.⁴³

2.4 Kynheilsa

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO), Heilbrigðismálastofnun Bandaríkjanna (PAHO) og Alheimssamtök um kynheilbrigði (WAS) fóru að leggja meiri áherslu á kynheilbrigði upp úr 1990 þegar ljóst var að kynverund manneskjunnar væri mikilvægur hluti mannhelgi hennar. Í kjölfarið voru lögð fram siðferðileg markmið um kynheilsu (e. *sexual health*).⁴⁴ Markmiðin tengjast því að kynheilsa tilheyri grundvallarréttindum manneskjunnar er varða bæði líkamlega og andlega heilsu.⁴⁵ Stofnanirnar ítreka að skilgreina megi kynheilsu á breiðan hátt, þar sem heilbrigði á ekki eingöngu við um líkamlega þætti manneskjunnar heldur einnig tilfinningalega, andlega og félagslega þætti hennar sem eru styrkjandi og gefandi fyrir persónuleika, tilfinningar og samskipti. Þessar áherslur má fyrst sjá í skýrslu WHO frá 1975 þar sem fram kemur að í ljósi nýrrar þekkingar megi sjá tengsl á milli vandamála kynverundar manneskjunnar (e. *human sexuality*) og afleiðingar þeirra varðandi velferð og heilsu fjölda fólks.⁴⁶ Í sömu skýrslu WHO kemur fram að grundvallaratriði kynheilbrigðis sé réttur einstaklingsins til upplýsinga um kynlíf og fá að njóta kynlífs.⁴⁷ Áherslan á kynferðislega ánægju sem grundvallarmannréttindi var þá ný af nálinni en á síðustu árum hefur meira vægi verið lagt í þetta atriði kynheilbrigðis, til dæmis í WAS-skýrslunni sem nánar verður vikið að í næsta kafla.

hjúskaparsáttmála karls og konu. Á þessum forsendum hefur samkynhneigðum hjónum verið neitað um ýmis réttindi sem gagnkynhneigð hjón njóta, til dæmis varðandi erfða- og lífeyrisrétt. Sjá frétt: Bandaríkin: „Hjónabönd samkynhneigðra í hæstarétti BNA“, *veffréttastofa Ríkisútvarpsins RÚV* 26.3.2013, sótt 28.8.2013 af <http://www.ruv.is/frett/hjonabond-samkynhneigdra-i-haestaretti-bna>

⁴³ Sjá nánar grein á vefnum: Sótt 28.8.2013 af <http://csp.sagepub.com/content/20/1/105.full.pdf+html>.

⁴⁴ Sólveig Anna Bóasdóttir, *Ást, kynlíf og hjónaband*. Reykjavík: Salka, 2008, bls. 117.

⁴⁵ Sólveig Anna Bóasdóttir, „Mannréttindi og heilsa“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 25/2007, bls 65–87, hér bls. 81.

⁴⁶ Sólveig Anna Bóasdóttir, „Kristinn mannskilningur - Kynverund – kynheilsa - kynverundarréttindi“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 24/2007, bls. 239.

⁴⁷ Sóley S. Bender, „Kynlífsheilbrigði: Frá þögn til þekkingar“, hér bls. 48.

Efning kynheilbrigðis (e. *Promotion of Sexual Health*) er skýrsla sem Heilbrigðismálastofnun Bandaríkjanna (e. *Pan American Health Organization*) gaf út árið 2000. Tilgangurinn með útgáfu skýrslunnar var að draga fram jákvæð réttindi kynverundarinnar og þrýsta á stjórnvöld og önnur félagasamtök að standa vörð um þau réttindi. Í skýrslunni kemur fram að kynheilsa sé órjúfanlegur hluti kynverundarinnar sem felur í sér að kynheilsa sé „stöðugt ferli sem felur í sér kynferðislega vellíðan á líkamlegu, andlegu og félagslegu sviði“. Kynheilsa kemur fram í frjálsri og ábyrgri tjáningu á kynferðislegri hæfni sem hlúir að samræmdri, persónulegri og samfélagslegri vellíðan sem auðgar einstaklinginn. Kynheilsa snýr ekki eingöngu að sjúkdómum, heilsubresti eða vanhæfni af einhverju tagi. Það er nauðsynlegt að viðhalda kynheilsu allra einstaklinga með því að viðurkenna og verja þá staðreynd að kynverundarréttindi séu fyrir alla.⁴⁸ Í PAHO-skýrslunni eru hugtök skilgreind sem tengjast kynheilsu og lýsa grundvallarþáttum sem sérhver manneskja hefur þörf fyrir til að njóta kynheilbrigðis. Eftirfarandi eru nokkur þeirra hugtaka sem skilgreind eru í skýrslunni:

Erótík er mannlegur hæfileiki til að upplifa huglæg viðbrögð sem valda kynferðislegri þrá, kynferðislegri örvun og fullnægingu, sem vanalega er skilgreind sem kynferðisleg ánægja.

Tilfinningatengsl er geta manneskjunnar til að mynda tengsl við aðrar manneskjur sem byggjast upp og er viðhaldið með tilfinningum. Ástin er dæmi um mjög æskileg tilfinningatengsl.

Kynvitund (e. *gender identity*) er skilgreining einstaklingsins á sjálfum sér, hvort sem einstaklingurinn er karlkyns, kvenkyns eða samsetning hvors tveggja. Kynvitund ákvarðar á hvaða hátt einstaklingar fá að upplifa kynvitund sína sem stuðlar að vellíðan hans.

Kynhneigð er samsetning tilfinningatengsla og erótík einstaklingsins sem vísar til kyns og kyngervis þess aðila sem er hluti af kynferðislegri ástundun. Kynhneigð getur birst í einni eða í samsetningu kynferðislegrar hegðunar, í hugsunum, ímyndunarafli og þrám.

Kynferðisleg sjálfsmynd (e. *sexual identity*) á við um kynvitund og kynhneigð einstaklings, hvernig einstaklingurinn skilgreinir sjálfan sig.

Kyngervi (e. *gender*) vísar til menningarlegra og félagslegra gilda, viðhorfa, hlutverka, ástundunar og einkenna sem byggjast á kynferði.

⁴⁸ *Promotion of Sexual Health*, bls. 6.

Kynlíf er tjáning á eigin kynverund þar sem erótískir þættir kynverundarinnar eru greinilegastir.⁴⁹

Kynheilbrigði er mikilvægur hluti sérhverrar manneskju og felur í sér samspil margra þátta í heilbrigði manneskjunnar eins og andlegra, líkamlegra, félagslegra og tilfinningalegra þátta. Kynheilbrigði tengist bæði kynlífsheilbrigði og frjósemisheilbrigði manneskjunnar. Frjósemisheilbrigði felst í því að stuðla að vellíðan fólks, verndun frjóseminnar, barneigna og takmörkun barneigna. Kynlífsheilbrigði felst í heilbrigðu kynlífi og þeim þáttum sem það varðar, til dæmis að einstaklingurinn njóti sín sem kynvera í kynferðislegu sambandi. Kynheilbrigði varðar tilfinningar, langanir og þörf manneskjunnar fyrir ást og nánd. Það felur í sér að hlúa að heilbrigðu kynlífi einstaklingsins þar sem megináhersla þarf ekki að vera á barneignir. Það þarf að leggja jafna áherslu á kynlífsheilbrigði manneskjunnar og frjósemisheilbrigði en aukin umræða hefur leitt til þess að meira jafnvægi hefur orðið á milli þessara tveggja mikilvægu þátta kynverundar manneskjunnar, þ.e.a.s. kynlífs og frjósemi. Áherslur þessara tveggja þátta kynheilbrigðis er mismunandi eftir löndum vegna ólíkra trúarlegra eða pólitískra ástæðna, mismunandi menningarheima eða þróunarstiga samfélaga. Frjósemisheilbrigði hefur í flestum menningarsamfélögum verið viðurkenndari þáttur kynheilbrigðis en kynlífsheilbrigði hefur lítið sem ekkert verið fjallað um nema að það eigi við um kynsjúkdóma eða óvelkomnar þunganir. Frá því WHO viðurkenndi að kynferðisleg ánægja væru grundvallar mannréttindi einstaklingsins hafa verið settar áætlanir á sviði kynfræða (e. *sexology*) þar sem áhersla er lögð á að kynlíf sé hluti af persónuleika sérhverrar manneskju, það telst til grunnþarfa manneskjunnar og er hluti af því að vera manneskja. Kynlíf felur í sér að manneskjan sé næm fyrir tilfinningum annarra, það nær yfir þörf manneskjunnar fyrir hlýju, nánd og ást. Kynlíf hefur áhrif á hugsanir, tilfinningar, samskipti og gjörðir.⁵⁰

WAS-skýrslan

Alheimssamtökin um kynheilbrigði (WAS)⁵¹ gáfu út skýrslu árið 2008 þar sem tilgreindar eru í átta liðum margþættar hliðar kynheilbrigðis sem allar tengjast og hafa það hlutverk að hlúa að þróun í mannlegu samfélagi (e. *human development*). Í yfirlýsingu skýrslunnar er fullyrt að það að stuðla að kynverundarheilsu sé nauðsynlegur þáttur til að ná árangri í velferð og

⁴⁹ Sama rit, bls. 7–8.

⁵⁰ Sóley S. Bender, „Kynlífsheilbrigði: Frá þögn til þekkingar“, bls. 48.

⁵¹ WAS (alheimssamtök um kynfræði) er alþjóðleg regnhlífar samtök kynfræðinga. Meðlimir WAS ná yfir meira en 100 stofnanir, samtaka og sjóða á sviði kynfræði. Samtökin voru stofnuð í Róm árið 1978 og aðalmarkmið þeirra er að efla kynheilsu fyrir alla með hjálp kynfræðinnar. Kynfræði (e. *sexology*) eru fræði um mannlega kynferðislega hegðun.

velliðan allra manna eins og Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna grundvallast á, réttlæti, mannhelgi og virðingu sérhverrar manneskju. Einstaklingar og samfélög sem búa við kynverundarréttindi upplifa velliðan kynverundarinnar og eru þar með í betri aðstöðu til að stuðla að því að útrýma einstaklingsbundinni- og samfélagslegri fátækt. Með því að hlúa að félagslegri ábyrgð og réttlátri félagslegri gagnvirkni mun kynheilbrigði eflast og þar með lífsgæði og uppbygging til friðsamlegs samfélags. Þetta eru atriði sem WAS-skýrslan leggur áherslu á og telur að sé mikilvægt að hafa í huga til að ná markmiðum þúsaldarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.⁵²

Tilgangur þúsaldarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna (e. *The Millenium Development Goals*)⁵³ er að finna lausnir á flóknum og aðkallandi samfélagsvandamálum sem steðja að á okkar tímum og jafnframt að hlúa að þróun í mannlegu samfélagi. Ef þúsaldarmarkmiðin eiga að nást þarf að skoða allar hliðar kynverundar manneskjunnar, til dæmis með því að efla varnir og fræðslu HIV-veirunnar til að minnka smitáhættu hennar. Einnig þurfa áætlanir um kynverundarheilsu að ná til þeirrar staðreyndar að þrá eftir nánd og ánægju er mikilvægur þáttur í mótun kynferðislegrar hegðunar. Skýrslan hvetur öll stjórnvöld, alþjóðlegar stofnanir, stofnanir og fyrirtæki í einkageiranum, háskólastofnanir og kynheilbrigðisfélagssamtök að mætast í því að efla kynheilbrigði sem ómissandi hluta þess að ná þúsaldarmarkmiðunum.⁵⁴

Átta atriði eru tekin sérstaklega fram í WAS-skýrslunni er varða kynheilbrigði sem eru:

1. Viðurkenning, trygging, verndun og stuðun að kynverundarréttindum fyrir alla. Kynverundarréttindi eru óaðskiljanlegur hluti mannréttinda og eru þar af leiðandi óbreytanleg og algild. Kynheilsa er óaðskiljanlegur hluti af réttinum til þess að njóta heilbrigðis. Kynheilsu er ekki hægt að ná né viðhalda án kynverundarréttinda fyrir alla.

⁵² *Sexual Health for the Millenium. A Declaration and Technical Document*, Minneapolis: World Association for Sexual Health (WAS), 2008, bls. 2.

⁵³ Þúsaldarmarkmiðin eru tímasett þannig að mælanlegur árangur ætti að sjást fyrir árið 2015. Ef allt gengur að óskum ættu markmiðin að nást á um 100 árum. Þúsaldarmarkmiðin eru eftirfarandi:

1. Eyða fátækt og hungri
2. Að öll börn njóti grunnskólamenntunar árið 2015
3. Vinna að jafnrétti kynjanna og styrkja frumkvæðisrétt kvenna
4. Lækka dánartíðni barna
5. Vinna að bættu heilsufari kvenna
6. Berjast gegn alnæmi, malarú og öðrum sjúkdómum sem ógna mannkyninu
7. Vinna að sjálfbærri þróun
8. Styrkja hnattræna samvinnu og þróun

⁵⁴ *Sexual Health for the Millenium*, bls. 2.

2. Kynheilsa krefst jafnréttis kynjanna, réttlætis og virðingar. Kynjatengt óréttlæti og valdaójafnvægi hindrar uppbyggilega mannlega gagnvirkni og hindrar að takmarki kynheilbrigðis verði náð.
3. Fordæma, berjast gegn og draga úr öllu kynferðislega tengdu ofbeldi. Kynheilsu verður ekki náð fyrr en fólk er laust undan niðurlægingu, mismunun, kynferðislegri misnotkun, kúgun og ofbeldi.
4. Tryggja almennan aðgang að alhliða kynverundarfræðslu og upplýsingum. Til þess að ná kynheilsu þurfa allir einstaklingar, unglingar meðtaldir, að hafa aðgang að alhliða kynverundarfræðslu og upplýsingum og þjónustu á sviði kynheilsu á öllum stigum lífsins.
5. Tryggja að frjósemisstofnanir viðurkenni mikilvægi kynheilsunnar. Ákvörðun um að fjölga mannkyninu er einn mikilvægasti þáttur kynverundarinnar, þegar þess er óskað eða það skipulagt. Það getur styrkt sambönd auk þess sem það getur veitt persónulega fullnægju. Kynheilsuhugtakið hefur margar víddir sem ná yfir fleira en fjölgun mannsins. Frjósemisstofnanir þurfa að setja áætlanir sem varða frjósemi, fjölgun og kynverund í víðara samhengi til að svara mismunandi hliðum kynverundar og kynheilsu á sem víðtækastan hátt.
6. Binda enda á og snúa við útbreiðslu á HIV/alnæmis og annarra kynsjúkdóma. Almennt aðgengi að leiðum til að hinda útbreiðslu eins og ráðgjöf og rannsóknir, umönnun og meðferð við HIV/alnæmi og öðrum kynsjúkdómum er ómissandi fyrir kynheilbrigði. Áætlanir um almennt aðgengi að slíkri þjónustu þarf að vera ofarlega í forgangsröðinni.
7. Taka afstöðu með, ávarpa og meðhöndla takmarkanir kynverundarinnar, eins og takmarkanir vegna fötlunar eða kvilla sem geta haft áhrif á lífsgæði. Það er mikilvægt að þekkja, hindra og meðhöndla slíkar takmarkanir kynverundarinnar.
8. Ná fram viðurkenningu á kynferðislegri ánægju sem hluta af heilbrænni heilsu og vellíðan. Kynheilsa snýr ekki bara að kynsjúkdómum. Réttur til kynferðislegrar ánægju ætti að vera viðurkenndur almennt og stuðlað að á alheimsvísu.⁵⁵

WAS-skýrslunefndin telur að til að ná þessum markmiðum sé nauðsynlegt að halda áætlunum um sjálfbæra þróun, bæði á alþjóðlegum og innanríkja vettvangi, í forgangi þar sem

⁵⁵ Sama rit, bls. 2–7.

ráðstafanir eru gerðar til þess að ávarpa kerfisbundnar og samfélagslegar hindranir en einnig til að hafa eftirlit með framförum markmiðanna.⁵⁶

Kynferðisleg ánægja

Ástæðan þess að í skýrslunni er lögð áhersla á kynferðislega ánægju er sú að alþjóðlegar heilbrigðisstofnanir- og samtök telja að það sé mikilvægt að viðurkenna þann þátt sem hluta kynheilbrigðis. Þau telja að of mikið sé gert af því að draga fram neikvæða umræðu kynverundarréttinda, eins og sjúkdóma og kynferðislegt- og kynbundið ofbeldi. Þess vegna er þörf á því að vekja athygli á jákvæðum kynverundarréttindum, eins og rétt einstaklingsins til kynferðislegrar ánægju á þeim forsendum meðal annars að ánægjulegt kynlíf veitir einstaklingnum vellíðan auk þess sem það eykur tilfinningalega og líkamlega nánd við aðra manneskju.⁵⁷ Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin tók stórt skref árið 1975 í að viðurkenna réttinn til kynferðislegrar ánægju sem grundvallarmannréttindi, sem felur í sér að kynheilbrigði nái yfir líffræðilegar, tilfinningalegar, fræðilegar og félagslegar hliðar kynverunnar, þar sem hún byggir upp persónuleika einstaklingsins, samskipti hans við aðra og getuna hans til að elska.⁵⁸ Erfitt hefur reynst að innleiða jákvæð réttindi kynheilbrigðis vegna þess að íhaldssamir aðilar, stofnanir og stjórnmalaflokkar vilja oft ýta umræðunni inn á viðurkenndari og „siðsamari“ brautir. Þess vegna er mikilvægt að alþjóðlegar heilbrigðisstofnanir- og samtök, almennar heilbrigðisstofnanir, stjórnvöld og aðrar almennar stofnanir veki athygli á breiðari hugmyndafræði um kynheilbrigði eins og til dæmis PAHO-skýrslan leggur áherslu á með því að ávarpa mikilvæg atriði sem hafa þarf í huga varðandi kynheilbrigði. Það má meðal annars nefna mikilvægi þess fyrir hverja manneskju að þekkja eigin líkama þegar kemur að kynferðislegri svörun og ánægju. Einnig að kynferðisleg sambönd séu iðkuð á öruggan og ábyrgan hátt sem byggist á heiðarleika, samþykki og að tillit sé tekið til gagnkvæmni ánægju beggja aðila.⁵⁹ Kannanir benda til þess að tengsl para sem bæði njóta kynlífs séu betri en annarra. Tilgangur kynferðislegrar ánægju er því ekki einungis til að fjölga mannkyninu heldur einnig að styrkja ástarsambönd sem og það umhverfi sem börn alast upp í með því að bæta og viðhalda sambandi foreldra sem án efa bætir hamingju og lífsgæði fjölskyldunnar allrar. Rannsóknir benda að kynlíf með öðrum eða sjálfsfróun eigi þátt í því að lengja líf fólks, styrkja ónæmiskerfið, minnka sársauka, bæta sjálfstraust og minnka

⁵⁶ Sama rit, bls. 8.

⁵⁷ Sama rit, bls. 133.

⁵⁸ Sama rit, bls. 134.

⁵⁹ Sama rit, bls. 140; sjá einnig: *Promotion of Sexual Health*, bls. 17.

streitu. Þessi atriði styðja þá ályktun að kynferðisleg ánægja sé nauðsynleg til að efla vellíðan, hamingju og heilsu manneskjunnar.⁶⁰

Í WAS-skýrslunni er einnig fjallað um þörfina fyrir innleiðingu kynfræðslu varðandi langanir og ánægju í kynlífi sem ætluð er ungmennum og þeim sem eru fatlaðir.⁶¹ Slík fræðsla ætti að stuðla að því að efla þá einstaklinga til kynferðislegrar fullnægju en slík fræðsla er ekki aðgengileg öllum þar hún er ekki til staðar á mörgum stöðum í heiminum. Sú kynfræðsla sem er aðgengileg ungu fólki sem og þeim sem eru fatlaðir er yfirleitt á neikvæðum nótum og áhersla er lögð á kynsjúkdóma og ótímabærar þunganir. Góð fræðsla felst í því að draga einnig fram jákvæðar hliðar kynlífsins sem felur í sér ánægjuna sem einstaklingurinn fær notið innan kynferðislegs sambands. Kynfræðsla fyrir hvaða þjóðfélagshópa sem er þarf að viðurkenna það að kynferðisleg ánægja og nánd er sterkur hvati fyrir kynferðislega hegðun og að ánægja í kynlífi eykur hamingju og vellíðan. Höfundar WAS-skýrslunnar telja nauðsynlegt að fagfólk sem sér um kynfræðslu leggi áherslu á jákvæðar hliðar kynlífs og hin jákvæðu kynverundarréttindi eins og rétt hverrar manneskju til að njóta kynlífs á sínum eigin forsendum á öllum skeiðum lífsins.⁶²

2.5 Ályktanir

Í tímans rás hefur ást og kynferðisleg þrá verið talin ógn við samfélagslega, pólitíska og trúarlega reglu. Þessar hugmyndir hafa verið við lýði allt til okkar tíma þar sem meðal annars trúarlegar stofnanir og læknávisindi hafa haft gríðarleg áhrif á samfélagslegar venjur kynheilbrigðis og kynferðislegs hátternis. Að einhverju leyti hafa þessar stofnanir tekið í arf og viðhaldið gömlum hefðum sem álíta kynferðislega þrá og ánægju hættulega. Af þessum sökum hefur aðal áhersla verið lögð á fjölgunarþátt kynverundarinnar með það að markmiði að hafa stjórn á kynferðislegu hátterni einstaklingsins – sérstaklega kynferðislega ástundun utan hjónabands, kynlíf sem leiðir ekki til fjölgunar, eins og sjálfsfróun eða kynlíf innan hjónabands með notkun getnaðarvarna. Þá hefur einnig verið litið niður á kynferðislega ánægju, sérstaklega hjá konum og samkynhneigðum.⁶³ Aukin þekking á margvíslegum og fjölbreyttum þáttum manneskjunnar og kynverundar hennar hafa breytt umræðunni um málefni kynlífs og kynverundar í nútímanum sem meðal annars hefur haft áhrif á trúarbrögð

⁶⁰ Sama rit, bls. 138–139.

⁶¹ Sjá ritgerð sem hefur verið skrifuð um rannsóknir á kynfræðslu þroskahamlaðra hér á landi: María Jónsdóttir, „Kynverund fólks með þroskahömlun: Rannsókn um kynfræðslu“, *Skemman*, 21.5. 2010, sótt 28.8.2013 af <http://skemman.is/item/view/1946/5359>.

⁶² *Sexual Health for the Millenium*, bls. 141.

⁶³ Sama rit, bls. 135–6.

og samfélagið allt, sérstaklega á vesturlöndum. Almenn umræða um kynverundarmál er opinberari og opnari en nokkurn tímann áður en því má meðal annars þakka baráttu kvenna fyrir frelsi frá gömlum hefðum og gildum á síðustu öld, sem og baráttu samkynhneigðra.

Í þessum hluta hefur verið bent á að kynferðisleg ánægja stuðli að hamingju einstaklingsins og vellíðan og sé þar af leiðandi eðlilegur hluti af þróun manneskjunnar og þróunar jákvæðrar sjálfsmyndar (e. *identity*) sem fólk öðlast í nánnum samböndum við aðra manneskju og þegar fólk er viðurkennt fyrir það sem það er. Til að draga upp raunsærri mynd af kynlífi og því sem felst í því að vera kynvera þarf að eiga sér stað umræða um bæði neikvæð og jákvæð kynverundarréttindi því heilbriggt kynlíf sem báðir aðilar njóta er hluti af hamingju og heilsu hvernar manneskju. Það er nauðsynlegt að leggja áherslu á jákvæðar hliðar kynverundar og kynheilbrigðis með því að beina sjónum að þeirri þekkingu sem rannsóknir á sviði kynverundar gefa okkur upplýsingar um. Meðal annars það að andlegt og líkamlegt heilbrigði haldast í hendur þegar manneskjan fær að lifa opinberlega í eigin skinni með eigin kynverund, það sem er ekki síður mikilvægt að manneskjan fái að njóta sín í kynferðislegu sambandi.

Réttur, mannhelgi og virðing eru grundvallar hugtök í mannréttindasáttmálum og yfirlýsingum, þessi hugtök eru einnig leiðarljós hjá höfundum WAS- og Yogyakartaskýrslunum og kemur fram í allri röksemdafærslu þeirra. Skýrslurnar taka á vandamálum sem tengjast kynverund og kynheilsu. Þær hafa það markmið að vera leiðandi og til leiðbeiningar á alþjóðagrundvelli í eflingu kynverundarréttinda sem vonandi leiðir til útrýmingar þekkingarleysis og fordóma. Margt hefur verið gert á síðustu árum til þess að stuðla að og tryggja kynverundarrétt fólks, þar sem jöfn virðing er borin fyrir öllum eins og hver manneskja á tilkall til. Þar má til dæmis nefna að lög hafa verið samþykkt og ákvæði í stjórnarskrám sem tryggir jafnan rétt allra og að fólk sé ekki mismunað vegna kynferðis, kynhneigðar og kynvitundar. Ofbeldi, fordómar, mismunun og jafnvel hatur í garð kynferðislegra minnihlutahópa hafa verið fyrirferðarmikil stef í umræðu kynverundarmálaflokksins. Þess vegna er mál að draga fram það jákvæða sem felur í sér umburðarlyndi og virðingu fyrir öllum manneskjum eins og Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna kveður á um. Þá má ekki gleyma rétti manneskjunnar til *frelsis* og *mannhelgi*, í því felst að sérhver manneskja fái að vera eins og hún er og fái að taka ákvarðanir um eigið líf. Þrá manneskjunnar til náinna tengsla, tilfinningalega og líkamlega, er hluti af kynverund hennar og mannréttindum, slík tengsl veita einstaklingnum ánægju og vellíðan, hvort sem einstaklingurinn leitar eftir því hjá öðrum af sama eða gagnstæðu kyni ætti ekki að skipta máli, heldur hlýtur það að teljast hagur bæði samfélags og einstaklings að hver

manneskja njóti ánægju og vellíðunar mannhelginnar. Kynverundarréttindi sem hluti af mannréttindum manneskjunnar, þetta eru áhersluatriði skýrslanna allra sem notaðar hafa verið í þessum hluta ritgerðarinnar. Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna hefur verið verkfæri alþjóðlegra stofnanna sem barist hafa fyrir kynverundarréttindum einstaklingsins eins og fram hefur komið. Markmið næsta kafla er að rannsaka hvað mannréttindi og sáttmálar um þau fela í sér.

Hluti II.

3 Mannréttindi

Eins og fram hefur komið eru kynverundarréttindi frekar nýleg í umræðunni um mannréttindi einstaklingsins og rétt hans og frelsi til kynverundar og kynheilbrigðis. Kynverundarhugtakið og kynheilbrigðishugtakið hafa verið skoðuð í fyrri hluta ritgerðarinnar ásamt útskýringum um hvað þau fela í sér og hvernig skýrslur á sviði kynverundar og kynheilbrigðis byggja á Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Markmið þessa hluta er að skoða hugmyndir og skilgreiningar mannréttindahugtaksins í ljósi Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna sem hefur verið leiðandi í vinnu að eflingu og virðingu mannréttinda á alþjóðagrundvelli. Einkum verður einblínt á þrjár fyrstu greinar hennar þar sem hugtökin frelsi, réttur og mannhelgi skipa stóran sess. Sólveig Anna Bóasdóttir, Vilhjálmur Árnason og Ólafur Páll Jónsson hafa öll skrifað um þessi hugtök og verða nálganir þeirra notaðar til að varpa ljósi á hvað hugtökin fela í sér í orðræðunni um mannréttindi.

3.1 Skilgreining mannréttinda

Samkvæmt skilgreiningum sem koma fram á heimasíðu Mannréttindaskrifstofu Íslands eru mannréttindi siðferðileg réttindi sem hver einstaklingur hefur rétt á að njóta. Þau réttindi fela í sér jafnrétti og virðingu alls fólks til verndar gegn hvers kyns ofbeldi, rétt til grundvallarþarfa eins og fæðis, húsaskjól, menntunar og heilsu. Mannréttindi eru án landamæra, þau eiga við um allar manneskjur, ná yfir alla hugmyndafræði, menningarhópa og trúarbrögð. Mannréttindi eiga að gefa fólki tækifæri til að þroska með sér eigin hæfileika og færni. Þannig á hver einstaklingur rétt til taka þátt í samfélaginu, leyfa skoðunum sínum að heyrast og að hlustað sé á hann. Mannréttindi fela í sér virðingu fyrir öðrum og fyrir sjálfum sér. Hver einstaklingur ber ábyrgð á því að ekki sé brotið á mannréttindum annarra einstaklinga. Ef brotið er á einum einstakling þá hefur það áhrif á allt samfélagið. Þannig eru mannréttindi aðeins eins sterk og vilji einstaklingsins er til að koma fram við náunga sinn af virðingu og jafnrétti.⁶⁴ Þessi skilgreining felur í sér siðferðilegan skilning mannréttinda en spurningin um hvað mannréttindi séu má setja fram í eftirfarandi þremur skilgreiningum:

⁶⁴ „Hvað eru mannréttindi?“, *Mannréttindaskrifstofa Íslands*, 3.7.2013, sótt 28.8.2013 af <http://www.humanrights.is/spurt-og-svarad/hvad-eru-mannrettindi/>.

Lagalegur skilningur: Réttindi sem eru skilgreind í réttindaskrá og alþjóðasamþykktum, til dæmis í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.

Pólítískur skilningur: Réttindi sem talið er æskilegt að tryggja fólki hvort sem þau eru nefnd í alþjóðasamþykktum eða ekki.

Siðferðilegur skilningur: Réttindi sem allir menn hafa óháð staðbundnum kringumstæðum eins og samfélagsgerð eða efnahag.

Lagalegur skilningur mannréttinda á að tryggja að hópar og einstaklingar njóti grundvallarréttinda og mannvirðingar. Sá lagarammi sem mannréttindayfirlýsingar setja fram eiga að vera til viðmiðunar ef upp kemur sú staða að ríki eða stjórnvöld þess brjóti á mannréttindum borgara sinna, hópsins eða einstaklingsins en í þeim tilfellum getur alþjóðasamfélagið gripið inn í. Lagalegi skilningur mannréttinda byggir á grunni *pólítíks* og *siðferðilegs* skilnings þeirra og þess vegna hafa þessar þrjár skilgreiningar víxlverkandi áhrif hver á aðra.⁶⁵ Mannréttindasamningar og yfirlýsingar hafa þann tilgang að stuðla að því að hver einstaklingur njóti mannréttinda og í sumum tilfellum hafa slíkir samningar lagalegt gildi til verndunar mannréttinda. Mannréttindasamningar eru samningar á milli ríkja sem gerðir hafa verið á vegum Sameinuðu þjóðanna eða ríkja á afmörkuðum svæðum. Slíkir samningar eru bindandi að þjóðarrétti fyrir þau ríki sem hafa samþykkt þá og ýmsar nefndir og dómstólar fylgja því eftir að aðildarríkin standi við skuldbindingar samninganna. Hins vegar eru mannréttindayfirlýsingar ekki bindandi að þjóðarrétti heldur eru þær eingöngu viljayfirlýsingar þeirra ríkja sem hafa samþykkt þær. Margir telja þó Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna bindandi að þjóðarrétti vegna þess að svo oft hefur verið vísað til hennar af leiðtogum þjóða heimsins og þar með hafi hún öðlast vægi réttarvenju.⁶⁶

3.2 Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna

Hugmyndir um mannréttindi hafa þróast með mannum í langan tíma en fengu mikinn alþjóðlegan stuðning eftir seinni heimsstyrjöld sem varð til þess að Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var undirrituð af alþjóðasamfélaginu 10. desember árið 1948. Eins og fram kemur í inngangsorðum yfirlýsingarinnar⁶⁷ felur hún í sér algildan (alheims) sáttmála um

⁶⁵ Ólafur Páll Jónsson, „Hvað eru mannréttindi?“ *Vísindavefurinn*, 3.6.2002, sótt 28.8.2013 af <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=2453>.

⁶⁶ Mannréttindasamningar: *Mannréttindaskrifstofa Íslands*, sótt 28.8.2013 af <http://www.humanrights.is/log-og-samningar/mannrettindasamningar/>.

⁶⁷ Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna: *Mannréttindaskrifstofa Íslands*, sótt 28.8.2013 af <http://www.humanrights.is/log-og-samningar/mannrettindasamningar/sameinudu-tjodirnar/Undirflokkur/>.

grundvallarrétt og frelsi allra einstaklinga til að koma í veg fyrir að þeir hræðilegu hlutir sem áttu sér stað í seinni heimstyrjöldinni geti endurtekið sig.⁶⁸ Miklar samfélagslegar breytingar hafa átt sér stað síðustu 60 árin í orðræðunni um mannréttindi. Þar hefur Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna verið grundvöllur til uppbyggingar alþjóðlegs mannréttindakerfis og verið leiðandi í því að vinna að eflingu og virðingu mannréttinda.⁶⁹ Yfirlýsingin samanstendur af þrjátíu greinum. Fyrstu tvær greinarnar lýsa grundvallaráherslum sáttmálans þar sem lögð er áhersla á jafnvirði allra, virðingu, frelssis og bræðralags. Í þriðju til elleftu grein er gerð ítarleg grein fyrir réttindum einstaklingsins. Í öðrum greinum er til að mynda lögð áhersla á réttindi einstaklingsins í borgaralegu og pólitískt samfélagi, réttindi einstaklingsins til andlegs og trúarlegs frelssis, hugsanafrelssis og samviskufrelssis. Síðustu greinar sáttmálans leggja áherslu á samfélagslegan, efnahagslegan og menningarlegan rétt einstaklingsins en síðustu þrjár greinarnar (28.–30. grein) binda sáttmálann saman með því að leggja áherslu á samfélagslega ábyrgð og skyldu einstaklingsins gagnvart náunga sínum og samfélagi. Þannig sé hverri manneskju, þjóð og ríki óheimilt að brjóta á reglum þeim sem tilgreindar eru í sáttmálanum.⁷⁰

Frelsi, réttindi og mannhelgi

Lítum nú á fyrstu þrjár greinar Mannréttindayfirlýsingarinnar:

1. grein

Allir eru bornir frjálsir og jafnir öðrum að virðingu og réttindum. Allir eru gæddir skynsemi og samvisku, og ber að breyta bróðurlega hverjum við annan.

2. grein

Allir eiga kröfu á réttindum þeim og því frelsi, sem fólgin eru í yfirlýsingu þessari, og skal þar engan greinarmun gera vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna. Eigi má heldur gera greinarmun á mönnum fyrir sakir stjórnskipulags lands þeirra eða landsvæðis, þjóðrættarstöðu þess eða lögsögu yfir því, hvort sem landið er sjálfstætt ríki, umráðasvæði, sjálfstjórnarlaust eða á annan hátt háð takmörkunum á fullveldi sínu.

⁶⁸ Sólveig Anna Bóasdóttir, „Mannréttindi og heilsa“, bls. 76.

⁶⁹ Sólveig Anna Bóasdóttir, *Ást, kynlíf og hjónaband*, bls. 102.

⁷⁰ Mannréttindasamningar: *Mannréttindaskrifstofa Íslands*, sótt 28.8.2013 af [http://www.humanrights.is/log-og-samningar/mannrettindasamningar/sameinudu-tjodirnar/Undirflokkur/\(Sótt 28.8.2013\)](http://www.humanrights.is/log-og-samningar/mannrettindasamningar/sameinudu-tjodirnar/Undirflokkur/(Sótt%2028.8.2013)).

3. grein

Allir eiga rétt til lífs, frelsis og mannhelgi.⁷¹

Þegar við skoðum þessar greinar nánar má sjá að mikil áhersla er lögð á hugtökin *frelsi*, *réttindi* og *mannhelgi*. Þessi hugtök hafa þann tilgang að varpa ljósi á óréttlæti og frelsisskerðingu sem á sér stað í mannlegum samfélögum um allan heim. Markmið mannréttindayfirlýsinga og sáttmála er að vinna að sameiginlegum skilningi á réttindum, frelsi og mannhelgi mannsins hvar svo sem hann býr í veröldinni. Frelsinhugtakið er víðfeðmt og því þörf á að skoða nánar hvað það felur í sér í þessu samhengi. Sólveig Anna Bóasdóttir hefur skoðað frelsishugtakið í ljósi fyrstu tveggja greina Mannréttindayfirlýsingarinnar og bendir á að orðalag þeirra og staðhæfingar séu ekki staðreynd í raunveruleikanum, vegna þess að ekki sé hægt að segja að allar manneskjur séu bornar frjálsar né að allar manneskjur séu gæddar skynsemi og samvisku eins og kemur fram í fyrstu og annarri málsgrein fyrstu greinar yfirlýsingarinnar. Hér telur hún að einn möguleiki til túlkunnar á orðalagi yfirlýsingarinnar sé ekki að setja fram raunverulega staðreynd heldur sé þetta framsetning yfirlýsingarinnar á hugsjón um það að við fæðingu hafi sérhver manneskja gildi í sjálfri sér sem sé sameiginlegt með öllum manneskjum og felist í fæðingarrétti hvernar manneskju. Sá réttur feli meðal annars í sér að hver manneskja sé frjáls og jöfn öðrum að virðingu og réttindum. Þetta orðalag telur Sólveig Anna hafa þann tilgang að hvetja aðildarríkin til að vernda og styðja þá hugsjón sem orðalagið felur í sér um grundvallarrétt hvernar manneskju til frjálsræðis og réttinda í heiminum. Sólveig Anna bendir einnig á að mannréttindi snúast um að vernda þennan grundvallarrétt manneskjunnar því að hugtakið *réttlæti* sé siðferðilegt hugtak sem gengur út frá gagnkvæmni réttinda og skyldum samfélags og einstaklings um að virða og viðurkenna rétt allra án mismununar.⁷² Þriðja grein Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna kveður á um að „allir menn eigi rétt til lífs, frelsis og mannhelgi.“ Mannhelgishugtakið felur í sér frelsi og sjálfræði mannsins en að mati Sólveigar Önnu er ekki síður mikilvægt að taka með inn í myndina hugmyndina um jöfnuð alls fólks. Hún bendir á að grunnhugmynd allra siðfræðikenninga feli í sér jafnaðarhugsun eða óhlutdrægni um að hlutur eins manns skuli ekki dregin fram yfir hlut annars eftir geðþótta. Á sama hátt hafi líf sérhvers einstaklings sama virði og gildi og líf allra annarra. Sólveig Anna bendir einnig á að í sögulegu samhengi hafi hugmyndafræði um aðgreiningu fólks eftir hópum, þar sem einum hóp er mismunað á kostnað annars, oft haft skelfilegar afleiðingar í för með sér og ætti því að vera víti til varnaðar. En

⁷¹ Sama heimild.

⁷² Sólveig Anna Bóasdóttir, „Mannréttindi og heilsa“, bls. 77–80.

einmitt vegna þessa hefur reglan um óhlutdrægni verið sett fram sem grundvallarhugtak í alþjóðlegum mannréttindalögum og stjórnarskrám lýðræðisríkja.⁷³

Vilhjálmur Árnason⁷⁴ lýsir mannhelgishugtakinu annars vegar sem einhverskonar „griðlandi“ manneskjunnar í heiminum, því rými sem einstaklingurinn hafi til að sækjast eftir því sem hann telur eftirsóknarvert í lífinu og það sem hann telur sjálfur rétt fyrir sig, án afskipta annarra einstaklinga eða stjórnvalda. Vilhjálmur bendir hins vegar á að mannréttindi snúist um að samfélagið skapi forsendur og skilyrði til þess að manneskjan geti haldið reisn og tækifæri til að rækta sjálfræði sitt og halda mannvirðingu sinni. Það er aðeins hægt ef manneskjan hefur frelsi til þess að ráða lífi sínu sjálf án þess að vera neydd undir stjórn annarra.⁷⁵ Ólafur Páll Jónsson⁷⁶ leggur einnig áherslu á sjálfræði manneskjunnar en hann telur að *frelsi* manneskjunnar sé bundið við sjálfræði hennar. Frelsi og sjálfræði telur hann vera mikilvæg gildi í lífi hvernar manneskju og forsendu þess að manneskjan hafi vald yfir eigin lífi, bæði í hugsun og verki. Hann heldur áfram og segir að hið mannlega líf sé alltaf háð sjálfu sér í siðferðilegum og sálfræðilegum forsendum mannsins en einnig sé mannlífið háð efnahagslegum, menningarlegum og félagslegum kringumstæðum. Ólafur telur að ekki sé hægt að aðgreina þessar tvær hliðar mannlegs lífs og færir rök fyrir því með því að benda á þá staðreynd að sjálfráð manneskja sé sú sem hefur vald yfir eigin lífi og tilveru, sú manneskja býr í samfélagi sem gerir henni kleift að vera sjálfráð í hugsun og verki, þar af leiðandi telst sú manneskja *frjáls*. Án sjálfræðis getur manneskjan ekki talist frjáls. Ólafur segir að sjálfræði og frelsi manneskjunnar feli í sér þær forsendur að hún hafi eitthvert val um þau kjör sem hún vill búa við en ekki að hún sé neydd í ákveðnar aðstæður vegna annarra, eins og Vilhjálmur Árnason bendir einnig á.⁷⁷

3.3 Ályktanir

Hugmyndir um mannréttindi og pólitískt frelsi hafa fengið aukið vægi í alþjóðlegri umræðu á undanförunum árum þar sem umræðan um mannréttindi er bæði útbreiddari og viðurkenndari en nokkurn tíma áður. Áhrifamiklar nefndir og hópar á sviði mannréttinda hittast reglulega til

⁷³ Sama rit, bls. 75.

⁷⁴ Vilhjálmur Árnason (1953) er íslenskur heimspekingur og prófessor við Háskóla Íslands. Hann hefur fengist mest við hagnýta og fræðilega siðfræði.

⁷⁵ Vilhjálmur Árnason, *Broddflugur - Siðferðilegar ádeilur og samfélagsgagnrýni*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1997, bls. 250–25.

⁷⁶ Ólafur Páll Jónsson er doktor í heimspeki frá MIT í Bandaríkjunum. Hann er dósent í heimspeki á Menntavísindasviði við Háskóla Íslands. Sérsvið hans eru meðal annars heimspekileg rökfræði, frumspeki, hugarheimspeki og kenningar um lýðræði.

⁷⁷ Ólafur Páll Jónsson, „Sjálfræði, frelsi, lífskjör“, *Glíman* 8/2011, bls. 121–136, hér bls. 121–122.

að fylgjast með og fjalla um uppfyllingu og/eða brot mannréttinda í hinum ýmsu löndum heimsins. Betri samgöngur og tækifæri til samskipta hafa eflt tengsl milli ríkja og þjóða meira en áður hefur verið í sögu mannkyns, ekki aðeins hvað varðar verslun, viðskipti og samskipti, heldur einnig hvað varðar gagnvirkni hugmynda og hugsjóna. Þrátt fyrir þessa staðreynd líður fólk enn skort, örbirgð og kúgun og daglega er brotið á pólitísku frelsi og borgaralegum réttindum fjölda einstaklinga. Þetta á ekki aðeins við um fátækustu eða vanþróðu ríkin heldur eru þessi vandamál einnig til staðar í ríkari og þróaðri samfélögum heimsins. Hér á undan hefur verið farið yfir skilgreiningar og hugmyndir mannréttinda og helstu hugtök þeirra skoðuð. Niðurstaðan er sú að allar manneskjur skulu njóta virðingar, hafa jafnan rétt og frelsi vegna þess að það felst í fæðingarrétti sérhverrar manneskju. Það er einnig samfélagsleg ábyrgð og skylda sérhverrar manneskju, sem er hluti af samfélagi í víðara samhengi, að virða þessi réttindi gagnvart náunga sínum og skapa forsendur til þess að hver og ein manneskja hafi tækifæri til að sækjast eftir því sem hún telur eftirsóknarvert í lífinu. Sérhver manneskja á rétt á sjálfræði og frelsi yfir eigin lífi, í hugsun og verki á jöfnum grundvelli við aðrar manneskjur – í því felst mannhelgi hennar. Séu þessi atriði ekki virt af samfélaginu getur manneskjan ekki talist frjáls. Þar af leiðandi er það samfélagsleg ábyrgð manneskjunnar að vinna bug á raunum þeirra sem njóta ekki þeirra grundvallarmannréttinda sem hér hafa verið talin upp. Hlutverk frelsisins er margvíslegt og nauðsynlegt er að rannsaka það hugtak frekar og í hverju það felst, en það er markmið næsta kafla.

4 Frelsi

Hugtökin „*frelsi*“ og „*frjáls vilji*“ virðast oft tengd í sömu orðræðu, en bæði hugtökin eiga sér langa sögu sem nær allt aftur til fornaldar og er undirstaða bæði í heimspekilegum og guðfræðilegum hugmyndafræðikerfum. Í heimi sem er fullur af boðum og bönnum og þar sem mönnum eru takmörk sett hefur leitin að frelsinu, eða spurningin hvernig megi nálgast það, verið andagift margra hugsuða í gegnum tímans rás.

Frelsi er eitt veigamesta hugtakið þegar kemur að umræðunni um mannréttindi og gjarnan eitt það fyrsta sem fólki dettur í hug þegar spurt er *hvað mannréttindi séu*. Þá hafa ákvæði um frelsi fengið aukið vægi í stjórnarskrám nútímans en ákveðinn grunnur var lagður að þeim með stjórnarskrá Bandaríkjanna frá árinu 1776 og frönsku yfirlýsingunni um frelsi einstaklingsins frá árinu 1789. Mikil breyting hefur þó átt sér stað í nútíma samhengi hugtaksins, til dæmis með Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna þar sem nákvæmari skilgreining er sett fram um frelsi einstaklingsins.

Hannah Arendt og Mogens Herman Hansen hafa rannsakað hugtakið í samhengi gríska borgríkisins og verður stuðst við greinar þeirra til að varpa skýrara ljósi á það. Í öðrum undirkafla þessa hluta verður sjónum beint að hugtakinu í guðfræðilegu samhengi þar sem guðfræðilegur frelsskilningur verður skoðaður út frá kenningum Ágústínusar kirkjuföður sem var brautryðjandi í framsetningu kenningar um frelsi eða frjálsan vilja. Hannah Arendt varpar í grein sinni ljósi á það hvernig kristinn skilningur á frelsi mannsins hefur haft mikilvæg áhrif á skilning okkar á hugtakinu í aldanna rás og allt fram á okkar daga. Í þriðja kafla þessa hluta ritgerðarinnar færum við okkur nær samtímanum og skoðum frelsi einstaklingsins út frá kenningum og framsetningu John Stuart Mills en rit hans *Frelsið* (e. *On liberty*) sem kom fyrst út árið 1859, var bæði tímamótaverk í framsetningu á pólitískum og samfélagslegum rétti einstaklingsins í samfélaginu. Framsetning Mills hefur einnig haft mikil áhrif í mótun mannréttindayfirlýsinga og mannréttindabaráttu 20. og 21. aldarinnar.

4.1 Frelsi og gríska borgríkið

Mogens Herman Hansen bendir á að gríska orðið frjáls (*eleutheros*) í forn-gríska borgríkjasamfélaginu átti við um þann sem var frjálsborinn inn í samfélagið. Nafnorðið „*eleutheria*“ gefur til kynna borgararétt vegna ætternis eða þann sem fæddist inn í samfélag borgríkisins en lýsingarorðið „*eleutheros*“ vísar til borgaranna, að undanskildum frjálsum útlendingum sem bjuggu í borgríkinu. Hansen bendir á að samkvæmt Aristótelesi höfðu þeir sem voru fæddir frjálsir (*eleutheroi*) inn í borgríkið jafnan rétt til alls innan samfélagsins. Þess

vegna fól frelsi í skilningi gríska borgríkisins í sér *lýðræðislegt gildi* og veitti þeim sem voru frjálsir í samfélaginu jafnan lýðræðislegan rétt. Aftur á móti var andstæðan við þessa mynd frelsis að vera þræll (*doulos*) í einhverjum skilningi, það að vera kúgaður af einræðisherra eða vera undir vald einhvers settur.⁷⁸ Frjálsbornir karlmenn voru þar af leiðandi þeir einu sem höfðu rétt til að taka þátt í stjórnámálum borgríkisins.⁷⁹ Orðið pólitík er rakið aftur til forngríska borgríkisins og merking orðsins snerti pólitískan vettvang lýðræðissamfélagsins. Að mati Arendt væri erfitt að taka orðið úr því samhengi og aðgreina frá því hlutverki sem það hafði í Grikklandi og Rómaveldi til forna. Þar sem hlutverk „pólitíkur“ hafi verið að þjóna hinum frjálsbornu í lýðræðissamfélaginu en ekki þeim sem voru af lægri stéttum þess.⁸⁰

Á tímum lýðræðisins í Aþenu í kringum 450 f. Kr. tók við tímabil „sjálfshygðar“ þar sem heimspekin tók að snúast um manninn sjálfan í siðferðilegu og stjórnarfarslegu samhengi.⁸¹ Platón og Aristóteles voru uppi á þessu tímabili en þá voru heimspekilegar spurningar farnar að snúast um einstaklinginn, samfélagið, réttlæti, skynsemina, tilfinningar, vald og fórnfýsi.⁸² Stjórnspekikeningar Platóns (427–347) og Aristótelesar (384–322) lögðu áherslu á manninn í samfélaginu, manninn sem samfélagsveru, en ekki sem einstakling. Skirbekk álitur að það hafi verið þannig í borgríkinu að hver og ein manneskja haft hlutverki að gegna eftir stétt og stöðu hennar og öll réttindi hennar voru bundin við samfélagslegt hlutverk manneskjunnar.⁸³ Hann telur einnig að Platón hafi lagt áherslu á menntun allra samfélagsþegna til þess að tryggja að allir⁸⁴ fengju sömu tækifæri og að hæfileikar hvers og eins myndu síðan skera úr um hvaða stöðu einstaklingurinn fengi í borgríkinu.⁸⁵

Platón tók í arf kenningu Sókratesar sem kveður á um að *dygð* sé í einhverjum skilningi þekking sem hægt er að læra með því að vekja fólk til umhugsunar með fræðslu.

⁷⁸ Mogens Herman Hansen, „Democratic Freedom and the Concept of Freedom in Plato and Aristotle“, *Greek, Roman, and Byzantine Studies*, 2010, bls. 1–27, hér bls. 2.

⁷⁹ Gunnar Skirbekk, Nils Gilje, *Heimspekisaga*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999, bls. 20.

⁸⁰ Hannah Arendt, „What is Freedom“, *Between Past and Future – Eight Exercises in Political Thought*, New York: Penguin Books, 1977, bls. 142–169, hér bls. 153.

⁸¹ Gunnar Skirbekk, Nils Gilje, *Heimspekisaga*, bls. 41–42.

⁸² Eftir Pelopsskagastyrjöldina ríkti pólitískt ójafnvægi í borgríkinu þar sem afstaða heimspekinnar til samfélagsins og hefða breyttist. Á 5. og 4. öld fyrir Krist varð Aþena að stórveldi þar sem menning fékk að blómstra. Á þessum tíma, sem kallaður er gullaldarskeið Aþenubúa, komu fram margir af helstu hugsuðum mannkynssögunnar (Aristóteles, *Siðfræði Níkomakkosar - fyrra bindi*, þýð. Svavar Hrafn Svavarsson, Reykjavík: Hið Íslenska bókmenntafélag, 1995, bls. 19–21).

⁸³ Gunnar Skirbekk, Nils Gilje, *Heimspekisaga*, bls. 75.

⁸⁴ Platón lagði áherslu á menntun bæði stúlkna og drengja. Þetta jákvæða viðhorf Platóns til jafnréttis kynjanna má finna í *Ríkinu*, V. bók. Hins vegar er afstaða hans ekki eins jákvæð í öðrum ritum hans, t.d. í Tímafos 42a þar sem karlar eru sagðir vera æðra kynið því konuna skortir visku, dygð og hugrekki mannsins. Einnig má nefna *Ríkið* 395, 548 b og *Lögin* 781 a–b þar sem varað er við því að konur séu uppspretta lasta sem spilla samfélaginu.

⁸⁵ Gunnar Skirbekk, Nils Gilje, *Heimspekisaga*, bls. 73.

Sjálfsþekkingin felst í dyggðugu líferni og kennir manneskjinni að breyta rétt sem að lokum leiðir til hamingju hennar. Platón efaðist þó um að meginþorri fólks gæti lært og tileinkað sér siðræna þekkingu, heldur taldi hann það afar fámennan hóp fólks sem gæti lifað dyggðugu lífi til þess að breyta rétt og vera hamingjusamt án hjálpar. Hann taldi því best að útvaldir „sérfræðingar“ væru fengnir til að stjórna ríkinu, sérfræðingar sem tryggðu samkennd og skynsemi borgaranna. Þannig vildi hann hafa valdið hjá fámennum hópi sem stjórnaði öllu ríkinu en ekki í höndum þjóðarinnar, eða einvalds, þ.e.a.s. hópum sem gæti skort dygd til þess að valda starfinu.⁸⁶

Í stjórnspeki Platóns var lögð áhersla á mannlegan þroska, sem var að finna í samfélagi við aðrar manneskjur innan skilyrða verka- og stéttarskiptingar.⁸⁷ Vilji mannsins og það sem samfélagið krafðist tvinnuðust saman þegar menn notuðu hæfileika sína í þágu sjálfs sín og annarra með verkaskiptingu og átti slík samvinna að leiða til farsældar fyrir samfélagsheildina.⁸⁸ Einstaklingurinn og samfélagið var órjúfanleg heild því að réttindi manneskjunnar var einnig bundin við hlutverk og stöðu hennar í samfélaginu. Það má segja að stjórnspekikenningar Platóns hafi ekki gert ráð fyrir frjálsri og gagnrýnni hugsun einstaklingsins á hinum pólitíska vettvangi⁸⁹ því hann taldi hag og farsæld einstaklingsins best borgið undir stjórnarformi þar sem hann miðaði gjörðir sínar við farsæld samfélagsins sem svo ætti að móta einstaklinginn með það fyrir augum.⁹⁰ Önnur mesta dygðin að mati Platóns var réttlæti því sá sem var réttlátur (*dikaios*) var sá sem breytti rétt, var heiðarlegur og heiðvirður.⁹¹ Í *Ríkinu* fer stór hluti í að færa rök fyrir því hvernig réttlæti leiði til hamingju en ranglæti til óhamingju. Þar útskýrir Platón að sál mannsins sé þrískipt, í *skynsemi*, *anda* og *langanir*.⁹² Allir þessir þættir togast á í mannum. Á þeim grundvelli eru fjórar höfuðdygðir mannsins skilgreindar og þær eru *hófsemi*, *viska*, *hugrekki* og *réttlæti*.⁹³ Rökstuðningur Platóns um samband réttlætis og góðs lífs var með eftirfarandi hætti: „Réttlætið skapar gott líf, hamingju, af eigin rammleik. Hamingjan er ekki bara óbein verkan réttlætisins sem brugðið getur til beggja vona eftir aðstæðum.“⁹⁴ Hér má sjá lýsingu Platóns á baráttu manneskjunnar sem þarf að velja á milli þess að fylgja skynseminni eða fylgja þrám sínum og

⁸⁶ Platón, *Ríkið - fyrri bindi*, þýð. Eyjólfur Kjalar Emilsson, Reykjavík: Hið Íslenska bókmenntafélag, 2009, bls. 23–24.

⁸⁷ Sama rit, bls. 77.

⁸⁸ Platón, *Ríkið - fyrri bindi*, bls. 45.

⁸⁹ Gunnar Skirbekk, Nils Gilje, *Heimspokisaga*, bls. 78.

⁹⁰ Platón, *Ríkið - fyrri bindi*, bls. 46.

⁹¹ Sama rit, bls. 27.

⁹² Sama rit, 440E-441a.

⁹³ Sama rit, bls. 30.

⁹⁴ Sama rit, bls. 32–33.

löngunum. Ef manneskjan gerir það eitt sem hana langar til verða afleiðingarnar þær að löngunin tekur yfir skynsemishluta sálarinnar.⁹⁵ Maðurinn verður háður þrám sínum og löngunum og breytist í þræl þeirra og verður þar af leiðandi ófrjáls.⁹⁶ Platón taldi að hægt væri að fyrirbyggja þetta í uppeldinu og með menntun allra því aðeins þannig lærir manneskjan að láta skynsemina stjórna í lífinu.⁹⁷ Hugmynd Platóns um sjálfstjórn manneskjunnar yfir þrám og löngunum sínum hefur í seinni tíð verið túlkuð sem einhverskonar hugmynd um frelsi en Arendt telur að það sé ekkert í ritum hans sem staðfestir að slík hugsun hafi legið að baki hugmyndum hans. Aftur á móti bendir allt til þess að kenningar Platóns um frelsi hafi falið í sér pólitíska hugsun eins og áður hefur komið fram.⁹⁸ Lýðræðisleg hugmynd Platóns um frelsi eins og hún er sett fram í *Ríkinu*, felur í sér að ítrekaður greinarmunur er gerður á frjálsri manneskju (*eleutheroi*) og þræl (*doulos, oiketes*). Frjálsa manneskjan, sem var afar fámennur hluti borgríkjasamfélagsins, hafði lýðræðislegan rétt en hinir höfðu það ekki.⁹⁹ Þetta lýðræðislega frelsi mætti heldur teljast sem ófrelsi ef tilgangur lífsins var að uppfylla ákveðna stöðu og hlutverk í samfélaginu eins og Platón lýsir því í lok 9. bókar *Ríkisins*, um ungu manneskjuna sem getur aðeins verið frjáls þegar öruggt er að rétt menntun og skynsemi hafi leitt hana til réttar breytni.¹⁰⁰ Þannig er frelsi Platóns ekki frelsi frá afskiptum heldur þvert á móti er frelsið fólgið í því að vera undir stjórn skynseminnar eða undir stjórn annarrar manneskju ef sá hluti sálarinnar er vanþróaður.¹⁰¹

Aristóteles, sem var nemandi í Akademíu Platóns, hafði aðallega áhuga á stjórnámálum borgríkisins.¹⁰² Hann var sammála lærimeistara sínum um að manneskjan gæti aðeins lifað mannsæmandi lífi í samfélagi við aðrar manneskjur. Einnig var hann sammála honum varðandi mikilvægi *skynseminnar* sem markmið í lífi hvers einstaklings, því með skynsemina að leiðarljósi væri maðurinn fær um að lifa á *réttlátan* hátt á því sviði sem hæfir best hæfileikum hvers og eins.¹⁰³ Aristóteles taldi manneskjuna vera siðferðilega veru, þar sem markmið mannlegs siðferðis væri að ná tökum á hvötum sínum og kenndum svo hann gæti valið hið góða í lífinu og breytt rétt.¹⁰⁴ Aristóteles reyndi að svara því í verkum sínum hvað það sé sem maðurinn leiti eftir í lífinu og komst að þeirri niðurstöðu að mannleg farsæld væri

⁹⁵ Sama rit, 560b7-11.

⁹⁶ Sama rit, 559c-D, 564a.

⁹⁷ Sama rit, bls. 39–40.

⁹⁸ Hannah Arendt, „What is Freedom“, bls. 156.

⁹⁹ Mogens Herman Hansen, „Democratic Freedom and the Concept of Freedom in Plato and Aristotle“, bls. 21.

¹⁰⁰ Platón, *Ríkið*, 590E–591a.

¹⁰¹ Sama rit, bls. 25; 590d5.

¹⁰² Gunnar Skirbekk, Nils Gilje, *Heimspækisaga*, bls. 101.

¹⁰³ Sama rit, bls. 117.

¹⁰⁴ Sama rit, bls. 85.

æðsta takmark mannsins, *eudaimonia*, (farsæld, hamingja, ánægja).¹⁰⁵ Í riti Aristótelesar, *Siðfræði Nikomakkosar*, setur hann fram kenningar sínar um borgríkið, tilurð þess og tilgangurinn með því að skapa borgurunum skilyrði fyrir góðu lífi.¹⁰⁶ Hugmyndir um frelsi mannsins í ritum Aristótelesar felast aðallega í lýðræðislegum skilningi hugtaksins¹⁰⁷ en skilgreining hans á lýðræðislegu frelsi er lýst á eftirfarandi hátt í riti hans *Politica*:

Frelsi er grundvöllur lýðræðislegs stjórnskipulags. Það segja þeir sem álíta að fólk fái aðeins notið frelsis undir slíku stjórnskipulagi, þar sem þeir telja að sérhvert lýðræðisríki stefni að frelsi. Ein mynd frelsisins er að vera stjórnað og stjórna til skiptis. Lýðræðislegt réttlæti er tölfraðilegt jafnræði, ekki jafnræði samkvæmt verðleika. Slík hugmyndafræði réttlætisins felur í sér að meirihlutinn þarf að vera einstakur því það sem meirihlutinn ákveður er endanleg ákvörðun, í því felst réttlætið. Því þeir segja að hver borgari hafi rétt á jöfnum hlut. Af því leiðir að í lýðræðisríkjum ná hinir fátæku yfirhöndinni yfir hinum ríku vegna þess að þeir eru í meirihluta og ákvarðanir meirihlutans eru endanlegar. Þetta er eitt einkenni frelsisins samkvæmt skilgreiningum lýðræðissinna á stjórnskipulagi lýðræðisins. Annað einkenni er að fá að „lifa eins og sérhver manneskja kys sjálf“. Þetta telja þeir vera skilgreiningu þess að vera frjáls eins og sá sem fær ekki að lifa eins og hann kys leiðir af sér að sá hinn sami er hnepptur í þrældóm. Þetta er önnur skilgreining á lýðræðinu. Af þessum rökum hefur komið fram beiðni um það að ákjósanlegast sé að engum sé stjórnað af neinum eða þá að stjórnvaldið skiptist á að stjórna en slíkt fyrirkomulag á að auka frelsi manneskjunnar sem byggist á jöfnuði.¹⁰⁸ (Þýðing ritgerðarhöfundar)

Hér má sjá hvernig Aristóteles skilur hugmyndir lýðræðissinna um frelsi. Hann gagnrýnir annars vegar þá lýðræðishugmynd að allir séu jafningjar og deili öllu jafnt¹⁰⁹ hins vegar þá gagnrýnir hann ósk manna um að lifa eins og þeir sjálfir kjósa. Hann taldi slíka ósk fela það í sér að manneskjan kysi þá að vera ekki undir stjórn neins og slíkt myndi leiða til stjórnleysis.¹¹⁰ Aristóteles var sammála lýðræðissinum varðandi það að borgin (*polis*) væri pólitískt samfélag jafningja sem ættu að skiptast á að stjórna og vera stjórnað. Andstætt lýðræðissinum var hann ekki sammála því að frelsi væri fyrir alla í þeim skilningi að allir borgarar fengju að taka þátt í stjórnámálum. Aristóteles var líka mótfallinn árlegri víxlun stjórnenda. Hann taldi að borgararnir þyrftu að þola að vera stjórnað þegar þeir væru ungir því

¹⁰⁵ Sama rit, bls. 86; 1177a27–b26.

¹⁰⁶ Sama rit, bls. 64.

¹⁰⁷ Mogens Herman Hansen, „Democratic Freedom and the Concept of Freedom in Plato and Aristotle“, bls. 9.

¹⁰⁸ Aristóteles, *The Politics of Aristotle: Translated, with introduction, analysis, and notes*, þýð. Peter L. Phillips Simpson. The University of North Carolina Press, 2007, 1317a40–b17.

¹⁰⁹ Sama rit, 1317b3–10, 16–17.

¹¹⁰ Sama rit, 1317b14–16

síðar myndu þeir sjálfir stjórna þegar þeir yrðu eldri og reyndari. Hann var á móti þeirri lýðræðislegu hugsun að hver hefði frelsi til að lifa lífi sínu eins og hann kysi sjálfur eins og hugmynd Platóns kveður á um. Hann taldi að fólk ætti fremur að lifa í samræmi við stjórnskipulag borgríkisins. Að hans mati var það ekki ákveðin tegund frelsis heldur fól það í sér bjargræði. Hið góða var tilgangur mannlífsins, að mati Aristótelesar, og það fólst í því hvernig manneskjan lifði lífinu. Hið góða var hamingjan en hana nálgast manneskjan með því að þroska hæfileika sína sem best í samfélaginu og í þágu þess. Þess vegna var mikilvægt að hver manneskja fyndi sinn rétta stað í borgríkinu.¹¹¹

Sitthvað er líkt með hugmyndum Platóns og Aristótelesar um merkingu orðins *eleutheria* í hinu forn-gríska samfélagi en einnig má sjá þýðingarmikinn mun varðandi gagnrýni á lýðræðislegu frelsi og þeirra eigin hugmyndir um hvað frelsi væri í raun og veru.¹¹² Við samanburð má sjá að umræða um frelsi skiptist í tvennt, annars vegar pólitískt frelsi sem samanstendur af réttinum til að stjórna og vera stjórnað og hins vegar einstaklingsfrelsi sem samanstendur af rétti til að lifa eins og manneskjunn líkar. Frelsið sem Platón talar um felur í sér lýðræðislegan rétt borgarans til að fá að lifa eins og hann vill¹¹³ og tækifæri manneskjunnar til að skipuleggja persónulega líf sitt eins og henni hentar.¹¹⁴ Platón opnaði þar með eðli lýðræðisins með því að fullyrða að grundvallargildið væri frelsi (*eleutheria*), sérstaklega málfrelsi (*parrhesia*), og rétturinn til að lifa eins og manneskjunn líkaði, þannig að allir gætu hagað persónulegu lífi sínu eins og þeim þóknaðist.¹¹⁵

Mikilvægasta spurningin í rökræðum Platóns og Aristótelesar varðar eðli sambands einstaklingsins við hið pólitíska samfélag. Manneskjan í samfélagslegu samhengi er ekki sjálfráða eining heldur er hún hluti af samfélaginu. Einstaklingurinn sem samfélagsvera uppgötvar mikilvæga mannlega möguleika sína í hinu pólitíska samfélagi því hann er ekki einn fær um að vita hvað sé fyrir bestu í leit sinni að hinu góða lífi. Bæði Platón og Aristóteles settu hugmyndir sínar fram þannig að venjur og reglur samfélagsins væru eina leiðin til þess að einstaklingnum væri kleift að dafna sem manneskja, þótt þeir geri það á ólíkan hátt. Platón talar um skynsemi manneskjunnar yfir eigin löngunum og þrám sem einhverskonar frelsi. Hafi manneskjan ekki stjórn á tilfinningum sínum breytist hún í þræl þeirra og verður því ófrjáls. Platón gerir þó ekki ráð fyrir því að flestar manneskjur búi yfir þeim hæfileika að láta

¹¹¹ Gunnar Skirbekk, Nils Gilje, *Heimspækisaga*, bls. 120.

¹¹² Mogens Herman Hansen, „Democratic Freedom and the Concept of Freedom in Plato and Aristotle“, bls. 9.

¹¹³ Platón, *Ríkið*, 557b5–6.

¹¹⁴ Sama rit, 557b8–10.

¹¹⁵ Mogens Herman Hansen, „Democratic Freedom and the Concept of Freedom in Plato and Aristotle“, bls. 22.

skynsemina stjórna hinum óæðri tilfinningum og þess vegna telur hann betra að þeir aðilar sem búa yfir slíkum hæfileika séu best til þess fallnir að stjórna öðrum. Hugmyndir Platóns og Aristótelesar gefa ekki mikið svigrúm fyrir einstaklingsfrelsi manneskjunnar né fjölbreytileika í víðara skilningi en svo að nauðsynlegt var að finna manneskjunni réttan stað og hlutverk til þess að hún gæfi mest af sér fyrir hina samfélagslegu heild. Hin frjálsa manneskja í gríska borgríkinu var því frjálsborinn karlmaður, sem fæddur er innan borgríkisins sem hafði atkvæðisrétt í lýðræðislegu stjórnskipulagi samfélagsins, sem aðrir þegnar ríkisins höfðu ekki.

4.2 Frelsið í guðfræðilegum skilningi

Í greininni „What is Freedom“ rekur Hannah Arendt sögu frelsisins frá gríska borgríkinu til nútímahugmynda um hugtakið sem hún telur vera undir áhrifum kristinna hugmynda. Í því samhengi bendir hún á hugmyndir Páls postula um frjálstan vilja sem Ágústínus tók síðar upp og útfærði. Þessi guðfræðilega kenning segir hún að hafi átt eftir að móta bæði kirkjulegan skilning og skilgreiningar á frelsishugtakinu sem og alla hina vestrænu heimspekihefð.¹¹⁶ Arendt varpar ljósi á þá staðreynd að kristin hugmynd um frelsi var veruleiki sem var ótengdur pólitískum vettvangi. Þessi hugmyndafræði kemur fram vegna samfélagslegra aðstæðna þar sem manneskjan þráði að komast burt frá fjandsamlegum ytri veruleika og oki umhverfis síns. Manneskjan gat öðlast slíkt frelsi með því að losa sig frá ytri veruleika og flýja inn í „innra rými“ hugans þar sem hún gat verið frjálst frá utanaðkomandi kúgun og harðstjórn. Arendt telur að þessi hugmyndafræði hafi haft mikil áhrif á hugmyndir okkar til frelsis og ennþá sé það ríkjandi viðhorf að frelsi sé aðgreint pólitískum veruleika.¹¹⁷ Arendt telur einnig að það sé vegna áhrifa kristinnar hefðar að frelsi og frjálst vilji urðu samheitahugtök eins og við skiljum þau hugtök í dag.¹¹⁸ Hún segir hugmyndina hafa komið fyrst fram í framsetningu Páls postula á frjálsum vilja sem var alveg ótengdur pólitískum veruleika. Ágústínus hafi síðar tekið þessar hugmyndir upp og útfært í kristnum guðfræðilegum kenningum.¹¹⁹

¹¹⁶ Hannah Arendt, „What is Freedom“, bls. 165.

¹¹⁷ Sama rit, bls. 149.

¹¹⁸ Sama rit, bls. 156.

¹¹⁹ Hugmyndir Páls postula um viljann eða frjálstan vilja má sjá á nokkrum stöðum innan Nýja testamentisins. Til dæmis í 1. Kor 9.17 kemur orðið *exousia* fyrir en samkvæmt Louw og Nida felur merking orðsins í sér að vera viljugur að gera eitthvað án þess að vera neyddur til þess eða vegna þrýstings; að gera eitthvað af eigin frjálsum vilja. Í 2. Kor 8.3–4 kemur orðið *authairetos* fyrir í merkingunni að vera viljugur til þess að gera eitthvað af eigin vali, eigin vilja. Johannes P. Louw, Eugene Nida, *Greek-English Lexicon. Based on Semantic Domains*, vol 1. New York: United Bible Societies, 1988, bls. 296–7.

Nýplatonisminn¹²⁰ hafði mikil áhrif á frumkristna hugsuði eins og Ágústínus kirkjuföður frá Hippó (354–430 e. Krist).¹²¹ Þó að heimspekihefðin væri ekki trúarlegs eðlis voru áherslur hennar í anda kristinna kenninga. Ágústínus setti fram guðfræðilega kenningu sem sameinaði áherslur kristinnar trúar og nýplatonismans¹²² og færði með henni rök fyrir því að innri veruleiki manneskjunnar ætti í baráttu við langanir, sektarkennd og synd og af þeim sökum þráði manneskjan fyrirgefningu og náð Guðs. Ágústínus hafði ekki trú á því að manneskjan væri fær um að ná stjórn á lífi sínu nema fyrir náð Guðs.¹²³ Hann taldi manninn þó hafa *frjálsan vilja*¹²⁴ til að velja hið góða og réttláta. Sálin var að hans mati það guðdómlega í manninum en líkaminn hafði að geyma syndlegt eðli manneskjunnar og þess vegna taldi hann æskilegt að menn afneituðu líkama sínum eftir bestu getu en upphéðu sálina þess í stað, aðeins þannig gæti manneskjan nálgast Guð í andlegum veruleika.¹²⁵ Ágústínus var frumkvöðull í hinum vestræna heimi í útfærslu á hugmyndinni um viljann¹²⁶ en kenningar hans beindust að stórum hluta að *vilja mannsins*. Þegar kom að sálarlífi mannsins var það viljinn sem réð úrslitum, viljinn var sterkari en þekkingin og skynsemin. Þessi afstaða Ágústínusar var ólík hugmyndum Forn-Grikkja um hlutverk viljans en þeir litu á viljann sem afl sem knúði skynsemina áfram í framkvæmd. Ágústínus áleit tilfinningar gegna lykilhlutverki í sálarlífinu ólíkt því sem margar fornar heimspekihefðir höfðu lagt áherslu á. Fyrir honum höfðu tilfinningar siðferðislegt gildi fyrir manneskjuna, þar sem tilfinningaleg færni manneskjunnar kemur fram þegar hún sýnir náunganum umhyggju, kærleika og meðaumkun. Að hans mati var góð manneskja full af kærleika til Guðs og manneskjunnar. Kenningar Ágústínusar um *frelsi viljans* fela í sér rökræður um það hvort manneskjan sé fullkomlega frjáls til að leita Guðs eða víkja frá honum. Svárið við þeirri spurningu veltur á því hvort það sé hið illa eða góða eðli manneskjunnar sem er ríkjandi hluti hennar.¹²⁷ Niðurstaða hans var sú að það sé í eðli manneskjunnar að vilja hamingju hvort sem manneskjan sé í eðli sínu góð eða slæm. Þegar allt kemur til alls eru það aðeins hinir góðu sem öðlast sanna hamingju vegna þess að þeir yfirgefa illa eðli sitt vegna viljans til að lifa á

¹²⁰ Nýplatonismi er heimspekihefð sem kom fram á þriðju öld eftir Krist. Þessi hefð byggði á kenningum Platóns og að hluta til Aristótelesar um stöðu mannsins í heiminum þar sem líkami og sál manneskjunnar eiga í baráttu. Plótínus (205–270 e. Krist) er oftast nefndur upphafsmaður þessarar hefðar. Gunnar Skirbekk, Nils Gilje, *Heimspekisaga*, bls. 157.

¹²¹ Sama rit, bls. 161.

¹²² Sama rit, bls. 162.

¹²³ Sama rit, bls. 163.

¹²⁴ Síðar setti hann þó fram kenningu að aðeins Adam hafi haft frjálsan vilja.

¹²⁵ Gunnar Skirbekk, Nils Gilje, *Heimspekisaga*, bls. 164.

¹²⁶ Allan Fitzgerald, *Augustine through the Ages. An Encyclopedia*, Cambridge: William B. Eerdmans Publishing Company, 1999, bls. 881.

¹²⁷ Gunnar Skirbekk, Nils Gilje, *Heimspekisaga*, bls. 175.

góðan og heiðvirðan hátt. Illar manneskjur öðlast hins vegar falska hamingju sem er undirstaða hverfullrar ánægju lífsins sem mun óhjákvæmilega leiða þá til þjáningar og sársauka.¹²⁸ Ástæða þess er sú að óréttlátar manneskjur skortir viljann til heiðarleika og þess vegna geta þær aldrei öðlast sanna hamingju sem tengist kærleika Guðs.¹²⁹

Í fjölda fræðilegra bóka er reynt að greina kenningar Ágústínusar um frjálstan vilja. Athyglisvert er hversu mörg ólík sjónarmið birtast þar og er stundum ótrúlegt að ímynda sér að fræðimenn hafi verið að lesa sama textann. Fræðimenn eru ekki samhljóða í skoðunum sínum um afstöðu Ágústínusar um ábyrgð mannsins á eigin siðferðilegri hegðun.¹³⁰ Það er ekki óeðlilegt að uppi séu fjölbreyttar skoðanir og greiningar á verkum Ágústínusar þar sem kenningar hans um frjálstan vilja mannsins¹³¹ þróuðust í ritum hans út ævina.¹³² Flestir fræðimenn telja að fjölbreytileiki hugmynda Ágústínusar um frjálstan vilja megi rekja til *deilna hans við pelagíusarsinna*.¹³³ Sumir fræðimenn halda því jafnvel fram að Ágústínus hafi síðar hafnað eigin skoðunum sem koma fram í *Játningunum*, en vissulega má sjá að kenningar hans um frjálstan vilja þróast í hinum ýmsu ritum hans. Í riti sínu *De Dono Perseverantiae* (Um náðargjöf staðfestunnar) kvartar Ágústínus yfir því að hann hafi jafn mikinn rétt og hver annar til að þroskast og þróa eigin skoðanir.¹³⁴

¹²⁸ Ágústínus, *Confessions – I-II*, þýð. William Watts, Cambridge: Harvard University Press, 1979, 10.22.32; *Um ríki Guðs* (De civitate Dei), 5.11.

¹²⁹ Allan Fitzgerald, *Augustine through the Ages. An Encyclopedia*, bls. 881. Sjá einnig: Ágústínus, *Um frjálstan vilja*, 1.14–15; 3.7.21.

¹³⁰ Elenor Stump, Norman Kretzmann, *The Cambridge Companion to Augustine*, Cambridge: Cambridge University Press, 2001, bls. 124.

¹³¹ Kenningar kristinna manna um frjálstan vilja má rekja aftur til sögunnar um fall mannsins í þriðju Mósebók. Adam og Eva lifðu í aldingarðinum Eden í gleði og alsnægtum í einfaldleika sínum. Líf þeirra virðist hafa verið fullkomið, en tók snöggum breytingum þegar þau völdu að brjóta eina boð Guðs. Þessi saga er bæði saga af því sem margar kenningar guðfræðinnar vísa í til þess að útskýra fall mannsins og einnig sú saga sem útskýrir hvernig maðurinn öðlaðist *frelsi* eða *frjálstan vilja* (liberum arbitrum).

¹³² Á síðari hluta ævi sinnar setti Ágústínus meðal annars fram aðra kenningu þar sem hann taldi að einungis Adam hefði haft frjálstan vilja. Adam gat valið um hvort hann syndgaði eða ekki en vegna þess að hann valdi syndina þá spilltist mannlegt eðli og í kjölfarið urðu allar manneskjur upp frá því syndugar í eðli sínu (Gunnar Skirbekk, Nils Gilje, *Heimspokisaga*, bls. 176).

¹³³ Ágústínus átti í deilum við meinlætamunkinn Pelagíus (390–418 e. Kr.) og snerust þær meðal annars um hið synduga eðli mannsins og frelsi viljans. Ágústínus taldi að eðli mannsins væri syndugt vegna syndafalls Adams og manneskjan væri eftir það ófær um annað en að syndga og hjálpræðið væri eingöngu að finna í náð Guðs sem ekki var hægt að ávinna sér með verkum vegna þess að náð Guðs er gjöf hans til mannsins (Sigurjón Árni Eyjólfsson, „Fyrirgefning í kristinni hefð“. *Glíman*. 5. árgangur, 2008, bls. 237–270, hér bls. 256–7). Pelagíus taldi það móðgun við skaparann að gera ráð fyrir því að maðurinn hefði ekkert val um að syndga eða ekki syndga. Hann hélt því fram að Guð setti fram fyrir manninn líf og dauða og vænti þessa að hann veldi lífið. Lokaákvörðunin fælist í frjálsum vilja mannsins en mátturinn kæmi frá Guði en viljinn og framkvæmdin væri í höndum mannanna. Brot Adams, eða fall mannsins, hafði þær afleiðingar fyrir mannkyn að við urðum dauðleg og það opnaði fyrir óhlýðni mannsins. Heikki Raisanen, *The Rise of Christian Beliefs: The Thought World of Early Christians*, Minneapolis: Fortress Press, 2010, bls. 153.

¹³⁴ Elenor Stump, Norman Kretzmann, *The Cambridge Companion to Augustine*, bls. 130.

Skoðun Arendt er sú að maðurinn myndi líklega ekki skilja hugmyndina um innra „ópólítískt“ frelsi ef hann hefði ekki reynslu af því að vera frjáls í veraldlegum og áþreifanlegum veruleika. Við getum aðeins þekkt frelsið eða andstæðu þess í samskiptum við aðra, ekki eingöngu í innra samtali við okkur sjálf, segir hún.¹³⁵ Niðurstaða Arendt er sú að frelsi sé hluti af hversdagslegu lífi manneskjunnar og það sé pólitískur veruleiki. Hvort sem við gerum okkur grein fyrir því eða ekki tengjast athafnir okkar og mannleg hæfni pólitískum vettvangi. Við getum varla snert á málefnum frelsisins án þess að koma inn á svið stjórn mála og öfugt. Frelsi tengist réttlæti, valdi, jöfnuði og ójöfnuði, tækifærum og markmiðum mannsins í lífinu. Það sé hin raunverulega ástæða þess að menn lifa saman í pólitísku samfélagi. Án frelsis er pólitískt líf sem slíkt merkingarlaust, því ástæða pólitíkur er frelsi og reynslusvið þess eru athafnir og hæfni mannsins til að öðlast frelsi.¹³⁶

4.3 Frelsið í skilningi John Stuart Mills

Eitt þekktasta verk John Stuarts Mills (1806–1873) kallast *Frelsið*. Í upphafi ritsins skilgreinir hann borgaralegt og félagslegt frelsi sem hann segir að hafi þróast allt frá Grikklandi og Róm til forna þar sem í frelsinu fólst aðallega vörn einstaklingsins gegn harðstjórn eða einræði. Í tímanna rás hafi hugtakið þróast og merkingin breyst. Stjórnarfulltrúar séu ekki lengur tákni „yfirvalds“ heldur eru þeir þjónar fólksins.¹³⁷ Gallinn við slíka stjórn er sá að lýðræðislegur meirihluti á það til að þvinga vilja sínum upp á minnihlutann með þeim afleiðingum að einstaklingseðlið er kæft niður. Þessar aðstæður geta komið fram út fyrir hinn pólitískan vettvang, þegar samfélagið reynir að þröngva vilja sínum og gildum upp á aðra. „Sjálfræðið“ er þá ekki fólgið í því að hver og einn ráði sér sjálfur heldur er þeim stjórnað af hinum. Þannig kúgar þjóðin hluta af sjálfri sér og samfélagið þarf að vera á varðbergi gagnvart því.¹³⁸ Frelsisregla Mills felst í því að engum er heimilt að skerða athafnarfrelsi einstaklingsins, nema um sjálfsvörn sé að ræða eða ef athafnir einstaklingsins skaði einhvern annan. „Hver maður hefur fullt vald yfir sjálfum sér, líkama sínum og sál“.¹³⁹ Vettvangur hins mannlega frelsis liggur í fyrsta lagi í innra valdasviði samviskunnar í víðasta skilningi, segir Mill, þ.e.a.s. frelsi til að hugsa og hafa skoðanir á öllum þeim málefnum sem manneskjan getur látið sig varða. Mill telur að þar komi málfrelsi og prentfrelsi einnig inn á frelsi einstaklingsins til að tjá skoðanir sínar á almannafæri. Að mati Mills er siðferðilega rangt að

¹³⁵ Sama rit, bls. 147.

¹³⁶ Sama rit, bls. 144–5.

¹³⁷ John Stuart Mill, *Frelsið*, Þýð. Jón Hnefil Aðalsteinsson, Þorsteinn Gylfason, Reykjavík: Hið Íslenska bókmenntafélag, 2000, bls. 36–7.

¹³⁸ Sama rit, bls. 39.

¹³⁹ Sama rit, bls. 47–8. Mill telur að þessi regla geti aðeins átt við um þá sem hafa náð fullum andlegum þroska.

þagga niður skoðanir annarra vegna þess að skoðanaágreiningur er mikilvægur til þess að hjálpa *sannleikanum* að koma fram. Samkvæmt Mill felst sannleikurinn í fjölbreytileika og frelsi manna til skoðanamyndunar, ef einstaklingurinn fengi að lifa lífi sínu með fjölbreyttum hætti kæmi fjölbreytileikinn fram í ólíkum skoðunum, það færi manneskjunnari aukinn persónuþroska og myndi einnig efla hag samfélagsins.¹⁴⁰ Þá bendir hann á að enginn manneskja þekki allan sannleikann og enginn sé óskekull.¹⁴¹ Einnig telur Mill að hver maður eigi að vera frjálst til að lifa í samræmi við skapgerð sína, breyta eftir vild og taka afleiðingum gjörða sinna svo lengi sem það valdi ekki öðrum skaða. Það er réttur einstaklingsins að bindast félagsskap sem á sér sameiginleg markmið og er öðrum að meinalausu. Í þessum reglum er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því sem fyrr að um sé að ræða fulltíða fólk sem er hvorki beint þvingunum né svikum.

Ekkert þjóðfélag er frjálst, nema það virði þessi réttindi, hver svo sem stjórnskipan þess er. Og ekkert þjóðfélag er fyllilega frjálst nema þessi réttindi séu þar ótvíræð og afdráttarlaus. Hið eina frelsi sem á nafnið skilið er frelsi til að freista gæfunnar að eigin vild, svo lengi sem menn reyna ekki að svipta aðra gæfunni eða varna þeim vegar í leit sinni að lífshamingju. Hver maður er sjálfur best til þess fallinn að vaka yfir velferð sinni til líkama eða sálar, þessa heims eða annars. Mannkyninu er meiri akkur í að leyfa mönnum að lifa eins og þeim best þykir en að þröngva þeim til að lifa eins og allir aðrir telja fyrir bestu.¹⁴²

Hér kallast á grunnstef *nytjastefnunnar* (1861) og *frelsisins* og sjá má hvernig Mill nýtir það í framsetningu á *frelsinu*. Í Nytjastefnunni er sett fram hugmynd um „hámarkshamingjulögmál“ og þar er settur fram veruleiki þar sem fólk getur verið eins hamingjusamt og það mögulega getur orðið. Mill álítur að slíkur veruleiki myndi leiða það af sér að hver einasta manneskja samfélagsins hefði siðferðilega skyldu til að huga að náunganum, þar sem breytni manneskjunnar á að leiða af sér hámarkshamingju fyrir alla.¹⁴³ Í riti sínu *Kúgun kvenna*, sem kom fyrst út árið 1869, má sjá að Mill var jafnréttissinni og ötull fylgismaður jöfnuðar kynjanna¹⁴⁴ ásamt því að leggja áherslu á mikilvægi fjölskyldunnar sem grunnstofnunar samfélagsins. Þá gagnrýnir hann þau rök sem notuð hafa verið í sögulegu samhengi til að undiroka konuna í samfélaginu, eins og hefðin hefur gert með því að leggja áherslu á

¹⁴⁰ Sama rit, bls. 22.

¹⁴¹ Sama rit, bls. 59.

¹⁴² Sama rit, bls. 51–2.

¹⁴³ James Rachels, *Stefnur og straumar í siðfræði*, þýð. Jón Á. Kalmansson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1997, bls 127.

¹⁴⁴ John Stuart Mill, *Kúgun kvenna*, þýð. Sigurður Jónasson, Reykjavík: Hið Íslenska bókmenntafélag, 2003, bls. 69.

líkamlegt afl og vald karlmannsins sem jafngilti pólitískum rétti.¹⁴⁵ Mill bendir á að í flestum tilfellum sé mannfólkið fast í viðjum vanans og hefða samfélagsins. Það að eitthvað hafi alltaf verið með ákveðnum hætti þarf ekki að merkja að séu nógu góð og gild rök fyrir því að ástandið eigi að haldast óbreytt, heldur byggjast slík rök frekar á tilfinningum en skynsömum skoðunum.¹⁴⁶ Grunnstef þessara þriggja rita hans fela í sér mikilvægi frelsis einstaklingsins til að hann nái að þroskast og njóta heilla og hamingju, sem er grunnáhersla nytjastefnunnar, þ.e. að hver maður njóti hamingjunnar sem og það mun leiða af sér betra samfélag fyrir alla. Þessi hugsjón felur það í sér að hver manneskja fái rými fyrir sig til að þroskast og dafna á sinn hátt og að hver einstaklingur beri ábyrgð á sjálfum sér.¹⁴⁷ Mill telur að einstaklingurinn sé undir oki samfélagsins sem vill steypa alla í sama mót. Þetta ástand bælir niður eðli og hneigðir manneskjunnar og hindrar þar með þroska hennar til að njóta hamingju.¹⁴⁸ Mill álitur sem svo að manneskjan sé vön því að láta stjórnast frekar af tilfinningum sínum en skynsemi en það er kunnuglegt stef úr klassísku heimspekinni, allt frá tímum Sókratesar, þar sem heilmikið var rætt um hættur tilfinninganna ef manneskjan lætur eftir sér að stjórnast af hvötum sínum. Þessar áherslur eru sérstaklega áberandi í heimspeki Platóns sem að einhverju leyti hefur verið gert grein fyrir í fyrri kafla þessa hluta. Mill gagnrýnir þessa „sögulega hefð“ og hvernig hún hefur verið notuð sem rök gegn því að breyta einhverju ástandi.¹⁴⁹

Vegna þessara ríkjandi skoðana hafa ákveðnir hópar samfélagsins ekki notið frelsis og réttinda eins og þeir eiga tilkall til. Það er margt í hugmyndafræði Mills sem kallast á við mannréttindabaráttu 20. og 21. aldarinnar, til dæmis má nefna þau málefni sem hann barðist fyrir og skrifaði hafa að mörgu leyti komist í framkvæmd á Vesturlöndum, eins og frelsi einstaklingsins, jöfnuður kynjanna og skilgreining á mannhelgishugtakinu sem kveður á um að einstaklingurinn hafi tækifæri til að sækjast eftir því sem hann telur eftirsóknarvert í lífinu, án afskipta annarra. Mill gagnrýnir gömul gildi og venjur heimspeki forn gríkkja sem hann telur draga úr eðlilegri þróun mansins þar sem einstaklingurinn fær að njóta sjálfræðis án þess að samfélagið ákvarði hvaða hlutverki hann eigi að gegna eða hvernig hann eigi að vera. Kynverundarréttindabaráttan hefur þurft að berjast gegn slíkum stöðluðum hugmyndum, hefðum og vana samfélagsins varðandi kynverundina. Því það sem samfélagið þekkir ekki út frá sögulegu samhengi, telst „óeðlilegt“, eins og Mill benti á. Hamingjulögmál nytjastefnunnar, frelsisregla einstaklingsins og rök Mills fyrir jafnrétti kynjanna hafa allt haft

¹⁴⁵ Sama rit, bls. 79–80.

¹⁴⁶ Sama rit, bls. 73.

¹⁴⁷ John Stuart Mill, *Frelsið*, bls. 124.

¹⁴⁸ Sama rit, bls. 121.

¹⁴⁹ John Stuart Mill, *Kúgun kvenna*, bls. 73–75.

gríðarleg áhrif á orðræðu réttindabaráttunnar, sérstaklega kvenna, en einnig má tengja hugmyndafræði hans við frelsi og réttindi allra minnihlutahópa til þess að njóta heilla og hamingju. Það má því leiða líkum að því að þeir aðilar sem standa að skýrslunum um kynverundarrétt sem hluta mannréttinda séu undir áhrifum Mills, þar sem að röksemdarfærslur þeirra eru í anda kenninga hans.

4.4 Ályktanir

Í þessum hluta hefur verið farið yfir þróun frelsishugtaksins frá forn-gríska borgríkjasamfélaginu og hvernig það hefur þróast í heimspekilegu- og guðfræðilegu samhengi sem mótað hafa hugmyndafræði okkar um frelsi allt til okkar tíma. Af þeim heimildum notaðar hafa verið má álykta að frelsi einstaklingsins í sögulegu samhengi hafi óumflýjanlega verið veitt og skorðað af samfélagslegum, pólitískum og efnahagslegum tækifærum sem aðgengileg hafa verið einstaklingnum innan þess samfélags sem hann býr í. Þar sem ákveðnir hópar hafa haft meira frelsi, á meðan aðrir hafa haft takmarkað frelsi til athafna, tjáningar og tækifæra.

Stjórnspekin og guðfræðin hafa í gegnum tíðina varað manneskjuna við því að láta stjórnast af tilfinningum sínum, þrám og löngunum á þeim forsendum að slíkt leiði til ófrelsis hennar. Hræðsla stjórnvaldsins hefur þó að öllum líkindum falist í því að ef manneskjan láti stjórnast af hvötum sínum og tilfinningum gæti það leitt til stjórnleysis og ójafnvægis á stjórnarformi ríkisins. Þess vegna felur stjórnspeki hinnar fornu heimspeki í sér að takmark manneskjunnar væri hið réttláta og góða sem fékkst með því að beita skynseminni og leiddi af sér hamingju fyrir einstaklingin og samfélagið. Samfélagslegar aðferðir eins og „hefðarvaninn“ hefur verið notaður sem rök gegn því að breyta samfélagslegu fyrirkomulagi í þeim tilgangi að hafa stjórn á þegnum samfélagsins með því að reyna að bæla niður eðli og hneigðir manneskjunnar. Þegar við tölum um frelsi erum við yfirleitt að tala um tækifæri sem manneskjan hefur til þess að sækjast eftir því sem hún telur eftirsóknarvert í lífinu. Í því felst frelsisregla Mills sem kveður á um að það sé mikilvægt fyrir hvern einstakling að fá sitt rými til þess að þroskast og dafna á þann hátt sem hann telur sjálfum sér vera fyrir bestu og að hver einstaklingur fái að bera ábyrgð á sjálfum sér, sem hann taldi að myndi leiða til hamingju einstaklingsins og þar af leiðandi til jákvæðrar þróunar í farsæld samfélagsins alls. Frelsið felur í sér einstaklingsþroska manneskjunnar sem hægt er að öðlast með því að brjóta upp hefðarvana og óréttmæta forræðishyggju samfélagsins sem heftir einstaklingsfrelsi og þroska manneskjunnar.

Spurningin um *hver ábyrgð manneskjunnar sé virðist hreyfa við mörgum stjórn málspekingum*. Spurningar um hvort að manneskjan beri sjálf ábyrgð á því hvað verður um hana eða hvort aðrir ættu að bera ábyrgð á henni, eru spurningar sem þarf að svara á siðferðilegum grundvelli. Sumir vilja meina að samfélagslega ábyrgðin grafi undan einstaklingsfrumkvæði, viðleitni og sjálfsvirðingu. Þessi rök eru mikilvæg og eiga vissulega rétt á sér, því að afleiðingarnar af því að taka á sig ábyrgð hagsmuna annarrar manneskju getur leitt til þess að einstaklinginn þroski ekki með sér mikilvæga þætti eins og frumkvæði og sjálfsþekkingu. Samfélagsleg ábyrgð sem tekur algjörlega við af ábyrgð einstaklingsins getur ekki haft annað en þveröfug áhrif, því að ekkert getur komið í stað einstaklingsábyrgðar. Hins vegar er raunverulegt frelsi sem einstaklingurinn nýtur og ábyrgð hans óljós vegna persónuleglegra, samfélagslegra og umhverfislegra aðstæðna.

Ábyrgð krefst frelsis því að tengingin á milli frelsis og ábyrgðar er samverkandi. Ef að manneskjan hefur ekki raunverulegt frelsi til þess að gera þá hluti sem felst í því að vera ábyrg manneskja getur manneskjan ekki talist ábyrg. Hins vegar ef manneskjan hefur frelsi og tækifæri til að gera það sem samfélagið krefur hana um ýtir það jafnframt undir skyldu einstaklingsins að íhuga hvort það sé eitthvað sem hún vill eða vill ekki gera, í því felst einstaklingsábyrgðin. Í þessum skilningi er frelsi bæði nauðsynlegt og fullnægjandi fyrir ábyrgð manneskjunnar.

Í stjórnspeki samtímans felst raunverulegt frelsi manneskjunnar í hæfni hennar til að gera þá hluti sem hún telur eftirsóknarverða og einnig að fá tækifæri til þess að sækjast eftir þeim hlutum. Nálgun til réttlætis og mannþróunar kemst ekki hjá því að skoða raunverulegt frelsi í ljósi einstaklingsfrelsis og dómgreindar manneskjunnar. Einstaklingsfrelsið er því einhverskonar samfélagssáttmáli þar sem fullorðinn einstaklingur hefur stjórn á eigin vellíðan þar sem hann ákveður sjálfur hvernig hann notar tækifærin sem honum gefast í lífinu. Í dag eru notaðir mælikvarðar sem meta frelsi manneskjunnar á þeim forsendum hvort hún hafi tækifæri eða færni til þess að sækjast eftir því sem hún telur gefa lífi sínu gildi, þeir mælikvarðar fela meðal annars í sér hugmyndafræði Mills um að hver manneskja hafi tækifæri til þess að leita hamingjunnar á eigin forsendum. Mótun og þróun frelsis- og réttlætiskenninga í nútímasamhengi eru undir áhrifum arfleifðar Mills en markmið næsta hluta er að fjalla um réttlæti og frelsi í réttlætiskenningum samtímans

5 Réttlæti

Hugmyndir um réttindi mannsins, hvað þau séu í raun og veru og hvort þau séu raunverulega til, eru spurningar sem svara má á mismunandi hátt eftir því hvaða aðstæður mannlífsins eru teknar til skoðunar hverju sinni. Söguleg notkun hugtaksins er raunar frekar ung en sem dæmi má nefna sjálfstæðisyfirlýsingu Bandaríkjana um réttindi manna og borgara frá árinu 1776 og frönsku yfirlýsinguna um *viðurkenningu einstaklingsréttinda* eftir frönsku byltinguna árið 1789 þar sem kveðið er á um óframseljanlegan rétt mannsins og einstaklingsfrelsi hans. Báðar yfirlýsingarnar kveða á um frelsi einstaklingsins og rétt hans til lífs og hamingju og ruddu brautina fyrir viðurkenningu mannréttinda í sögulegu samhengi. Í ljósi umræðu samtímans hefur hlutverk hugtaksins breyst enn frekar vegna Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá 1948 sem fékk lagalega viðurkenningu á alþjóðargrundvelli. Réttlæti og mannréttindi voru hugtök sem voru í brennidepli eftir hina hræðilegu atburði síðari heimsstyrjaldar þar sem þörf þótti að verja réttindi mannsins með alþjóðlegum samningum gagnvart ríkisvaldinu. Réttlætiskenningar hafa verið settar fram á síðustu áratugum til að svara spurningum er varða réttlæti mannsins og jöfnuð manna í millum.

Í þessum hluta verður farið í örstuttu máli yfir áhersluatriði réttlætiskenningar John Rawls (1921–2002) sem var einn þekktasti stjórnspekingur tuttugustu aldarinnar. Ástæðan fyrir því að þörf þykir að gera grein fyrir kenningum Rawls er sú að bæði Amartya Sen¹⁵⁰ og Martha Nussbaum¹⁵¹ byggja kenningar sínar að einhverju leyti á réttlætiskenningu hans sem sett er fram í bók hans *A Theory of Justice* sem kom út árið 1971. Í þessum hluta verður síðan ítarlega farið í hugmynd Amartya Sen¹⁵² og Mörthu Nussbaum um færnisnálgunina sem tengir saman frelsi, færni einstaklingsins og samfélagslegt réttlæti.

5.1 Réttlætiskenning John Rawls

Kenningar John Rawls hafa haft gríðarlega mikil áhrif á sviði stjórnspeki. Í bókinni *Kenning um réttlæti (A Theory of Justice)* leggur Rawls fram spurningar um réttindi manneskjunnar og réttláta skiptingu lífsgæða.¹⁵³ Rawls taldi að lög og stofnanir sem byggja ekki á réttindum manneskjunnar ætti að afnema eða leggja niður.¹⁵⁴ Að hans mati getur samfélagið aðeins talist

¹⁵⁰ Amartya Sen, *The Idea of Justice*, Cambridge: The Belknap Press, 2009, bls. 52.

¹⁵¹ Martha C. Nussbaum, *Sex and Social Justice*, bls. 24.

¹⁵² Amartya Kumar Sen (1933) er hagfræðingur sem starfað hefur sem prófessor við ýmsa háskóla til dæmis Oxford og Harvard. Hann er þekktastur fyrir störf sín og verk í þróunarhagfræði og velferðerhagfræði en hann hefur unnið Nóbelsverðlaun á því sviði (1998).

¹⁵³ Gunnar Skirbekk, Nils Gilje, *Heimspokisaga*, bls. 693.

¹⁵⁴ John Rawls, *Theory of Justice - Revised Edition*, Cambridge: The Belknap Press of Harvard University Press, 1999, bls. 3.

vel skipulagt þegar það metur kosti einstaklingsins og þegar einstaklingurinn er meðvitaður um hugmyndir réttlætisins. Rawls taldi að ef allir, bæði einstaklingar og stofnanir, þekktu og viðurkenndu réttlætishugmyndina mundu þeir ósjálfrátt einnig viðurkenna rétt allra annarra.¹⁵⁵ Hann benti á að hugtökin *réttlæti* og *óréttlæti* ná ekki eingöngu til laga, stofnana og samfélagslegra kerfa heldur einnig til margskonar breytni sem byggja á ákvörðunum og dómgreind. Þannig eru viðhorf og verknaðir manneskjunnar og manneskjan sjálf bæði réttlát og óréttlát.¹⁵⁶ Kenning Rawls byggir aðallega á tveimur reglum. Fyrri regla réttlætisins felur það í sér að hver manneskja hafi jafnan rétt til grundvallar frelsis sem er sambærilegt frelsi annarra. Í því felst pólitískt frelsi til að kjósa og að bjóða sig fram í pólitískt embætti, málfrelsi, frelsi til félagslegra samskipta við aðra með sameiginlega hagsmuni eða málefni í huga, frelsi meðvitundarinnar og frelsi til persónulegrar eignar. Önnur regla réttlætisins felst í skiptingu á samfélagslegum og efnahagslegum ójöfnuði. Þetta felur það í sér a) að ójöfnuður er aðeins réttlætanlegur ef hann er til hagsbóta fyrir þá verst settu í samfélaginu og b) að embætti og stöður skulu vera veittar á sanngjarnan hátt með tilliti til jöfnuðar.¹⁵⁷ Réttlætiskenning Rawls byggir samfélagsgildum sem hver manneskja þarf til þess að lifa góð lífi. Samfélagsgildin sem Rawls lagði áherslu á voru frelsi, möguleikar, tekjur, auður og samfélagsleg sjálfsvirðing manneskjunnar, en þessi gildi kallaði Rawls samfélagsleg frumgæði (e. *primary goods*). Frumgæðin felast í því að manneskjur séu frjálsar og jafnar til þess að geta lifað í lýðræðislegu samfélagi, en felst ekki endilega í því sem manneskjuna langar eða þráir.¹⁵⁸ Kenning Rawls um réttlæti átti mikilvægan þátt í umræðu stjórnspekinga um réttlæti og hefur verið mikið notuð allt til dagsins í dag.¹⁵⁹

Réttlætishugmynd Amartya Sen

Amartya Sen og Martha Nussbaum eru bæði kennismiðir *færnisnálgunarinnar* og byggja hugmyndir sínar í grunninn á kenningu Rawls, þótt bæði telji ýmsa vankanta á kenningu hans. Sen gagnrýnir kenningu Rawls í bókinni *The Idea of Justice* á þeim forsendum að hún sé of einföld en einnig telur hann að kenningin geri ekki ráð fyrir því óréttlæti sem minnihlutahópar samfélagsins verði fyrir og þannig sé kenning Rawls ekki í samræmi við raunverulega stöðu manneskjunnar í samfélaginu.¹⁶⁰ Grundvallarmunur færnisnálgunarinnar (e. *capability approach*) hjá Sen og réttlætiskenningar Rawls felst í því að réttlætiskenningin leggur áherslu

¹⁵⁵ Sama rit, bls. 4.

¹⁵⁶ Sama rit, bls. 6.

¹⁵⁷ Sama rit, bls. 53.

¹⁵⁸ Sama rit, bls. 54.

¹⁵⁹ Gunnar Skirbekk, Nils Gilje, *Heimspokisaga*, bls. 693

¹⁶⁰ Amartya Sen, *The Idea of Justice*, bls. 60.

á frumgæðin sem hver manneskja þarf til að lifa góðu lífi á meðan færnisnálgunin leggur áherslu á mannlega færni. Færnisnálgun Sens einbeitir sér að mannlífínu og lífsgæðum manneskjunnar en ekki eingöngu efnahagslegum gæðum hennar eins og tekjum og auðlindum. Þannig metur Sen það sem svo að frelsi manneskjunnar felist í raunverulegri hæfni hennar til að gera mismunandi hluti og tækifærum sem hún hefur í lífinu til að sækjast eftir þeim hlutum sem gefa henni gildi.¹⁶¹ Hann telur færni hafa hlutverki að gegna í samfélagslegu siðferði og stjórnspeki sem hefur áhrif á hamingju og velferð manneskjunnar.¹⁶²

Velferðarréttindi (e. *welfare rights*) kallast þau réttindi er varða efnahagsleg og samfélagsleg réttindi manneskjunnar og fela í sér rétt hennar til grundvallargæða í lífi sínu eins og aðgang að heilsugæslu, menntun og öðru sem bætir grundvallarlífsskilyrði manneskjunnar.¹⁶³ Velferðaréttindi bættust frekar nýlega við framsetningu mannréttinda og telur Sen það sýna hversu mikil útvíkkun hefur orðið á hugtakinu í sögulegu samhengi. Hann telur Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna endurspegla róttæk umskipti sem hafa átt sér stað í samfélagslegri hugsun tuttugustu aldarinnar. Þessar áherslur segir Sen sýna á skýran hátt að talsverðar breytingar hafa orðið á hugmyndafræðilegum rétti mannsins í sögulegu samhengi eins og hann er settur fram í sjálfstæðisyfirlýsingu Bandaríkjanna árið 1776 og frönsku yfirlýsingunni frá 1789. Þá bendir hann á að þróun mannréttinda hafa breyst í samtíma samhengi þannig að nú sé meiri áhersla en áður lögð á pólitískt réttlæti með tilliti til samfélagslegra og efnahagslegra réttinda borgaranna.¹⁶⁴ Mælikvarði á velferð einstaklingsins hefur löngum verið tengd nytjastefnunni þar sem hamingja einstaklingsins er miðlæg.¹⁶⁵ Hamingja einstaklingsins er vissulega mikilvæg í lífi hvernar manneskju en Sen fagnar því að sjá að athyglin er farin að beinast í auknum mæli að öðrum mælanlegum hliðum varðandi það sem veitir manneskjunni hamingju en ekki eingöngu þar sem hamingjan er mæld út frá tekju-sjónarhorni manneskjunnar.¹⁶⁶ Sen bendir á að þótt hamingjan sé mikilvæg í lífi hvernar manneskju er hún varla það eina sem gefur henni gildi. Þess vegna felst færni manneskjunnar til hamingu í frelsi hennar til tækifæra til að ná markmiðum og gildum sem hún hefur ástæðu til þess að meta í eigin lífi.¹⁶⁷ Mannréttindayfirlýsingar, telur Sen, vera siðferðislegar yfirlýsingar á nauðsyn þess að vekja sérstaka athygli á því að frelsið sé innifalið í

¹⁶¹ Sama rit, bls. 253.

¹⁶² Sama rit, bls. 271.

¹⁶³ Sama rit, bls. 379.

¹⁶⁴ Sama rit, bls. 380.

¹⁶⁵ Sama rit, bls. 272.

¹⁶⁶ Sama rit, bls. 273.

¹⁶⁷ Sama rit, bls. 276.

framsetningu mannréttinda.¹⁶⁸ Frelsisákvæði er mikilvægt, að mati Sens, ekki aðeins til að staðfesta okkar eigin rétt og frelsi heldur til að veita frelsi og réttindum annarra athygli og viðurkenna þannig jafnan rétt allra.¹⁶⁹

Sen fullyrðir að siðferðiskenningar og stjórnmalakenningar sem leggja áherslu á réttlæti þurfi að skoða og meta samfélagið út frá réttlæti þess og óréttlæti. Í þessu samhengi sé því mikilvægt að hafa yfirsýn yfir alhliða kosti einstaklingsins og meta þá.¹⁷⁰ Nálganir, eins og auðlindarnálgunin og nytjanálgunin, hafa mikið verið notaðar í efnahagslegum mælingum en í þeim mælingum eru kostir einstaklingsins aðallega metnir út frá tekjum hans, auði og auðlindum.¹⁷¹ Þessar tvær nálganir, ítrekar Sen, eru í andstæðu við færnisnálgunina og áherslur hennar.¹⁷² Sen segir mikilvægt að hugmyndir um frelsi taki tillit til að manneskjan sé frjáls til að ákveða hvað það er sem hún vill. *Færni* manneskjunnar tengist þar af leiðandi náíð *tækifærishlið* frelsisins, það er að segja að skoðuð séu „alhliða“ tækifæri manneskjunnar í lífinu en ekki að aðeins sé lögð áhersla á ákveðin „hápunkt“ sem manneskjan stefnir að. Færnisnálgunin sem mælikvarði frelsis leggur áherslu á að nálgast sem mestar upplýsingar um manneskjuna, ástand hennar og tækifæri til að meta raunverulegt frelsi hennar. Sen bendir á að nálgunin setji ekki fram neinar tillögur að sérstakri „uppskrift“ um hvernig þessar persónuupplýsingar skuli vera notaðar. Það fer eftir því hvaða spurningum er reynt að svara, til dæmis hvort skoðuð er fátækt, fötlun, kynferði eða menningarlegt frelsi svo eitthvað sé

¹⁶⁸ Sama rit, bls. 366.

¹⁶⁹ Sama rit, bls. 367.

¹⁷⁰ „hamingjan er góð, að hamingja hvers manns sé góð fyrir hann og hin almenna hamingja því góð fyrir mannkynið í heild.“ John Stuart Mill, *Nytjastefnan*, Þýð. Gunnar Ragnarsson, Reykjavík: Hið Íslenska bókmenntafélag, 1998, bls. 48.

¹⁷¹ Nálganir sem einbeita sér að efnahagslegri þróun til þess að mæla lífsgæði manneskjunnar eins og GDP-mælikvarðinn (Ísl. verg landsframleiðsla, e. *gross domestic product*) hefur sína kosti, til dæmis er frekar auðvelt að mæla meðaltal GDP-ríkja einnig er erfitt fyrir ríki að falska upplýsingar til að líta betur út. Síðast en ekki síst gefa mælingar efnahagslegs vaxtar ríkja að minnsta kosti einhverjar upplýsingar um hlutfallslegan vöxt þjóða og ríkja. Þrátt fyrir kosti mælikvarðans er vaxandi álit manna að vankantar séu á GDP sem lífsgæðamælikvarða. Mannþróunarskýrslur sýna þó skýrt að HDI-mælikvarðinn (e. *Human Development Index*. Ísl. vísitala um þróun lífsgæða) sem skoðar meðal annars menntun og langlífi þegna ríkis og þjóða, sýni ekki sömu niðurstöðu og GDP mælikvarðinn. GDP gefur ákveðnar upplýsingar um afkomu og efnahag þjóða en mælikvarðinn segir minna um mannleg lífsgæði þar sem GDP-mælikvarðinn leggur ekki áherslu á heilsufar, langlífi, menntun, líkamlegt öryggi, pólitískan og samfélagslegan rétt, gæði umhverfisins, atvinnutækifæri né tíma einstaklingsins til tómstunda og afþreyingar, svo eitthvað sé nefnt. Þjóðir með svipað GDP-meðaltal geta verið gríðarlega ólík hvað varðar gæði þeirra í heilsugæslu, menntun, pólitískum rétti og frelsi. Síðustu ár hefur verið horft meira til HDI-mælikvarðans sem er talin gefa réttari upplýsingar um raunverulegt ástand þegna ríkja og þjóða. Aðrir mælikvarðar hafa bæst við á síðustu árum sem gefa enn betri upplýsingar um mannleg lífsgæði eins og GDI-mælikvarðinn (e. *gender development index*) sem gefur réttara meðaltal en HDI-mælikvarðinn um kynjamun eftir ríkjum. GEM-mælikvarðinn (e. *gender empowerment measure*) er annar mælikvarði sem notaður er til að mæla langlífi kvenna og menntun þeirra en einnig til að skoða skiptingu tækifæra og aðgangs kvenna að stjórnunarstöðum og pólitískum stöðum eftir ríkjum. GEM-mælikvarðinn hefur sýnt fram á hlutfallslega mikið ósamræmi á milli GDI og GEM sem bendir til þess að enn vantar mikið upp á að jafnrétti náist á sviði pólitísku- og stjórnunarvalds kynjanna. (Martha C. Nussbaum, *Creating Capabilities. The Human Development Approach*, Cambridge: The Belknap Press of Harvard University Press, 2011 bls. 47–60.).

¹⁷² Amartya Sen, *The Idea of Justice*, bls. 231.

nefnt. Þannig lítur Sen á færnisnálgunina sem almenna nálgun sem einbeittir sér að því að ná fram upplýsingum um kosti einstaklingsins og meta þá á forsendum tækifæra hans. Sen telur að með því að beita þessari nálgun sé hægt að benda á hvar hlutir megi betur fara í samfélaginu með því að skoða gæði og kosti einstaklingsins í því samfélagi sem hann býr í.¹⁷³

Færnisnálgun – Martha Nussbaum

Martha Nussbaum¹⁷⁴ hefur á síðustu árum verið ötul við að útfæra færnisnálgunina í uppbyggilegri umræðu um málefni sem varða samfélagslegt mat og stefnumál.¹⁷⁵ Nussbaum, Líkt og Sen, leggur áherslu á fjölbreytileika mismunandi þátta mannlegs lífs og málefna því gildismat færninnar getur verið mismunandi eftir aðstæðum manneskjunnar. Líkt og Sen beinir hún sjónum sínum að mannlegu lífi og gæðum þess frekar en að einblína á tekjur einstaklingsins, auð og auðlindir sem honum tengjast til að mæla mannlega velgengi. Nussbaum fullyrðir að frelsið sé dýrmætt meðal annars vegna þess að aukið frelsi gefur manneskjunnar *tækifæri* (e. *opportunity*) til að sækjast eftir þeim markmiðum sem hún telur gefa lífi sínu gildi. Það hjálpar henni í fyrsta lagi að ákveða hvernig lífi hún vill lifa og stuðlar að því að hún sækist eftir þeim markmiðum sem hún vill að verði að raunveruleika. Nussbaum útskýrir tækifærishlið frelsisins þannig að hún varði getu manneskjunnar til að raungera þau gildi sem skipta hana máli sama hvernig *ferlið* (e. *process*) gæti verið sem hún þarf að fara í gegnum til að öðlast þau. Í öðru lagi telur Nussbaum að tengslin á milli ferlisins og raunverulegs vals manneskjunnar séu mikilvæg, í því felst til dæmis fullvissan um að enginn sé neyddur í ákveðið ástand vegna þvingana annarra eða að tækifærin séu takmörkuð þannig að manneskjan hafi ekki raunverulegt val til að ákveða sinn farveg í lífinu.¹⁷⁶ Eins og fram hefur komið er eitt markmið færnisnálgunarinnar að gera það mögulegt að bera saman lífsgæði eftir mismunandi svæðum heimsins með tilliti til samfélagslegs réttlætis. Nálgunin metur samfélög út frá því hvaða tækifæri þegar þess hafa til að gera og vera það sem þeir sjálfir kjósa. Nálgunin byggir á því að manneskjan sé takmark í sjálfri sér og kastljósinu er beint að vali eða frelsi einstaklingsins miðað við þau tækifæri sem samfélagið veitir einstaklingnum hvort sem hann nýtir sér þau eða ekki. Raunverulegt frelsi einstaklingsins, að mati Nussbaum og Sen, felur í sér tvennt: Í fyrsta lagi að samfélagið hvetji einstaklinginn til

¹⁷³ Sama rit, bls. 232.

¹⁷⁴ Martha C. Nussbaum (1947) er bandarískur heimspekingur og prófessor í lögfræði og siðfræði. Hún og Amartya Sen eru helstu kennismíðir færnisnálgunarinnar.

¹⁷⁵ Amartya Sen, *The Idea of Justice*, bls. 232.

¹⁷⁶ Sama rit, bls. 228.

sjálfsábyrgðar og sjálfsskilnings svo hann geti metið eigin færni og notað hana. Í öðru lagi felur hún það í sér að samfélagið veiti einstaklingnum tækifæri til þess að efla færni hans.¹⁷⁷

5.2 Færnisssköpun og mannþróun - Martha Nussbaum

Á undanförunum árum hefur Martha Nussbaum þróað færnisnálgunina en markmið hennar er að sýna fram á leiðir til réttlætis fyrir manneskjuna (einnig dýra og náttúruna alla). Hún telur mikilvægt að alþjóðasamfélagið viðurkenni menningarlegan og persónulegan fjölbreytileika manneskjunnar svo að henni sé gert kleift að lifa fullnægjandi og þroskandi lífi þar sem möguleikar fólks mótast í sama hlutfalli og það nýtur mannlegrar virðingar.¹⁷⁸ Frelshugmynd Nussbaum felst í því að raunverulegt frelsi einstaklingsins er samsett úr persónulegri getu og færni hans en einnig pólitískum og samfélagslegum þáttum sem og efnahagslegu umhverfi. Nussbaum vill leggja áherslu á mat á færni manneskjunnar eftir persónueinkennum hennar eins og persónuleika, gáfum, tilfinningahæfni, líkamlegu heilsufari, skynjunum og skilningi og fleiri þáttum sem skipta máli fyrir „færnisssamsetningu“ manneskjunnar.¹⁷⁹ Þessu til stuðnings hefur hún lagt til *tú miðlægar færnisreglur* sem hún telur að allar manneskjur ættu að hafa aðgang að og eiga rétt á til að upplifa lágmarkslífsgæði. Færnisreglurnar setur hún fram með tilliti til fjölbreytileika mannlífsins og því sem hún telur felast í samfélagslegu réttlæti og rétti manneskjunnar til að virðingarverðs lífs. Jafnframt telur hún að slíkar kröfur myndu bera mestan árangur ef þær væru í höndum stjórnvalda sem hefðu umboð og fylgdust með því að samfélagið framfylgdi eftir þessum reglum. Eftirfarandi atriði eru tillögur Nussbaum að tú miðlægum færnisreglum:

1. Líf: Að fá að lifa ævi sína til enda, sem þýðir að deyja ekki ótímabærum dauðdaga eða þannig að lífsgæðin séu það takmörkuð að því marki að lífið sé ekki þess vert að lifa því.
2. Líkamleg heilsa: Að geta verið við góða heilsu, þar með talið frjósemisheilsu, að fá næga næringu og hafa viðunandi húsaskjól.
3. Líkamleg heilindi: Að vera fær um að hreyfa sig frjálst frá einum stað til annars, að vera öruggur fyrir ofbeldi, þar með talið kynferðislegu ofbeldi og heimilisofbeldi. Að hafa tækifæri til kynferðislegrar fullnægju og vali í málefnum er varða frjósemi og fjölgun.

¹⁷⁷ Martha C. Nussbaum, *Creating capabilities. The Human Development Approach*, bls. 20.

¹⁷⁸ Sama rit, bls. 185.

¹⁷⁹ Sama rit, bls. 21.

4. Skilningarvit, ímyndundarafl og hugsanir: Að vera fær um að nota skilningarvitin, að ímynda sér, hugsa og rökstyðja á mannlegan hátt með hjálp upplýstrar, þroskandi og fullnægjandi menntunnar sem felur í sér en er á engan hátt takmörkuð við lestrar- og skriftarkunnáttu, grundvallar kunnáttu í stærðfræði og vísindalega þjálfunar. Að vera frjáls til hugsana og tjáningar um margvísleg málefni þar sem virðing er borin fyrir bæði pólitísku og listrænu máli og frelsi til trúarlegrar iðkunar. Að vera fær um að eiga ánægjulega reynslu en forðast sársauka.
5. Tilfinningar: Að vera fær um að tengjast hlutum og fólki, að elska þá sem elska og sýna okkur umhyggju, að syrgja þá sem eru fjarri. Almennt að fá að elska, syrgja og að njóta reynslunnar af því að þrá og sýna þakklæti og réttláta reiði. Að borin sé virðing fyrir mannlegum tilfinningum (þessi færni felur í sér eflingu við mannlegan félagsskap sem styður þróun og þroska manneskjunnar).
6. Hagnýt skynsemi: Að vera fær um að móta hugmyndir um hið góða og taka þátt í gagnrýnni hugsun um skipulag á eigin lífi (þessi færni felur í sér vernd til frelsis samvisskunnar og trúarlegra helgisiða).
7. Tengsl: a) Að vera fær um að lifa með og nærri öðrum, að viðurkenna og sýna umhyggju fyrir öðrum manneskjum, að taka þátt í fjölbreyttri samfélagslegri gagnvirkni. Að vera fær um að ímynda sér aðstæður annarra (þessi færni felur í sér að vernda þurfi stofnanir sem mynda og næra slík tengsl og einnig að vernda samkomufrelsi fólks með sameiginleg markmið og pólitískra málefni). b) Að hver manneskja fái að halda sjálfsvirðingu sinni án niðurlægingar, að komið sé fram við hverja manneskju af virðingu og jöfnuði. Þessi færni felur í sér að ekki sé farið í manngreinarálit á grundvelli kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar, þjóðernis, trúar og svo framvegis.
8. Aðrar tegundir: Að vera fær um að lifa með umhyggju fyrir og í sambandi við dýr, plöntur og náttúruna alla.
9. Leikur: Að vera fær um að hlæja, að leika og njóta tómsunda og skemmtunnar.
10. Stjórn yfir eigin umhverfi: a) Stjórnmalalegt. Að fá tækifæri til að taka virkan þátt í pólitísku vali sem stýrir lífi manns, réttur til pólitískrar þátttöku, verndun málfrelsis og félagsskapar. b) Efnislegt. Að hafa tækifæri til eignahalds. Að hafa rétt til að sækja atvinnu til jafns við aðra, frelsi frá óréttmætri leit og eignarnámi. Að vera fær um að vinna

eins og manneskju sæmir, að fá að æfa hagnýta skynsemi og ganga inn í mikilvæg sambönd af gagnkvæmri viðurkenningu með öðrum vinnufélögum.¹⁸⁰

Skortur á einhverjum þessara atriða telur Nussbaum leiða til skertra lífsgæða mannsins og þess vegna ætti samfélagið að veita öllum þessum reglum athygli til þess að mæta þörfum mannsins. Framsetning Nussbaum á færnisreglunum eiga ekki síst að vera til leiðbeiningar fyrir stjórnskipulag samfélagsins því að hennar mati býr færnisálgunin yfir nákvæmari leiðsögn en það sem nytjánálgunin (e. *utility*) eða auðlindarnálgunin (e. *resource*) setja fram til þess að meta raunveruleg lífsgæði mannsins. Færnisreglurnar miða að jöfnuði allra og því ekki hægt að fullnægja þörfum eins á kostnað annars. Hver regla hefur miðlægt gildi í sér og þær eru allar samverkandi.¹⁸¹

Sameiginlegur grundvöllur færnisálgunarinnar og mannréttindanálgunar liggur í hugmyndinni um grundvallarrétt manneskjunnar og þá *samfélagskyldu* að virða og styðja þessi réttindi. Sama má segja um áhersluna á hamingju manneskjunnar. Nussbaum telur að færnisreglurnar séu í samræmi við markmið mannréttindasáttmála þar sem þau koma bæði inn á pólitísk og borgaraleg réttindi og einnig efnahagsleg og samfélagsleg réttindi.¹⁸² Hið hugmyndafræðilega samband á milli miðlægu færnisreglnanna sem Nussbaum setur fram og mannréttinda- og samfélagskyldunnar felst í því að færnisálgunin skoðar bæði grundvöll þeirra og hlutverk í þvermenningarlagalegum samanburði og með tilliti til stjórnskipulagsábyrgðar. Hún telur að ef færnisreglurnar væru hluti af stjórnskipulagi ríkisstjórna yrðu þær miðlægar í samfélaginu þar sem það væri í höndum ríkisins að sjá til þess að lágmarksfærni og mannvirðingu væri framfylgt. Hún telur að lausnin felist í því að innleiða færnisreglurnar í stjórnarskrár og stjórnskipulag ríkja, þannig yrði það hlutverk ríkisins að vernda reglurnar og ábyrgjast að þeim yrði framfylgt með notkun laga og almennra stefnumála. Þannig sér hún fyrir sér að takmarki færnisreglnanna yrði náð. Hún bendir einnig á að nýrri stjórnarskrár fela í auknum mæli í sér ákvæði um grundvallarrétt manneskjunnar til mannvirðingar. Mannvirðingarhugtakið felur í sér alheimsgildi í sjálfu sér og þess vegna er alþjóðasamfélagið skyldugt að vernda færni allra borgara. Nussbaum hefur einbeitt sér að spurningum sem varða samfélagslegt réttlæti, pólitíska og lagalega uppbyggingu samfélagsins þar sem virðing fyrir manngildinu er í hávegum höfð. Í því samhengi telur hún að ekki sé hægt að aðskilja réttindi og skyldur. Ef fólk hefur réttindi þá er skylda að vernda þau jafnvel

¹⁸⁰ Sama rit, bls. 33–34.

¹⁸¹ Martha C. Nussbaum, *Sex and Social Justice*, bls. 42.

¹⁸² Martha C. Nussbaum, *Creating Capabilities. The Human Development Approach*, bls. 62.

þótt það erfitt sé að segja til um hverjum skyldan tilheyrir. Í þessu felst samfélagsskyldan.¹⁸³ Nussbaum telur færnisnálgunina vera jákvæða viðbót við almennar stjórnstefnur sem hefur samfélagslegt grundvallarréttlæti að leiðarljósi. Hún telur einnig að alþjóðasamfélagið þurfi aukna gagnrýna hugsun og rökræður sem byggjast á grundvelli þar sem allir þátttakendur bera virðingu hver fyrir öðrum.¹⁸⁴

Færnisnálgunin beinir kastljósinu að jafnréttindabaráttu minnihlutahópa, útskúfaðra og jaðarhópa sem aðrir samfélagasáttmálar virðast ekki gera ráð fyrir. Færnisnálgunin hefur vakið athygli um allan heim sem nálgun sem einbeitt sér að samfélagslegu réttlæti og jöfnum tækifærum manneskjunnar til lífsgæða sem hún metur sjálf að gefi lífi sínu gildi. Viðbótin sem Nussbaum leggur til við færnisreglurnar umfram Sen eru færnisreglurnar tíu sem hún telur vera leið til þess að vinna að jafnrétti og ná fram mannréttindum minnihlutahópa. Af þessum tíu færnisreglum sem Nussbaum setur fram má sjá að nokkur atriði tengjast beint réttindabaráttu og frelsi kynverundarinnar. Nussbaum leggur áherslu á persónuleika og persónueinkenni manneskjunnar eins og tilfinningar og tengsl, líkamlega heilsu og heilindi. Nussbaum bendir á eins og komið hefur fram í alþjóðlegum skýrslum á vegum heilbrigðismála- og mannréttindastofnanna og samtaka að öll þessi atriði þurfi að vera til staðar svo manneskjan geti notið fullra lífsgæða. Frelsi einstaklingsins til að öðlast þessa færni er ekki eingöngu á ábyrgð einstaklingsins heldur eru það samfélagslegir og efnahagslegir þættir sem stjórna því líka. Hamingja einstaklingsins felst ekki endilega í auknum tekjum og auði, heldur felst hamingjan í gæðum lífsins sem samfélagið sem hann býr í býður upp á og frelsi sem einstaklingurinn hefur til að sækjast eftir grundvallar gildum sem færa honum fullnægjandi og þroskandi líf. Í þessu tel ég hugsjón Nussbaum með færnisreglum felast og þess vegna er færnisnálgunin með færnisreglum Nussbaum mikilvægt framlag í réttindabaráttu kynverundarinnar.

5.3 Kynferði/kynlíf og samfélagslegt réttlæti – Martha Nussbaum

Í bók sinni „Kynferði/kynlíf og samfélagslegt réttlæti“ (*Sex and Social Justice*) varpar Martha Nussbaum ljósi á þá staðreynd að hópar samfélagsins, til dæmis konur og samkynhneigðir, njóta ekki samfélagslegra grundvallarréttinda og máli sínu til stuðnings tekur hún fyrir dæmi bæði frá ríkjum þar sem konur hafa ekki lagaleg réttindi til að vera á vinnumarkaðnum og dæmi af konum sem þurfa að þola kynferðislegt ofbeldi í hjónabandi.¹⁸⁵ Þá ber hún einnig

¹⁸³ Sama rit, bls. 166.

¹⁸⁴ Sama rit, bls. 186.

¹⁸⁵ Martha C. Nussbaum, *Sex and Social Justice*, bls. 3–4.

saman ójafnrétti kvenna og samkynhneigðra en hinir síðarnefndu njóta til dæmis oft ekki sömu hjúskaparréttinda og annarra samfélags- og lagaréttinda og gagnkynhneigð þör svo eitthvað sé nefnt.¹⁸⁶ Allt eru þetta dæmi um það sem við teljum vera grundvallarréttindi manneskjunnar en samfélagið hefur átt erfitt með að viðurkenna réttindi minnihluta og jaðarhópa og hefur alltof oft byggt rök sín á þeim forsendum að eldri hefðir og gildi samfélagsins sýni ekki fordæmi fyrir slíkum réttindum. Nussbaum bendir á að mannvirðing felur vanalega í sér þá hugmynd að allar manneskjur séu jafnar að verðleikum hvort sem þær eru ríkar eða fátækar, koma úr borg eða sveit eru karlar og konur. Allir verðskulda jafna virðingu á þeirri forsendu að það felst í hugtakinu um mannhelgi manneskjunnar. Þess vegna telur hún að mannvirðingin eigi ekki að skerðast vegna persónueinkenna eða samfélagsstöðu manneskjunnar. Nussbaum segir að hugmyndin um jafnvirði manneskjunnar óháð stöðu, stétt og kyni sé oft tengd umræðunni um frelsi því ef virðing sé borin fyrir jafnvirði manneskjunnar eflist hæfni hennar til að móta líf sitt í samræmi við eigin óskir og gildi um það sem er henni mikilvægast í lífinu. Hún bendir á að því miður sé mannvirðingin þó oft ekki virt á grundvelli kynferðis og kynhneigðar og það sjáist til dæmis á því að fjöldi kvenna um allan heim lýði enn fyrir ójafnrétti þegar kemur að vinnu, líkamlegu öryggi, heilindum, grundvallarnæringu, heilsugæslu, menntun og pólitískri rödd. Í mörgum tilfellum er þetta mótlæti eingöngu tilkomið vegna kynferðis þeirra þar sem meðal annars stofnanir og lög ríkisins eiga sinn þátt í að viðhalda þessum ójöfnuði. Nussbaum veltir fyrir sér þeim fjölmörgu spurningum sem felast í mannvirðingunni og hvernig við getum dýpkað skilning okkar á kynferði og kynvitund í nútímasamfélagi og hvernig hin sögulega arfleifð hefur skapað óréttlæti í garð þessara minnihlutahópa með tortryggni, reiði og jafnvel hatri.¹⁸⁷

Nussbaum bendir á að áherslur hennar séu í raun ekki um konur heldur um manneskjuna og mikilvægi þess að konur séu metnar að fullu mennskar. Áherslan á konur er réttlæt看leg að hennar mati vegna þess að áriðandi vandamál steðji að konum í nútímasamfélagi og framkoma alþjóðasamfélagsins til þessara mála eru oft aumkunarverðar. Í því samhengi bendir hún á að enginn réttlætiskenning geti með trúverðugum hætti kallað sig slíka þegar einn hópur er valin fram yfir annan á forsendum kynferðis sem ræðst á tilviljunarkenndan hátt í fæðingarrétti¹⁸⁸ manneskjunnar.¹⁸⁹ Alþjóðlegar nálganir taka tillit til fjölbreytileika hinna

¹⁸⁶ Sama rit, bls. 15.

¹⁸⁷ Sama rit, bls. 5.

¹⁸⁸ Það er fæðingarréttur sérhverrar manneskju að njóta virðingar, frelsis og réttinda til jafns við alla aðra óháð kynferði, kynþætti og svo framvegis eins og kemur fram í fyrstu tveimur greinum Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna.

¹⁸⁹ Martha C. Nussbaum, *Sex and Social Justice*, bls. 9.

mismunandi samfélaga, hópa, menninga og hefða. Vandamál kynja- og kynhneigðarmisréttis, sem Nussbaum bendir á, eru vandamál á alþjóðavettvangi og þótt sum ríki séu langt komin þá eru eiga önnur ennþá mjög langt í land. Hún er sammála Mill sem taldi samfélög eiga erfitt með breytingar á þeim forsendum að hefðin segir að eitthvað sé rétt eða rangt, gott eða slæmt. Nussbaum bendir á að hefðir séu ekki ósveigjanlegar og ættu alls ekki að vera það, allra síst þegar þær snúast um það að mismuna einhverjum hóp samfélagsins og upphefja annan. Meirihlutaþingur samfélagsins hefur sterka rödd sem yfirgnæfir oft veikari rödd minnihlutaþingsins á opinberum vettvangi. Sumar raddir myndu eflaust hljóma öðruvísi ef þær byggju við aukið frelsi til tjáningar og upplýsingaflæði. Nussbaum telur að samfélagið þurfi að vera á varðbergi gagnvart þeim röddum sem tjá sig um málefni kvenna því að á flestum stöðum í heiminum er það karlmansröddin sem er ríkjandi og sú rödd þarf ekki að bera umhyggju fyrir þörfum og hagsmunum kvenna.¹⁹⁰ Frjálslyndisstefnan¹⁹¹ (e. *liberalism*) hefur oft verið gagnrýnd fyrir að veita markmiðum kvenfrelsisstefnunnar ekki nógu mikla athygli. Nussbaum kemur frjálslyndisstefnunni til varnar og segir stefnuna byggja á hugmyndinni um jafnvirði manneskjunnar á grundvelli frelisis manneskjunnar og það sé markmið í sjálfri sér. Það sé réttlætning þess að allir séu verðugir jafnrar umhyggju og virðingar. Nussbaum bendir á að frjálslyndisstefnan sé í kjarna sínum á móti valdi stigveldisins, í hvaða formi sem það birtist. Mikilvæg viðbót sem frjálslyndir femínistar leggja til stefnunnar er staðhæfing þeirra að kynferði eigi heima á listanum yfir siðferðislega óviðkomandi persónueinkennum. Þetta hefði að sjálfstöðu alltaf átt að vera hluti markmiðs frjálslyndisstefnunnar, að mati Nussbaum, og bætir við að enginn frjálslyndur hugsuður hafi sett fram sannfærandi rök sem réttlæta kúgun kvenna jafnframt því að vera í andstöðu við vald stigveldis og einveldis. Í gegnum tíðina hefur það þótt eðlilegt að konur væru lægra settar í samfélaginu og jafnrétti kynjanna einfaldlega hunsað í réttlætiskeningum. Af þeim sökum, segir Nussbaum, hefur verið mikið ósamræmi í hugmyndafræði frjálslyndu hefðarinnar um jafnvirði manneskjunnar á grundvelli kynferðis líkt og John Stuart Mill sýndi fram á með *Kúgun kvenna*. Það hefur tekið allt fram á okkar daga að sjá mikilvægar breytingar eiga sér stað á réttindum fjölskyldunnar og konunnar. Nussbaum er sammála því að frjálslyndisstefnan þurfi að beita sér meira fyrir jafnrétti kvenna. Jafnframt bendir hún á að stefnan leggi áherslu á gildi einstaklingsins fremur en heildarinnar og það sé jákvæð afstaða þegar kemur að kvenréttindum þar sem oft sé litið á gildi konunnar sem takmark annarra en sjálfrar sín. Nussbaum bendir á að frjálslyndisstefnan leggi áherslu á

¹⁹⁰ Sama rit, bls. 8.

¹⁹¹ Frjálslyndisstefnan er víðfeðmt hugtak en lýsir kjarna ýmsa stjórnmalakeninga og hugmynda um stjórnarfar sem beita sér fyrir frelsi og réttindum einstaklingsins. Flestar frjálslyndar stefnur leggja áherslu á tjáningarfrelsi, athafnarfrelsi og trúfrelsi svo eitthvað sé nefnt.

umhyggju og ást eins og öðrum tilfinningum en slíkar tilfinningar eigi að hluta til samfélagslegan uppruna sem þýði að vægi þeirra sé aðeins eins verðmætt, ef svo má segja, og samfélagsvenjur leggi í þær. Þetta skýrir ef til vill þá staðreynd að hlutverk kvenna sem uppalandur til dæmis, hafi rýrt gildi þeirra hlutverka sem konan hefur sinnt í ríkara mæli í gegnum tíðina.¹⁹² Nussbaum bendir á að frjálslyndisstefnan leggi áherslu á frelsi og val einstaklingsins. Hugmyndin um frelsi tengist jafnvirði og virðingu manneskjunnar og valfrelsið sem frjálslyndir stjórnáamenn ættu að vernda séu þau sem álitin eru mikilvægust til þróunar og tjáningar einstaklingsins. Að þessu leyti telur Nussbaum að frjálslyndisstefnan þurfi að beita sér betur í framsetningu hugmynda um grundvallar mannlega færni og hæfileika sem margir frjálslyndir hugsuðir í gegnum tíðina hefur skort, ef frjálslyndisstefnan vill á annað borð beita sér gegn rótfestingu óréttlætis og stigveldis. Markmiðið, að mati Nussbaum, ætti alltaf að vera að fólk hafi umboð yfir sjálfum sér og möguleika til að velja fyrir sjálft sig án þess að vera þröngvað í hlutverk sem álitin eru eftirsóknarverð af öðrum en einstaklingnum sjálfum. Nussbaum telur þessa hugmyndafræði ekki takmarkaða við vestræna hugmyndafræði heldur er *sjálfsumboðið* (e. *agency*) rótfest í þekktum hugmyndafræðum um allan heim um gleðina sem manneskja nýtur hafi hún tækifæri til að nota eigin líkama og vit.¹⁹³

Vegna hefðarvana telur Nussbaum að almennt sé ekki hægt að sækjast eftir kynjaréttlæti án þess að takmarka frelsi karlmannsins. Máli sínu til stuðnings vísar hún til laga sem enn eru við lýði í mörgum samfélögum þar sem eiginmaðurinn hefur rétt til að stunda kynlíf með eiginkonu sinni án hennar samþykkis. Þessi staðreynd er ekki svo fjarri okkar veruleika en finna má dæmi um slík lög í ákveðnum fylkjum Bandaríkjanna og því miður er þetta staðreynd víðar í samfélögum heimsins. Þetta dæmi notar Nussbaum til að útskýra hvernig aukið frelsi eins hóps kemur niður á frelsi annars, en Nussbaum telur að slík þróun sé yfirleitt jákvæð þegar það er í nafni jafnréttis.¹⁹⁴ Hún segir að það geti til dæmis ekki talist réttlátt að konur hafi ekki stjórn á eigin líkama því sjálfræði yfir eigin líkama ætti að sjálfsögðu einnig að eiga við innan hjónabandsins. Nussbaum bendir á að margar hugmyndafræðilegar hefðir um samfélagslegt réttlæti og grundvallarrétt hafi gert konur að annars flokks borgurum í þeim samfélögum þar sem þær hafa þá einhvern rétt! Frelsi kvenna, tækifæri, eignarréttur og pólitískur réttur hefur talist óæði rétti karlmannsins og venjur og hefðir hafa viðhaldið þeim

¹⁹² Martha C. Nussbaum, *Sex and Social Justice*, bls. 10.

¹⁹³ Sama rit, bls. 11.

¹⁹⁴ Martha C. Nussbaum, „Capabilities As Fundamental Entitlements: Sen and Social Justice“, *Feminist Economics*, 9/ 2003, bls. 33–59, hér bls. 45.

skoðunum sem réttmætum.¹⁹⁵ Í þessu samhengi vísar hún í kenningu John Stuart Mill sem taldi að eðli kynverundar kvenna og karla hefði mótast af langri hefð þar sem karlmaðurinn drottnaði yfir konunni og konan var undirgefin karlmanninum.¹⁹⁶ Hann var einnig meðvitaður um áhrif fjölskyldunar á mótun einstaklingsins þar sem hann taldi börnin læra góða og slæma hegðun af fjölskyldu sinni. Þá taldi hann drengi læra hroka og yfirgang gagnvart konunni strax í bernsku¹⁹⁷ þar sem þeir lærðu að réttlát dyggð karlmannsins væri að ráða yfir helmingi mannkyns.¹⁹⁸ Nussbaum telur að réttlætiskenningar hafi ekki tekið á öllum þeim málefnum sem eru aðkallandi fyrir konur, eins og málefni varðandi líkamleg heilindi konunnar, kynferðislegt ofbeldi og áreiti af öllu tagi.¹⁹⁹

Ég hef nú talið upp nokkur helstu atriði sem Nussbaum bendir á að hafi verið notuð sem rök fyrir því að konur eigi ekki að hafa jafnan rétt á við karlmenn en hún bendir einnig á mótrök. Þegar um málefni réttlætis kynjanna er að ræða telur hún færnisnálgunina vera bestu aðferðina innan frjálslyndistefnunnar að ná fram samfélagslegu réttlæti. Færnisreglulistinn er að hennar mati mikilvægt verkfæri til þess²⁰⁰ því færnisnálgunin og færnisreglurnar byggja á mannvirðingu og jafnvirði manneskjunnar þar sem litið er á hvern einstakling sem takmark í sjálfu sér og allar reglurnar eru samverkandi milli samfélagsins og einstaklingsins. Ef samfélagið vanrækir einn einstakling til að styðja annan verður að líta á það sem brot á réttlæti, segir Nussbaum²⁰¹ Tillaga hennar til lausnar er sú að innleiða færnisreglurnar í samfélagslegt stjórnarfar en þannig telur hún mögulegt að útrýma þáttum misréttis á grundvelli kynferðis og kynhneigðar.

5.4 Ályktanir

Í margar aldir hafa heimspekingar og aðrir hugsuðir velt fyrir sér eðli mannglegra tilfinninga, langanna og ánægju sem og hinni samfélagslegri tengingu þar á milli. Í dag er fólk að miklu leyti sammála því að tilfinningar séu að minnsta kosti að hluta til mótaðar af samfélagslegum hefðum og venjum. Þessi staðreynd gæti verið þýðingarmikil í réttindabaráttu kynjanna og kynverundarinnar því hún bendir til þess að eðli manneskjunnar sé ekki óbreytanlegt og leiðir

¹⁹⁵ Martha C. Nussbaum, *Sex and Social Justice*, bls.13.

¹⁹⁶ Sama rit, bls. 12.

¹⁹⁷ John Stuart Mill, *Kúgun kvenna*, bls. 233.

¹⁹⁸ „Hugleiðið það hverja þýðingu það hefur fyrir dreng að alast til fullorðins aldurs upp í þeirri trú að þótt hann sjálfur vinni eigi neitt til þess, þótt hann sjálfur fái engu afrekað, meira að segja þótt hann sé hið vesælasta og atkvæðaminna eða hið heimskasta og fáfróðasta eintak af manni, þá er hann þó samkvæmt fæðingunni einni yfir helming mannkynsins gefin undantekningarlaust.“ John Stuart Mill, *Kúgun kvenna*, bls. 230.

¹⁹⁹ Martha C. Nussbaum, „Capabilities As Fundamental Entitlements: Sen and Social Justice“, bls. 48.

²⁰⁰ Sama rit, bls. 50.

²⁰¹ Sama rit, bls. 40.

okkur þá að þeirri staðreynd að ekki sé hægt að rökræða hefðbundin fjölskyldumynstur á grundvelli þess að það liggi í eðli manneskjunnar að taka að sér ákveðin hlutverk. Til dæmis konur sem eru hræddar, kúgaðar og öðrum háðar gætu verið það vegna samfélagslegrar mótunar eða drottnunargirni karlmannsins sem hefur verið skrifuð á eðli karlmannsins til árásarhneigðar og samfélagið virðist hafa veitt karlmönnum þögult samþykki til að mynda og tjá slík viðhorf. Heimspekihefðir hafa einnig gefið til kynna að djúpstæður erótískur eiginleiki manneskjunnar gæti falið í sér samfélagslega lærða þætti. Allar þessar nýju upplýsingar sem við höfum um manneskjuna eru jákvæðar hvað varðar réttindabaráttu kynverundarinnar. Vegna þessara staðreynda er ekki óraunhægt að ímynda sér menningu þar sem kynferðisleg löngun karlanna til kvenna verði laus við yfirráð og stjórn og kynverund kvenna verði laus við ótta og tortryggni.

Í þessum hluta hefur verið farið yfir nokkrar réttlætiskenningar sem allar eiga rætur sínar að rekja til frjálslyndisstefnunnar og byggja á arfleifð John Stuart Mill með rætur allt aftur til forn-grísku heimspekinganna. Rawls, Nussbaum og Sen leggja öll áherslu á jafnan rétt allra til frelsis og grundvallarréttinda. Færnisnálgunin, sem mest hefur verið til umræðu í köflunum hér að ofan, er gagnlegt verkfæri til að vinna að jafnrétti og réttindum minnihlutahópa.

Aðferð færnisnálgunarinnar byggir á mannvirðingu og jafnvirði manneskjunnar þar sem litið er á hvern einstakling sem takmark í sjálfum sér eins og mannréttindasáttmálar fela í sér. Færnisnálgunin tengir saman frelsi og réttlæti þar sem áhersla er lögð á færni og tækifæri manneskjunnar til þess að sækjast eftir því sem hún telur vera eftirsóknarvert í lífi sínu. Hluti kynverundar er sagður felast í þeim mannlega þætti sem sérhver manneskja, hver svo sem kynhneigð eða kynvitund hennar er, sækist eftir en það er að leita ástar, tengsla, hlýju og nándar við aðra manneskju. Þessir þættir teljast til grunnþarfa manneskjunnar til þess að upplifa tilfinningalega vellíðan og þess vegna ætti kynverundarþáttur manneskjunnar ekki að vera aðgreind frá öðrum þáttum mannlegs lífs sem teljast til grunnþarfa og veita manneskjunni tækifæri sem henni þykja eftirsóknarverð. Þannig kallast færnisnálgunin og réttindabaráttu kynverundarinnar á. Réttindabaráttu kynverundarinnar felst í stuðningi alþjóðasamfélagsins til að virða og viðurkenna kynverundarréttindi sem hluta mannréttinda á þeirri forsendu að Mannréttindayfirlýsingin leggur áherslu á jafna kröfu allra manneskja til virðingar, réttlætis og frelsis.

6 Lokaniðurstöður

Í upphafi ritgerðarinnar setti ég fram markmiðið að varpa ljósi á með hvaða móti kynverund tengist frelsi og mannréttindum eins og víða er haldið fram og jafnframt mikilvægi þess að hver manneskja fái að upplifa sig sem fullgildan þegn í samfélaginu, eins og hún er.

Ritgerðin byrjaði á því að farið var yfir kynverundarhugtakið í sögulegu samhengi. Þar kom fram að í tímans rás hafa þættir kynverundarinnar, eins og ást og kynferðisleg þrá, verið talin ógn við samfélagslega reglu allt til okkar tíma. Aðaláhersla hefur verið lögð á fjölgunarþátt kynverundarinnar en með aukinni þekkingu á fjölbreytileika kynverundarinnar og mikilvægi hennar fyrir sérhverja manneskju hefur umræðan um kynverund breyst, hún er opnari og opinberari en nokkurn tímann áður, sérstaklega á Vesturlöndum. Þetta má þakka réttindabaráttu kvenna fyrir frelsi frá gömlum hefðum og gildum sem og baráttu hinsegin fólks.

Í kaflanum var einnig bent á að kynferðisleg ánægja stuðli að hamingju einstaklingsins og vellíðan og sé þar af leiðandi mikilvægur hluti af þróun manneskjunnar og þróunar jákvæðrar sjálfsmyndar sem fólk öðlast í nánnum samböndum við aðra manneskju. Kynheilbrigði felur í sér bæði andlegt og líkamlegt heilbrigði því kynverund felst í bæði veru og vitund manneskjunnar. Það er því mikilvægt fyrir almennt heilbrigði manneskjunnar að hún sé viðurkennd fyrir það sem hún er. Markmið skýrslunnanna sem notaðar voru í þessum hluta hafa allar Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi, þar sem áhersla er lögð á *rétt, mannhelgi* og *virðingu*. Markmið þeirra er að vera leiðandi og til leiðbeiningar á alþjóðavettvangi í eflingu kynverundarréttinda sem grundvallarmannréttinda. Þá er einnig von skýrsluhöfunda að aukin þekking og fræðsla á kynverundinni og réttindum hennar leiði til útrýmingar á fordómum og ofbeldi sem fylgir þekkingarleysi á málefninu.

Í þriðja kafla ritgerðarinnar var farið yfir fyrstu greinar Mannréttindayfirlýsingarinnar en þar kemur fram að allar manneskjur séu bornar frjálsar og jafnar öðrum í virðingu og réttindum. Allar manneskjur eiga kröfu á réttindum þeim og frelsi sem yfirlýsingin felur í sér og hver og einn einstaklingur á rétt til lífs, frelsis og mannhelgi. Mannréttindayfirlýsingin felur í sér að líf sérhvers einstaklings hafi sama virði og gildi og líf allra annarra. Það felur í sér áherslu á jöfnuð og jafnframt óhlutdrægni þar sem hlutur eins manns er ekki tekinn fram yfir hlut annars eftir geðþótta. Ákvæði Mannréttindayfirlýsingarinnar gefa ekki svigrúm fyrir mismunun á réttlæti og frelsi manneskjunnar. Jöfnuður og óhlutdrægni eru grundvallaratriði í öllum mannréttindasáttmálum vegna þess að mismunun í allri sinni mynd er siðferðilega

rangur, mismunun byggist ekki á réttmætum rökum ásamt því að vera brot á alþjóðlegum mannréttindalögum.

Í fjórða kafla ritgerðinnar var farið yfir þróun frelsishugtaksins í sögulegu samhengi frá forngríska borgríkjasamfélaginu til okkar tíma. Heimildirnar sem notaðar voru vörpuðu ljósi á þá staðreynd að frelsi einstaklingsins í sögulegu samhengi hafi óumflýjanlega verið veitt og skorðað af samfélagslegum, pólitískum og efnahagslegum tækifærum sem aðgengileg hafa verið einstaklingnum innan þess samfélags sem hann býr í. Ákveðnir hópar hafa haft meira frelsi, á meðan aðrir hafa haft takmarkað frelsi til athafna, tjáningar og tækifæra.

Stjórnspekin og guðfræðin hafa í gegnum tíðina varað manneskjuna við því að láta stjórnast af tilfinningum sínum, þrá og löngunum á þeim forsendum að slíkt leiði til ófrelsis hennar. Hræðsla stjórnvaldsins í gegnum tíðina hefur þó að öllum líkindum falist í því að ef manneskjan láti stjórnast af hvötum sínum og tilfinningum gæti það leitt til stjórnleysis og ójafnvægis á stjórnarformi ríkisins. Samfélagslegar aðferðir eins og „hefðarvaninn“ hefur verið notaður sem rök gegn því að breyta samfélagslegu fyrirkomulagi í þeim tilgangi að hafa stjórn á þegnum samfélagsins með því að reyna að bæla niður eðli og hneigðir manneskjunnar. Þegar við tölum um frelsi erum við yfirleitt að tala um tækifæri sem manneskjan hefur til þess að sækjast eftir því sem hún telur eftirsóknarvert í lífinu. Í því felst frelsisregla Mills sem kveður á um að það sé mikilvægt fyrir hvern einstakling að fá sitt rými til þess að þroskast og dafna á þann hátt sem hann telur sjálfum sér vera fyrir bestu og að hver einstaklingur fái að bera ábyrgð á sjálfum sér, sem hann taldi að myndi leiða til hamingju einstaklingsins og þar af leiðandi til jákvæðrar þróunar í farsæld samfélagsins alls. Ef manneskjan hefur frelsi og tækifæri til að gera það sem samfélagið krefur hana um ýtir það jafnframt undir skyldu einstaklingsins að íhuga hvort það sé eitthvað sem hún vill eða vill ekki gera, í því felst einstaklingsábyrgðin. Í þessum skilningi er frelsi bæði nauðsynlegt og fullnægjandi fyrir ábyrgð manneskjunnar.

Í stjórnspeki samtímans felst raunverulegt frelsi manneskjunnar í hæfni hennar til að gera þá hluti sem hún telur eftirsóknarverða og einnig að fá tækifæri til þess að sækjast eftir þeim hlutum. Nálgun til réttlætis og mannþróunar kemst ekki hjá því að skoða raunverulegt frelsi í ljósi einstaklingsfrelsis og dómgreindar manneskjunnar. Einstaklingsfrelsið er því einhverskonar samfélagssáttmáli þar sem fullorðinn einstaklingur hefur stjórn á eigin vellíðan þar sem hann ákveður sjálfur hvernig hann notar tækifærin sem honum gefast í lífinu.

Í fimmta kafla ritgerðinnar voru réttlætiskenningar samtímans rannsakaðar í þeim tilgangi að varpa ljósi á framlag þeirra til réttindabaráttu kynverundarinnar. Hér var farið yfir réttlætiskenningar Rawls, Nussbaum og Sen sem öll leggja áherslu á jafnan rétt allra til frelsis og grundvallarréttinda. Varpað var ljósi á gagnsemi færnisnálgunarinnar sem verkfæri til að vinna að jafnrétti og réttindum minnihluta- og jaðarhópa.

Aðferð færnisnálgunarinnar byggir á mannvirðingu og jafnvirði manneskjunnar þar sem litið er á hvern einstakling sem takmark í sjálfum sér eins og mannréttindasáttmálar fela í sér. Færnisnálgunin tengir saman frelsi og réttlæti þar sem áhersla er lögð á færni og tækifæri manneskjunnar til þess að sækjast eftir því sem hún telur vera eftirsóknarvert í lífi sínu. Hluti kynverundar er sagður felast í þeim mannlega þætti sem sérhver manneskja, hver svo sem kynhneigð eða kynvitund hennar er, hefur þörf fyrir til dæmis ást, tengsl, hlýju og nánd við aðra manneskju. Þessir þættir teljast til grunnþarfa manneskjunnar til þess að upplifa tilfinningalega vellíðan og þess vegna ætti kynverundarþáttur manneskjunnar ekki að vera aðgreind frá öðrum þáttum mannlegs lífs sem teljast til grunnþarfa og veita manneskjunnar tækifæri sem henni þykja eftirsóknarvert. Þannig kallast færnisnálgunin og réttindabarátta kynverundarinnar á. Réttindabarátta kynverundarinnar felst í stuðningi alþjóðasamfélagsins til að virða og viðurkenna kynverundarréttindi sem hluta mannréttinda á þeirri forsendu að Mannréttindayfirlýsingin leggur áherslu á jafna kröfu allra manneskja til virðingar, réttlætis og frelsis.

Gildi frelsisins hefur verið baráttumál í margar aldir þar sem frelsishugmyndir hafa breyst og mótast og er svo komið að hugtökin frelsi og réttur eru oft tengd í sömu setningu. Þegar við metum líf okkar í dag höfum við ástæðu til að því ekki aðeins fyrir okkur hvernig lífi við viljum lifa heldur einnig hvaða frelsi við höfum til að velja á milli mismunandi lífshátta. Margir eru svo heppnir að hafa bæði frelsi og val til þess að verða og gera það sem þeim finnst gefa lífi sínu mest gildi, en tækifærunum til að sækjast eftir þessum gildum í lífinu er því miður ennþá misskipt. Það er mikilvægur hluti mannhelginnar að einstaklingurinn upplifi sig sem fullgildan þegn í samfélaginu og hafi sjálfræði yfir eigin lífi og svigrúm til að sækjast eftir því sem hann telur eftirsóknarvert í lífinu. Það felur einnig í sér samfélagslega viðurkenningu og umburðarlyndi. Samfélagsleg ábyrgð og skylda sérhverrar manneskju, sem er hluti af samfélagi í víðara samhengi, felst í því að virða jafnan rétt náunga síns og skapa forsendur til þess að hver og ein manneskja hafi tækifæri til að sækjast eftir því sem hún telur eftirsóknarvert í lífinu. Hver og ein manneskja á rétt á sjálfræði og frelsi yfir eigin lífi, í hugsun og verki á jöfnum grundvelli við aðrar manneskjur. Séu þessi atriði ekki virt af samfélaginu getur manneskjan ekki talist frjáls.

Heimildaskrá

Arendt, Hannah. „What is freedom?“, *Between Past and Future. Eight Exercises in Political Thought*, New York: Penguin Books, bls. 142-169, 1977.

Aristóteles, *The Politics of Aristotle: Translated, with introduction, analysis, and notes*, Þýð. Peter L. Phillips Simpson, The University of North Carolina Press, 2007.

Aristóteles, *Síðfræði Nikomakkosar*, þýð. Svavar Hrafn Svavarsson, Reykjavík: Hið Íslenska bókmenntafélag, 1995.

Ágústínus, *Confessions – I-II*, þýð. William Watts, Cambridge: Harvard University Press, 1979.

Clark, Elizabeth, *St. Augustine on Marriage and Sexuality*, Washington, D.C: The Catholic University of America Press, 1996.

Corrêa, Sonia; Petchesky, Rosalind; Parker, Richard, *Sexuality, Health and Human Rights*, New York: Routledge, 2008.

Fitzgerald, Allan D.O.S.A (ritstjóri), *Augustine through the Ages. An Encyclopedia*, Cambridge: William B. Eerdmans Publishing Company, 1999.

Hansen, Mogens Herman, „Democratic Freedom and the Concept of Freedom in Plato and Aristotle“, *Greek, Roman, and Byzantine Studies*, 50/2010, bls. 1–27.

Louw, Johannes P; Nida, Eugene, *Greek-English Lexicon. Based on Semantic Domains Vol 1*, New York: United Bible Societies, 1988.

Mill, John Stuart, *Frelsið*, þýð. Jón Hnefill Aðalsteinsson, Þorsteinn Gylfason, Reykjavík: Hið Íslenska bókmenntafélag, 2009.

Mill, John Stuart, *Kúgun kvenna*, þýð. Sigurður Jónasson, Reykjavík: Hið Íslenska bókmenntafélag, 2003.

Mill, John Stuart, *Nytjastefnan*, þýð. Gunnar Ragnarsson, Reykjavík: Hið Íslenska bókmenntafélag, 1998.

Nussbaum, Martha C, *Creating Capabilities. The Human Development Approach*, Cambridge: The Belknap Press Of Harvard University Press, 2011.

Nussbaum, Martha C, *Sex and Social Justice*, New York: Oxford University Press, 1999.

Nussbaum, Martha C, „Capabilities as Fundamental Entitlements: Sen and Social Justice“, *Feminist Economics*, 9/2003, bls. 33–59.

Ólafur Páll Jónsson. „Sjálfstæði, frelsi og lífskjör“, *Glíman*, 2011, bls. 121-136.

Parrinder, Geoffrey, *Sex in the World's Religions*, London: A Sheldon Press Book, 1980.

Platón. *Ríkið - fyrra og seinna bindi*, þýð. Eyjólfur Kjalar Emilsson, Reykjavík: Hið Íslenska bókmenntafélag, 2009.

Platón, *Samdrykkjan*, þýð. Eyjólfur Kjalar Emilsson, Reykjavík: Hið Íslenska bókmenntafélag, 1999.

Rachels, James, *Stefnur og straumar í siðfræði*, þýð. Jón Á. Kalmansson, Reykjavík: Siðfræðistofnun/Háskólaútgáfan, 1997.

Raisanen, Heikki, *The Rise of Christian Beliefs: The Thought World of Early Christians*, Minneapolis: Fortress Press, 2010.

Rawls, John, *A Theory of Justice. Revised Edition*, Cambridge: The Belknap Press of Harvard University Press, 1999.

Richardson, Diane, „Constructing sexual citizenship: Theorizing sexual rights“, *Critical Social Policy*, Bindi 20, 2/ 2000, bls. 105–135.

Sandra Lyngdorf, Kolbrún Birna Árdal, Erna Sif Jónsdóttir, Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, „Réttindi transgender fólks á Íslandi“, *Ritröð Mannréttindaskrifstofu Íslands*, rit nr. 9 2012.

Sen, Amartya, *The Idea of Justice*, Cambridge: The Belknap Press, 2009.

Sigurjón Árni Eyjólfsson, „Fyrirgefningin í kristinni hefð“, *Glíman*, 5/2008, bls. 237-269.

Skirbekk, Gunnar; Gilje, Nils, *Heimspekisaga*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999.

Sóley S. Bender, „Kynlífsheilbrigði: Frá þögn til þekkingar“, *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 4/2006, bls. 46–50.

Sólveig Anna Bóasdóttir. *Ást, kynlíf og hjónaband*. Reykjavík: Salka, 2008.

Sólveig Anna Bóasdóttir, „Mannréttindi og heilsa“, *Ritröð Guðfræðistofnunar*, 2007, bls. 65-87.

Sólveig Anna Bóasdóttir, „Kristinn mannskilningur - Kynverund – kynheilsa - kynverundarréttindi“, *Ritröð Guðfræðistofnunar*, 24/2007, bls 237–254.

Stump, Elenore; Kretzmann, Norman, *The Cambridge Companion to Augustine*, Cambridge: Cambridge University Press, 2001.

Vilhjálmur Árnason, *Broddflugur - Siðferðilegar ádeilur og samfélagsgagnrýni*, Reykjavík: Siðfræðistofnun/Háskólaútgáfan, 1997.

Alþjóðlegar skýrslur um kynverundarréttindi og kynverundarheilbrigði:

Yogyakarta Principles - Principles on the Application of International Human Rights Law in Relation to Sexual Orientation and Gender Identity, 2007.

Promotion of Sexual Health - Recommendations for Action, Antigua Guatemala: Pan American Health Organization (PAHO)/ World Health Organization (WHO)/World Association of Sexology (WAS), 2000.

Sexual Health for the Millenium - A Declaration and Technical Document, Minneapolis: World Association for Sexual Health, 2008.

Sex Politics – Reports from the Front lines, Sexuality Policy Watch (SPW), 2007.

Rafrænar heimildir:

„Hvað er eðlishyggja?“ *Mennta- og menningarmálaráðuneytið*, 5.3.2010, sótt 28.8.2013 af http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Kynogjafnretti-5_mars2010.pdf. bls. 4.

„Hvað er mótunarhyggja?“ *Mennta- og menningarmálaráðuneytið*, 5.3.2010, sótt 28.8.2013 af http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Kynogjafnretti-5_mars2010.pdf. bls 6.

„California law protects rights of transgender students“, *breska veffréttastofan BBC* 13.8.2013, sótt 28.8.2013 af <http://www.bbc.co.uk/news/world-us-canada-23677492>.

„Hinsegin hjónabönd um allan heim“, *veffréttastofa Morgunblaðsins MBL* 17.7.2013, sótt 28.8.2013 af http://www.mbl.is/frettir/erlent/2013/07/17/hinsegin_hjonabond_um_allan_heim/.

Bretland: „Drottningin staðfesti hinsegin lög“, *veffréttastofa Morgunblaðsins MBL* 17.7.2013, sótt 28.8.2013 af http://www.mbl.is/frettir/erlent/2013/07/17/drottningin_stadfesti_hinsegin_log/.

Bandaríkin: „Hjónabönd samkynhneigðra í hæstarétti BNA“, *veffréttastofa Ríkisútlvarpsins RÚV* 26.3.2013, sótt 28.8.2013 af <http://www.ruv.is/frett/hjonabond-samkynhneigdra-i-haestaretti-bna>.

Sigríður Þorgeirsdóttir, „Hverjar eru hugmyndir Platons um eðli og hlutverk karla og kvenna?“, *Vísindavefurinn*, 20.12.2002, sótt 28.8.2013 af <http://visindavefur.is/svar.php?id=2974>.

Geir Þ. Þórarinsson, „Getur eitthvað verið eðlilegt án þess að eitthvað annað sé óeðlilegt?“, *Vísindavefurinn*, 14.7.2008, sótt 28.8.2013 af <http://visindavefur.is/svar.php?id=30883>.

Ólafur Páll Jónsson, „Hvað eru mannréttindi?“, *Vísindavefurinn*, 3.6.2002, sótt 28.8.2013 af <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=2453>.

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna: *Mannréttindaskrifstofa Íslands*, 10.12.2008, sótt 28.8.2013 af <http://www.humanrights.is/log-og-samningar/mannrettindasamningar/sameinudu-tjodirnar/Undirflokkur/>.

„Hvað eru mannréttindi?“, *Mannréttindaskrifstofa Íslands*, 23.7.2013, sótt 28.8.2013 af <http://www.humanrights.is/spurt-og-svarad/hvad-eru-mannrettindi/>.

Mannréttindasamningar: *Mannréttindaskrifstofa Íslands*, sótt 28.8.2013 af <http://www.humanrights.is/log-og-samningar/mannrettindasamningar/>.

Alþjóðasamningar um borgaraleg og stjórnámálaleg réttindi: *Mannréttindaskrifstofa Íslands*, sótt 28.8.2013 af <http://www.humanrights.is/log-og-samningar/mannrettindasamningar/sameinudu-tjodirnar/ccpr/>

Tilvísanir í námsritgerðir af skemmuni:

Súsanna Oddsdóttir, Viktoría Sigtryggisdóttir, „Við höfum sömu tilfinningar, þarfir og þrár – lífssögurannsókn um kynverund þroskahamlaðra ungmenna“, *Skemman*, 27.6.2011, sótt 28.8.2013 af <http://skemman.is/item/view/1946/9505>

María Jónsdóttir, „Kynverund fólks með þroskahömlun: Rannsókn um kynfræðslu“, *Skemman*, 21.5. 2010, sótt 28.8.2013 af <http://skemman.is/item/view/1946/5359>